

Aðalskipulag Reykhólahrepps 2022-2034



Umhverfismatsskýrsla

Aðalskipulag Reykhólahrepps 2022-2034

Umhverfismatsskýrsla



www.alta.is

A1394-065-U09

1 Inngangur	3
2 Aðalskipulagstillaga	4
2.1 Forsendur	4
2.2 Helstu breytingar frá fyrra aðalskipulagi	4
3 Nálgun við matið	8
3.1 Umhverfisþættir og umhverfisviðmið	8
3.2 Stefna og áætlanir tengdar aðalskipulagsgerð	8
3.3 Umhverfisviðmið	14
4 Umhverfismat	18
4.1 Vinnsla og framsetning	18
4.2 Berggrunnur	18
4.2 Jarðvegur	19
4.3 Yfirborðsvatn	19
4.4 Grunnvatn	20
4.5 Jarðhiti	21
4.6 Sjór	22
4.7 Loft og veðurfar	22
4.8 Gróður	24
4.9 Lífríki	26
4.10 Landslag	29
4.11 Menningarminjar	31
4.12 Sögur og sagnir	33
4.13 Mannauður og búseta	34
4.14 Samfélagsþjónusta	37
4.15 Atvinnulíf	37
4.16 Stofnkerfi	40
4.17 Vindorkugarður á Garpsdalsfjalli	42
4.18 Heildaráhrif aðalskipulagstillögu	69

1 Inngangur

Í þessari skýrslu er gerð grein fyrir umhverfismati tillögu að Aðalskipulagi Reykhólahrepps 2022-2034, í samræmi við lög um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021. Umhverfismatsskýrslan er fylgiskjal með aðalskipulagstillögunni sem er sett fram í skipulagsgreinargerð og á fimm skipulagsupphráttum.

Tilgangur umhverfismats er að stuðla að því að tekið sé tillit til umhverfissjónarmiða og stuðlað að sjálfbærri þróun við stefnumótun og áætlanagerð.

Stefnumótun aðalskipulags snýr að landnotkun, byggðapróun, byggðarmynstri, samgöngu- og þjónustukerfum og umhverfismálum í sveitarfélaginu. Mat á aðalskipulagsstigi er fremur almennt í samræmi við þá almennu stefnu sem sett er fram á því skipulagsstigi til nánari útfærslu við deiliskipulagsgerð og hönnun. Nánara mat fer fram á deiliskipulagsstigi og framkvæmdastigi eftir því sem við á.

Um fjöllum um vindorkugarð í Garpsdal í kafla 4.17 miðar við að ráðherra staðfesti aðalskipulagsbreytingu sem Skipulagsstofnun hefur vísað til hans, sbr. bréf Skipulagsstofnunar dags. 10.12.2021.

Umhverfismatsskýrslan var auglýst með tillögu aðalskipulags í sex vikur í samræmi við 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og 15. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021 og gafst íbúum og öðrum hagaðilum á tækifæri til að kynna sér gögnin og senda inn ábendingar innan 6 vikna frá birtingu auglýsingar.

2 Aðalskipulagstillaga

2.1 Forsendur

Í tillögu að nýju aðalskipulagi Reykhólahrepps er sett fram framtíðarsýn fyrir sveitarfélagið í heild og meginmarkmið fyrir níu meginviðfangsefni sem eru:

- Búseta og byggðarmynstur
- Vistkerfi og auðlindir
- Atvinnustarfsemi
- Samfélagsþjónusta og menningarlíf
- Landslag og lífríki
- Útivist og afþreying
- Samgöngur
- Veitukerfi
- Náttúruvá

Meginmarkmiðin eru útfærð með markmiðum fyrir undirviðfangsefni sem aftur eru útfærð með skipulagsákvæðum fyrir svæði út frá þeim landnotkunarflokkum sem skilgreindir eru í skipulagsreglugerð. Ákvæðin eru sett fram sem almennir skilmálar fyrir tiltekinn landnotkunarflokk og/eða sem sértækir skilmálar fyrir einstök svæði. Í samræmi við þessa uppbyggingu eru meginhlutar skipulagsgreinargerðar þessir:

- **Inngangur:** Um hlutverk aðalskipulags, viðfangsefni og áherslur endurskoðunar og skipulagsgögn (kafli 1).
- **Skipulagssvæðið:** Um staðhætti, mörk og samhengi við fyrirliggjandi stefnu (kafli 2).
- **Framtíðarsýn:** Um heildarsýn á allt sveitarfélagið til lengri tíma litið (kafli 4).
- **Stefna og skilmálar:** Um forsendur og stefnu fyrir viðfangsefni og landnotkunarákvæði við viðeigandi landnotkunarflokka (kaflar 4-12).
- **Umhverfismat:** Samantekt um umhverfismat skipulagstillögunnar (kafli 13). Sjálf umhverfismatsskýrslan er fylgiskjal með tillögunni.

2.2 Helstu breytingar frá fyrra aðalskipulagi

Í tillögu að nýju aðalskipulagi eru helstu breytingar frá fyrra aðalskipulagi þessar:

Framtíðarsýn og leiðarljós

Sett er fram framtíðarsýn og leiðarljós sem tekur mið af svæðisskipulagi Dalabyggðar, Reykhólahrepps og Strandabyggðar sem tók gildi árið 2018.

Almennt

Við endurskoðun aðalskipulagsins hafa afmarkanir á uppdrætti og skipulagsákvæði verið yfirfarin. Flest atriði hafa breyst á einhvern hátt, oftast með nákvæmari afmörkun, skýrari ákvæðum án þess að um verulega stefnubreytingu sé að ræða.

Breytingar af þessu tagi er einkum eftirfarandi:

- Breytt afmörkun reita til samræmis við lóðamörk, mörk deiliskipulags, ýmsa staðhætti o.þ.h. Einnig hefur mörkum reita verið breytt til að ná fram eðlilegri samfellu í reitaskiptingunni. Nefna má sérstaklega að neðri mörk landbúnaðarlands eru látin ná niður að strandlínu. Mörk óbyggðra svæða í Flatey eru einnig látin ná niður að strandlínu.

Próun byggðar

- Í tillöggunni er lögð áhersla að styrkja þorpið svo til verði heildstæður bær með tíð og tíma. Í þeim tilgangi eru sett fram markmið um að mótuð verði skýrt afmörkuð og vel hirt rými sem til samans, með lágreistri og samfelldri byggð og landslagssérkennum, skapa fallega bæjarmynd Reykhóla. Lögð er áhersla á að skipulag skapi góða umgjörð fyrir samfélagsþjónustu, menningarlíf og útivist innan og í grennd þorpsins. Mörk þéttbýlis eru dregin með hliðsjón af þessum áherslum. Uppbygging frístundabyggðar, sem gjarnan hefur annað yfirbragð en eiginlegir bæir, innan þéttbýlismarka er ekki talin styðja við framangreinda stefnu og talið er ákjósanlegra að frístundabyggð byggist upp utan þorpsins á einstökum býlum.
- Í fyrra aðalskipulagi var fjallað um framtíðaríbúðarsvæði vestan við Karlseyjarveg, á milli Vesturbrautar og flugvallar og gert ráð fyrir að til lengri tíma litið muni íbúðarbyggð þróast til norðurs í góðum tengslum við miðlæg þjónustu- og útivistarsvæði. Ástæða þykir til að halda í þessa sýn í nýju aðalskipulagi og er því skilgreint íbúðarsvæði fyrir blandaða byggð á reitnum.
- Sett er fram stefna um að uppbygging skilgreindra íbúðarsvæða takmarkist við þéttbýli en áfram er gert ráð fyrir að reisa megi stök íbúðarhús á landbúnaðarsvæðum í dreifbýli og svigrúm er einnig fyrir nýtt íbúðarhúsnæði í Bjarkalundi og Króksfjarðarnesi, sbr. hér neðar.
- Settir eru fram sveigjanlegri skilmálar fyrir íbúðarsvæði á Reykhólum til að stuðla að aukinni fjölbreytni húsagerða þar.
- Til að endurspegla betur þá starfsemi eða landnotkun sem er í Bjarkalundi, er verslun og þjónusta skilgreind sem aðallandnotkun en settir skilmálar um að íbúðarhús og frístundahús séu heimili á svæðinu skv. útfærslu í deiliskipulagi. Landnotkunarflokkarnir íbúðarsvæði og frístundabyggð eru því teknir út.
- Skilgreind eru nokkur ný frístundabyggðarsvæði samkvæmt óskum landeigenda. Eftir auglýsingu aðalskipulagstillögunnar var bætt inn tveimur frístundabyggðarsvæðum, F-40 og F-42, skv. Óskum landeigenda. Breytingin var kynnt hagsmunaaðilum og gefinn var 4 vikna athugasemdafrestur. Engar athugasemdir bárust. Sjá fundargerðir nefndar og sveitarstjórnar í desember 2022 og janúar og febrúar 2023.
- Til að auka sveigjanleika aðalskipulags hefur heimill fjöldi frístundahúsa á tilteknum reitum verið aukinn lítillega.
- Á verslunar- og þjónustusvæði á Króksfjarðarnesi, ofan Þjóðveggar, er bætt inn heimild fyrir frístundahús og íbúðarhús til að skilgreining nái til þeirra húsa sem þar eru fyrir og til að auka sveigjanleika aðalskipulags.
- Skilmálar verndarsvæðis í byggð fyrir Þorpið í Flatey hafa verið teknir upp í sérskilmála frístundabyggðar í Þorpinu.
- Verslunar- og þjónustusvæði í Flatey hefur verið fellt út, en sett inn heimild fyrir þeim hótél- og veitingarekstri sem fyrir er á svæðinu innan frístundabyggðarinnar í Þorpinu.
- Sett er fram nánari skilgreining á hlutverki opinna svæða í þéttbýli.
- Sett er fram stefna um að skapa skjól með trjárækt og öðrum gróðri og bæta aðstæður til útivistar á Reykhólum.

Atvinnuþróun og auðlindanýting

- Meginuppbyggingu atvinnustarfsemi er beint í þéttbýli, en sett er fram stefna sem styður við aukabúgreinar á landbúnaðarsvæðum.
- Hnykkt er á stefnu og skilmálum um landbúnaðarland. Sett er markmið um að því að sveigjanleiki sé til að stunda aukabúgreinar á landbúnaðarsvæðum. Í tillöggunni er gert ráð fyrir svigrúmi til að stunda margvíslegar aukabúgreinar á landbúnaðarsvæðum, innan tiltekinna tilgreindra marka.

- Skilgreindar eru málsmeðferðarreglur og viðmið um skógrækt á landbúnaðarsvæðum og efnistöku.
- Landbúnaðarland er grófflokkað m.t.t. þess hve vel landið hentar til akuryrkju skv. leiðbeiningum atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins. Í almennum skilmálum fyrir landbúnaðarland er áskilið að þar sem framkvæmdir eru fyrirhugaðar verði metið hve vel land hentar til akuryrkju í samræmi við leiðbeiningarnar og þess verði gætt að gott akuryrkjuland spillist ekki á óafturkræfan hátt að óþörfu.
- Mörkuð er stefna um orkuvinnslu, þ.m.t. vindorku. Hnykkt er á stefnu um aukna nýtingu jarðhita. Aðalskipulagstillagan gerir ráð fyrir uppbyggingu vindorkugarðs á Garpsdalsfjalli, í landi Garpsdals. Skilgreint er iðnaðarsvæði þarf sem áformað er að reisa vindmyllur til raforkuframleiðslu með allt að 89 MW uppsettu afli með það að markmiði að auka framboð á raforku í sveitarfélaginu, fjölga atvinnutækifærum og styrkja sveitarfélagið sem framtíðarþúsetukost. Stærð iðnaðarsvæðisins er um 4,37 km². Áætlað er að innan svæðisins verði allt að 21 vindmylla, safnstöð raforku, aðkomuvegur og vegir innan svæðis, jarðstrengur auk athafnasvæðis verktaka. Virkjunarkosturinn er ekki í gildandi rammaáætlun og í samræmi við skipulagsreglugerð og lög um verndar- og orkunýtingaráætlun nr. 48/2011 er iðnaðarsvæðið skilgreint sem varúðarsvæði í aðalskipulagi, sbr. Einnig ákvæði n-liðar gr. 4.3.1. og gr. 4.5.3 reglugerðarinnar um samræmi skipulags og rammaáætlunar og framsetningu skipulagsuppdráttar. Settar eru kvaðir sem lúta að takmörkunum um nýtingu svæðisins.
- Athafnasvæði við Suðurbraut á Reykhólum er stækkað til suðurs, en þar er svigrúm er fyrir 2-3 nýjar lóðir. Settir eru inn skilmálar um ásýnd og góða umgengni á svæðinu.
- Stefna um efnistökusvæði er yfirfarin og settar kröfur um gögn og málsmeðferð við framkvæmdaleyfisveitingar. Nokkrum nýjum efnistökusvæðum er bætt við skv. upplýsingum frá Vegagerðinni og efnistökusvæði á Króksfjarðarnesi felld út.
- Tekið er út lítið hafnarsvæði á Króksfjarðarnesi, en í staðinn sett inn heimild fyrir bryggju þar innan iðnaðarsvæðis.
- Tekin eru út hafnarsvæði í eyjunum Sviðnum og Hvallátrum en felld inn í ákvæði fyrir landbúnaðarsvæði að gert sé ráð fyrir slíkri aðstöðu.
- Bátavör við Teinæringsvog er felld út sem hafnarsvæði en samsvarandi ákvæði felld inn í frístundabyggðarreit. Þetta endurspeglar þann raunveruleika að starfsemi á þessum svæðum er ekki hrein hafnarstarfsemi.
- Skjólhöfn við Innstapoll í Flatey er felld út sem hafnarsvæði, en staðsetning hennar var ekki talin ákjósanleg m.t.t. menningarminja á svæðinu. Reitur H-2 við Tröllenda er stækkaður þannig að koma megir fyrir nýrri smábátahöfn, skv. útfærslu í deiliskipulagi og framkvæmdaleyfi í samræmi við stefnu aðalskipulagsins.
- Á hafnarsvæðinu við Tröllenda er sett inn heimild fyrir starfsemi tengdri ferðaþjónustu í frystihúsinu.
- Tekið er út iðnaðarsvæði á Króksfjarðarnesi, en söfnunarsvæði fyrir úrgang sem þar var hefur verið lokað.
- Iðnaðarsvæði í Karlsey er stækkað með um 2 ha landfyllingu og skilmálar útvíkkaðir til að auka svigrúm fyrir hafnsækna starfsemi og starfsemi sem tengist nýtingu sjávarnytja.
- Á verslunar- og þjónustusvæði á Reykhólum þar sem gert hefur verið ráð fyrir heilsuhótel er heimild aukin úr 40 í allt að 80 herbergi í allt að 4000 m² byggingu skv. ósk landeiganda.
- Gert er ráð fyrir nýju tjaldsvæði í Djúpadal að ósk landeiganda.
- Afmarkaður er nýr reitur fyrir verslun og þjónustu á Brekku fyrir fræðslustarfsemi og ferðaþjónustu, að ósk landeiganda.

Þjónusta

- Samfélagsþjónusta í þéttbýlinu er sameinuð í einn landnotkunarreit, þar sem er kirkja, skólar og hjúkrunarheimili. Garður við Reykhólakirkju er felldur undir samfélagsþjónustureitinn og felldur út sem opið svæði þar sem útfærsla innan reitsins ákveðst í deiliskipulagi.

Landslag, náttúra og menningarminjar

- Hnykkt er á stefnu um landslagseinkenni, staðaranda og vernd náttúru- og menningarminja.
- Skerjagarður og strandsjór er skilgreindur í landnotkunarflokkinn vötn, ár og sjór. Ákvæði fyrir hann ná til fjara og strandsvæða meðfram öllu landi, eyjum og skerjum innan sveitarfélagsins.
- Sjávarfitjur og leirur eru hluti af strandsjó.

Ferðaleiðir og ferðamátar

- Sett er fram stefna um góðar aðstæður fyrir fjölbreytta ferðamata í þéttbýli og góðar aðstæður til útivistar í nágrenni Reykhóla til samræmis við tillögur sem voru settar fram í eldra verkefni um staðaranda Reykhóla. Skilgreindar eru aðalgönguleiðir í þéttbýlinu og í Flatey.
- Sett er fram stefna um ferðaleiðir, til samræmis við svæðisskipulag Dalabyggðar, Reykhólahrepps og Strandabyggðar:
 - Skilgreindar eru aðalgönguleiðir í dreifbýli.
 - Skilgreindar eru aðalreiðleiðir í sveitarfélaginu.
 - Skilgreindar eru aðalgöngurleiðir í þéttbýli og í Flatey.
 - Skilgreint er ferðaleið meðfram ströndinni með sterkri tengingu við Vestfjarðaleiðina ásamt með tengingu við styttri og lengri akstur- og útivistarleiðir í grennd hennar.
- Sett er fram, á stafrænu formi, tillaga að skrá um vegi, aðra en þjóðvegi, innan marka sveitarfélagsins i til samþykktar samhliða afgreiðslu aðalskipulagsins, í samræmi við reglugerð nr. 260/2018 um vegi í náttúru Íslands samkvæmt lögum um náttúruvernd.
- Sett er inn nýtt vatnsból á Hrafnanesi.

Takmarkanir á landnotkun

- Norðurströnd Þorskafjarðar og fjörur í Djúpafirði eru skilgreindar sem hverfisverndarsvæði.
- Hverfisverndarákvæðum allra hverfisverndarsvæða er lítillega breytt.
- Hverfisverndarákvæði í Flatey eru uppfærð m.t.t. skilmála um verndarsvæði í byggð.
- Eftir auglýsingu aðalskipulagstillögunnar, við lokaafgreiðslu í desember 2022 og febrúar 2023 var hverfisverndarákvæðum á öllum hverfisverndarsvæðum (nema í Flatey)
 - breytt úr: „Framræsla votlendis á svæðinu er óheimil. Votlendi verði endurheimt þar sem því verður við komið. Halda skal byggingaframkvæmdum í lágmarki og þess gætt að þær leiði til eins lítillar röskunar og kostur er.”
 - í: „Forðast skal framræslu votlendis á svæðinu og votlendi verði endurheimt þar sem því verður við komið. Á frístundabyggðarsvæðum innan hverfisverndarsvæða skal þess jafnframt gætt að byggingaframkvæmdir leiði til eins lítillar röskunar og kostur er.“

3 Nálgun við matið

3.1 Umhverfispættir og umhverfisviðmið

Umhverfisáhrif aðalskipulagstillögunnar eru metin m.t.t. umhverfispáttá sem tilgreindir eru í lögum um umhverfismat framkvæmda og áætlana 111/2021. Umhverfispættirnir samsvara skilgreiningu á umhverfi í lögnum en þar er því lýst sem „Samheiti fyrir samfélag, heilbrigði manna, dýr, plöntur, líffræðilega fjölbreytni, jarðveg, jarðmyndanir, vatn, loft, veðurfar, eignir, menningararfleifð, þ.m.t. byggingarsögulegar og fornleifafræðilegar minjar, og landslag og samspil þessara þátta.“

Fyrir hvern umhverfispátt eru tilgreind umhverfisviðmið. Með hugtakinu umhverfisviðmið er átt við þá stefnu sem umhverfisáhrif stefnumiða áætlunar eru borin saman við, til að geta tekið afstöðu til þess hvort viðkomandi stefnumið sé talið hafa æskileg eða óæskileg áhrif, veruleg eða óveruleg.

Í mati á umhverfisáhrifum aðalskipulagstillögunnar var beitt viðmiðum sem listuð eru í kafla 3.3. Listinn er unnin út frá umhverfisviðmiðum sem var beitt við mat á svæðisskipulagi Dalabyggðar, Reykhólahrepps og Strandabyggðar, en þau byggja á markmiðum í áætlunum á svæðis- og landsvísu sem og alþjóðlegum og evrópskum samþykktum sem aðalskipulag þarf að taka miða af, sbr. kafla 3.2. Listinn var uppfærður m.v. nýjar áætlanir sem hafa tekið gildi frá gildistöku svæðisskipulagsins. Einnig var tekið mið af Heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun og þar höfð hliðsjón af nálgun í umhverfismati tillögu að viðauka við landsskipulagsstefnu¹. Auk umhverfisviðmiða sem byggja á Heimsmarkmiðunum (HM) var í umhverfismati tillögu að landsskipulagsstefnu skilgreint viðmið byggt á Landslagssamningi Evrópu (ELS) og er það einnig tekið með í umhverfismati aðalskipulagstillögu Reykhólahrepps.

Umhverfismatið ætti þannig að gefa sterka vísbendingu um hversu vel stefna aðalskipulagstillögunnar samræmist viðeigandi stefnuskjölum á lands- og heimsvísu.

3.2 Stefna og áætlanir tengdar aðalskipulagsgerð

Stefna á alþjóðavísu

Eftirfarandi alþjóðleg stefnuskjöl voru rýnd m.t.t. stefnumiða sem taka ber tillit til við aðalskipulags Reykhólahrepps.

Stefnuskjöl á alþjóðavísu	Stefna sem varðar aðalskipulagið
Alþjóðasamþykkt um fuglavernd (París 1950).	Allir villtir fuglar skulu verndaðir. Stjórnvöld mega veita undanþágu frá þessari almennu reglu í þágu vísinda og menntunar, og hvað varðar vargfugla.
Landslagssamningur Evrópu (Florence 2000).	Markmið samningsins eru að stuðla að verndun, stýringu og skipulagi landslags ásamt því að koma á fót evrópsku samstarfi um landslag. Samningurinn inniheldur m.a. almenn ákvæði um fjögur meginatriði: <ul style="list-style-type: none">• Að veita landslagi ákveðinn sess í lögum og viðurkenna mikilvægi þess í umhverfi landsins.• Að móta og framfylgja stefnu um landslag sem miðar að verndun, nýtingu og skipulagi þess.• Að tryggja aðkomu almennings o.fl. að mótun stefnu um landslag.• Að huga að landslagi við aðra stefnumótun, svo sem í stefnu um byggðapróun, menningarmál, landbúnað, félagsmál og efnahagsmál.
Samþykkt um votlendi sem hafa alþjóðlegt	Markmið samningsins er að stuðla að verndun og skynsamlegri nýtingu votlendissvæða í heiminum, sérstaklega sem lífsvæði fyrir votlendisfugla.

¹ Skipulagsstofnun 2021: [Umhverfismat viðauka við Landsskipulagsstefnu 2015–2026](#). Loftslag, landslag, lýðheilsa.

gildi, einkum fyrir fuglalíf (Ramsar 1971).	
Samningur um verndun villtra plantna og dýra og lífsvæða í Evrópu (Bern 1979).	Gera ber nauðsynlegar ráðstafanir til að viðhalda, eða aðlaga, stofnstærð villtra dýra og plantna, í samræmi við vistfræðilegar, vísindalegar og menningarlegar kröfur.
Samningur um líffræðilega fjölbreytni (Río 1992).	Stuðla ber að verndun og sjálfbærri notkun líffræðilegrar fjölbreytni.
Rammasamningur Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar (Río de Janeiro 1992).	Stemmt verði stigi við auknum gróðurhúsaáhrifum með því að draga úr útstreymi gróðurhúsalofttegunda af mannavöldum og vernda og auka viðtaka og geyma (þ.e. lífmassa, skóga, höf og önnur vistkerfi á landi, á ströndum og í hafi) fyrir gróðurhúsalofttegundir.
Parísarsáttmáli Sameinuðu Þjóðanna.	Parísarsáttmálinn er samkomulag undir Loftslagssamningi Sameinuðu þjóðanna (United Nations Framework Convention on Climate Change - UNFCCC). Markmið samningsins er að halda hækkun hitastigs jarðar undir 2°C miðað við meðalhitastig við upphaf iðnvæðingarinnar en jafnframt skuli leitast við að halda hækkuninni undir 1,5°C. Samningurinn var fullgiltur af Alþingi í september 2016.
Samningur um verndun menningar- og náttúruarfleifðar heimsins (C 42/1995).	Skylda aðildarríkis til að skilgreina, vernda, varðveita, kynna og miðla til komandi kynslóða menningar- og náttúruarfleifð sem hefur sérstakt alþjóðlegt gildi og er á yfirráðasvæði þess.

Stefna á landsvísu

Eftirfarandi stefnuskjöl á landsvísu voru rýnd m.t.t. stefnumiða sem taka ber tillit til við aðalskipulagsgerð.

Stefnuskjöl á landsvísu	Stefna sem varðar aðalskipulagið
Landsskipulagsstefna 2015-2026. ²	<p>Í henni er sett fram stefna um hvernig stjórnvöld skuli vinna að skipulagsmálum og byggir hún á fjórum leiðarljósum:</p> <ul style="list-style-type: none"> • Að skipulag byggðar og landnotkunar stuðli að sjálfbærri þróun. • Að skipulag byggðar og landnotkunar sé sveigjanlegt og stuðli að seiglu gagnvart samfélags- og umhverfisbreytingum. • Að skipulag byggðar og landnotkunar stuðli að lífsgæðum fólks. • Að skipulag byggðar og landnotkunar styðji samkeppnishæfni landsins alls og einstakra landshluta. <p>Skipulagsstofnunar hefur unnið viðauka við Landsskipulagsstefnu 2015–2026. Tillagan³ hefur verið afhent umhverfi- og auðlindaráðherra, en ekki verið formlega staðfest.</p> <p>Í tillögunni er sett fram stefna um loftslagsmál, landslag og lýðheilsu í tengslum við framkvæmd skipulagsmála. Þær áherslur sem þar eru settar fram fléttast með ýmsum hætti saman við viðfangsefni gildandi landsskipulagsstefnu sem samþykkt var á Alþingi árið 2016 og tekur til skipulagsmála á miðhálandinu, í dreifbýli og þéttbýli og á haf- og strandsvæðum. Tillagan felur einnig í sér viðbætur við gildandi landsskipulagsstefnu varðandi skipulag haf- og strandsvæða.</p>
Aðgerðaáætlun í loftslagsmálum 2018–2030. ⁴	Aðgerðir stjórnvalda til að stuðla að samdrætti í losun gróðurhúsalofttegunda til 2030. Sett er fram aðgerð um skipulagsmál og loftslagsmál sem gengur út á að beita skipulagsgerð markvisst í tengslum við loftslagsmál.

² Skipulagsstofnun. [Landsskipulagsstefna 2015-2026.](#)

³ [Tillaga Skipulagsstofnunar til umhverfis- og auðlindaráðherra að landsskipulagsstefnu.](#)

⁴ Umhverfis- og auðlindaráðuneytið. [Aðgerðaáætlun í loftslagsmálum 2018–2030.](#)

<p>Áætlun um vernd og orkunýtingu landsvæða. Pingsályktun samþ.14.1.2013 og 2015.⁵</p>	<p>Samkvæmt áætluninni verði tryggt að nýting landsvæða þar sem er að finna virkjunarkosti byggist á langtímasjónarmiðum og heildstæðu hagsmunamati þar sem tekið verði tillit til verndargildis náttúru og menningarsögulegra minja, hagkvæmni og arðsemi ólíkra nýtingarkosta og annarra gilda sem varða þjóðarhag, svo og hagsmuna þeirra sem nýta þessi sömu gæði, með sjálfbæra þróun að leiðarljósi.</p> <p>Engin svæði innan Reykhólahrepps eru í áætluninni.</p>
<p>Ferðamálaáætlun 2011-2020. Pingsályktun samþ. 7.6.2011.⁶</p>	<p>Í áætluninni eru eftirfarandi meginmarkmið:</p> <ul style="list-style-type: none"> • Að auka arðsemi atvinnugreinarinnar • Að standa að markvissri uppbyggingu áfangastaða, öflugri vöruþróun og kynningarstarfi til að skapa tækifæri til að lengja ferðamannatímabilið um land allt, minnka árstíðasveiflu og stuðla að betri dreifingu ferðamanna um landið • Að auka gæði, fagmennsku, öryggi og umhverfisvitund ferðaþjónustunnar • Að skilgreina og viðhalda sérstöðu Íslands sem áfangastaðar ferðamanna, m.a. með öflugu greiningar- og rannsóknarstarfi.
<p>Pingsályktun um stefnu í fjarskiptum fyrir árin 2019–2033⁷</p>	<p>Í áætluninni er sett fram framtíðarsýn og meginmarkmið um að Ísland verði í fremstu röð með trausta og örugga innviði, öflug sveitarfélög, verðmætasköpun og framsækna þjónustu. Tækni tengi saman byggðir landsins og Ísland við umheiminn með umhverfissjónarmið í huga.</p>
<p>Forgangsmarkmið ríkisstjórnarinnar – Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna.⁸</p>	<p>Ríkisstjórnin samþykkti í júní 2018 að forgangsraða 65 af 169 undirmarkmiðum heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna við innleiðingu þeirra á Íslandi. Forgangsröðunin tekur mið af stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar auk þess sem þeim markmiðum var forgangsraðað sem krefjast mestrar vinnu af hálfu stjórnvalda til að þeim megi ná fyrir árið 2030.</p> <p>Forgangsmarkmiðin endurspeglu áherslur stjórnvalda við innleiðingu markmiðanna næstu árin. Þau útiloka þó ekki að unnið verði að innleiðingu annarra markmiða, sér í lagi þeirra sem vel eru á veg komin. Þá verður jafnframt lögð áhersla á að miðla reynslu og þekkingu Íslands til annarra þjóða heimsins.</p>
<p>Hreint loft til framtíðar 2018–2029. Áætlun um loftgæði.⁹</p>	<p>Með lögum nr. 144/2013 um breytingu á lögum nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir var innleidd tilskipun 2008/50/EB um gæði andrúmslofts og hreinna loft í Evrópu. Í 6. mgr. 36. gr. laganna er kveðið á um almenna áætlun um loftgæði, sem ráðherra gefur út til tólf ára í senn og skal áætlunin gilda fyrir landið allt.</p> <p>Meginmarkmið áætlunarinnar er að stuðla að loftgæðum og heilnæmu umhverfi.</p>
<p>Kerfisáætlun Landsnets 2020-2029.¹⁰</p>	<p>Tillaga að kerfisáætlun 2020-2029 um uppbyggingu flutningskerfis raforku á Íslandi fjallar m.a. um grunnforsendur fyrir áætlun, niðurstöður valkostagreininga, áætlun um uppbyggingu meginflutningskerfisins til næstu 10 ára og lýsingar á framkvæmdaverkum á tímabilinu 20212-20234.</p>
<p>Landslagssamningur Evrópu og samþykkt um fullgildingun hans.¹¹</p>	<p>Samningnum er ætlað að stuðla að verndun, stýringu og skipulagi landslags ásamt því að koma á fót evrópsku samstarfi um landslag.</p> <p>Almenn ákvæði samningsins varða fjögur meginatriði:</p> <ul style="list-style-type: none"> • Að í löggjöf sé fjallað um landslag og mikilvægi þess í umhverfi landsins viðurkennt. • Að móta og framfylgja stefnu um landslag sem miðar að verndun, nýtingu og skipulagi þess.

⁵ Stjórnarráð Íslands: [Áætlun um vernd og orkunýtingu landsvæða](#). Pingsályktun samþ.14.1.2013 og 2015

⁶ Stjórnarráð Íslands: [Ferðamálaáætlun 2011-2020](#). Pingsályktun samþ. 7.6.2011

⁷ Stjórnarráð Íslands: [Pingsályktun um stefnu í fjarskiptum fyrir árin 2019–2033](#).

⁸ Stjórnarráð Íslands: [Forgangsmarkmið ríkisstjórnarinnar](#).

⁹ Umhverfis- og auðlindaráðuneytið. [Hreint loft til framtíðar 2018–2029. Áætlun um loftgæði](#)

¹⁰ Landsnet, 2021. [Kerfisáætlun Landsnets 2020-2029](#).

¹¹ Stjórnarráð Íslands 2019: [Ríkisstjórnin samþykkir að Ísland fullgildi Landslagssamning Evrópu](#).

	<ul style="list-style-type: none"> • Að tryggja aðkomu almennings og annarra að mótun stefnu um landslag. • Að huga að landslagi við aðra stefnumótun, svo sem í stefnu um byggðapróun, menningarmál, landbúnað, félagsmál og efnahagsmál.
Líffræðileg fjölbreytni: Stefnumótun Íslands um framkvæmd Samnings um líffræðilega fjölbreytni.	Stefnan miðar að því að vernda og endurheimta líffræðilega fjölbreytni Íslands og koma í veg fyrir frekari skerðingu hennar, tryggja sjálfbæra nýtingu lífríkisins og endurheimta þá þætti þess sem spillt hafa eða horfið vegna umsvifa mannsins.
Lýðheilsustefna og aðgerðaáætlun sem stuðlar að heilsuefandi samfélagi – með sérstakri áherslu á börn og ungmenni að 18 ára aldri.	Stefnan miðar að því að að Íslendingar verði ein heilbrigðasta þjóð heims árið 2030.
Menningarstefna í mannvirkjagerð: Stefna íslenskra stjórnvalda í byggingarlist.	Stefna um byggingarlist sem miðar að því að standa vörð um efnisleg verðmæti hins manngerða umhverfis.
Náttúruverndaráætlun 2004-2008 og 2009-2013.	Engin svæði í áætluninni eru innan Reykhólahrepps.
Náttúruminjaskrá.	Á Náttúruminjaskrá eru friðlýst svæði og aðrar náttúruminjar, auk framkvæmdaáætlunar. Um friðlýst svæði gilda reglur sem auglýstar hafa verið í Stjórnartíðindum og setja hömlur á athafnir innan svæðanna sem taka þarf tillit til við gerð aðalskipulags. Um aðrar náttúruminjar á náttúruminjaskrá gildir að leita skal umsagnar og tilkynna Umhverfisstofnun um framkvæmdir þar sem hætta er á að þeim verði spillt.
Samgönguáætlun 2020-2034. ¹²	Sett er framtíðarsýn og meginmarkmið um að Ísland verði í fremstu röð með trausta og örugga innviði, öflug sveitarfélög, verðmætasköpun og framsækna þjónustu. Tækni tengi byggðir landsins og Ísland við umheiminn í jafnvægi við umhverfið. Markmið eru sett um: <ul style="list-style-type: none"> • greiðar samgöngur • öruggar samgöngur • hagkvæmar samgöngur • umhverfislega sjálfbærar samgöngur • jákvæða byggðapróun
Stefna um lagningu raflína. Pingsályktun samþ. 28.5.2015. ¹³	Fram koma viðmið og meginreglur til grundvallar við uppbyggingu á dreifi- og flutningskerfi raforku.
Stefna stjórnvalda um uppbyggingu flutningskerfis raforku. Pingsályktun samþ. 11.6.2018. ¹⁴	Alþingi ályktar, sbr. 39. gr. a raforkulaga, nr. 65/2003, að við uppbyggingu flutningskerfis raforku, þ.m.t. við gerð kerfisáætlunar, verði stefna sú sem fram kemur í pingsályktun þessari höfð að leiðarljósi.
Stefna um samþykki fyrir nýtingu lands og landsréttinda í þjóðlendum. ¹⁵	Tilgangur stefnunnar er að fyrir liggi skýrar leiðbeiningar um það hvernig forsætisráðuneytið rækir samþykktarhlutverk sitt þegar fyrir liggur fyrirætlan sveitarfélags um að heimila nýtingu lands og landsréttinda innan þjóðlendu á grundvelli heimildar í 3. mgr. 3. gr. þjóðlendlaga. Markmið áætlunarinnar eru:

¹² Stjórnarráð Íslands. [Samgönguáætlun 2020–2034](#).

¹³ Stjórnarráð Íslands. [Stefna um lagningu raflína](#). Pingsályktun samþ. 28.5.2015.

¹⁴ Stjórnarráð Íslands. [Stefna stjórnvalda um uppbyggingu flutningskerfis raforku](#). Pingsályktun samþ. 11.6.2018.

¹⁵ Stjórnarráð Íslands. [Stefna um samþykki fyrir nýtingu lands og landsréttinda í þjóðlendum](#).

	<ul style="list-style-type: none"> • Standa vörð um óbyggð víðerni í Þjóðlendum. • Vernda náttúru, lífríki, vatnafar, jarðmyndanir og landslag og koma í veg fyrir röskun þess eins og kostur er. • Styrkja náttúruleg vistkerfi og virkni þeirra og leyfa vistkerfi og landi að þróast eftir eigin lögmálum. • Virða náttúruleg ferli og stuðla að líffræðilegum og jarðfræðilegum fjölbreytileika. • Stöðva jarðvegseyðingu og endurheimta eins og kostur er víðerni og náttúrugæði.
Stefnumarkandi landsáætlun um uppbyggingu innviða til verndar náttúru og menningarsögulegum minjum 2018–2029. Þingsályktun samþ. 11.6.2018. ¹⁶	Stefnumarkandi tólf ára áætlun sem fjallar um stefnumótun vegna uppbyggingar innviða á ferðamannastöðum, leiðum og svæðum. Í henni eru sett fram markmið um stýringu og sjálfbæra þróun, vernd náttúru og menningarsögulegra minja, öryggismál, skipulag og hönnun og ferðamannaleiðir. Engin svæði tilgreind í Reykhólahreppi í Verkefnaáætlun 2020–2022.
Stefnumörkun Íslands um framkvæmd Samningsins um líffræðilega fjölbreytni (samþ. af ríkisstjórn 2008) og Stefnumörkun Íslands um líffræðilega fjölbreytni - Framkvæmdaáætlun (samþ. af ríkisstjórn 2010). ¹⁷	<p>Markmið þeirrar stefnumörkunar er að innleiða markmið samningsins í íslenska stjórnvöld og vera heildarrámi um stefnumótun stjórnvalda sem lýtur að verndun og sjálfbærri nýtingu líffræðilegrar fjölbreytni landsins.</p> <p>Meginmarkmið stefnunnar er að <i>vernda og endurheimta líffræðilega fjölbreytni Íslands og koma í veg fyrir frekari skerðingu hennar, tryggja sjálfbæra nýtingu lífríkisins og endurheimta þá þætti þess sem spillst hafa eða horfið vegna umsvifa mannsins.</i></p> <p>Settar eru fram leiðir sem grundvallast á ákvæðum Samningsins um líffræðilega fjölbreytni og útfærslum sem ákvarðaðar hafa verið af aðildarríkjum samningsins á grundvelli þeirra.</p>
Stefnumótandi byggðaáætlun 2018–2024 ¹⁸ . Þingsályktun samþ. 11.6.2018. ¹⁹	<p>Markmið stjórnvalda skv. áætluninni eru að:</p> <ol style="list-style-type: none"> a. jafna aðgengi að þjónustu, b. jafna tækifæri til atvinnu, c. stuðla að sjálfbærri þróun byggða um allt land. <p>Tilgreindar eru áherslur sem leiði til beinna og skilgreindra aðgerða eða til samþættingar við aðgerðir í öðrum opinberum áætlunum til að framangreindum markmiðum verði náð.</p>
Vegvísir í ferðaþjónustu. ²⁰	<p>Markmið Vegvísisins er að leggja traustan grunn fyrir farsæla og sjálfbæra þróun ferðaþjónustunnar til framtíðar, í sátt við land og þjóð. Í Vegvísinum eru skilgreindir sjö áherslupættir:</p> <ul style="list-style-type: none"> • Samhæfing • Jákvæð upplifun ferðamanna • Áreiðanleg gögn • Náttúruvernd • Hæfni og gæði • Aukin arðsemi • Dreifing ferðamanna
Í átt að hringrásarhagkerfi. Stefna umhverfis- og auðlindaráðherra	Heildarstefna stjórnvalda í úrgangsmálum er sett fram annars vegar í formi stefnu um úrgangsforvarnir 2016–2027 (kafli 2) og hins vegar í formi stefnu um

¹⁶ Stjórnarráð Íslands. [Stefnumarkandi landsáætlun um uppbyggingu innviða til verndar náttúru og menningarsögulegum minjum 2018–2029](#). Þingsályktun samþ. 11.6.2018

¹⁷ Stjórnarráð Íslands: [Líffræðileg fjölbreytni](#).

¹⁸ Stjórnarráð Íslands. [Stefnumótandi byggðaáætlun 2018–2024](#).

¹⁹ [Stefnumótandi byggðaáætlun 2018–2024](#). Þingsályktun samþ. 11.6.2018.

²⁰ Stjórnarráð Íslands: [Vegvísir í ferðaþjónustu](#).

í úrgangsmálum ²¹	meðhöndlun úrgangs 2021–2032 (kafli 3). Sem heild spannar stefnan allan úrgangspríyrninginn og miðar að því að styðja við myndun hringrásarhagkerfis á Íslandi. Sett er fram framtíðarsýn um að að Ísland verði meðal leiðandi þjóða í loftslagsmálum og sjálfbærri nýtingu náttúruauðlinda til hagsbóta fyrir komandi kynslóðir. Í því augnamiði verði komið á virku hringrásarhagkerfi þar sem dregið verði verulega úr myndun úrgangs, endurvinnsla aukin og urðun hætt.
------------------------------	--

Stefna á svæðisvísu

Eftirfarandi stefnuskiöl á landsvísu voru rýnd m.t.t. stefnumiða sem taka ber tillit til við aðalskipulags Reykhólahrepps.

Stefnuskiöl á svæðisvísu	Stefna sem varðar aðalskipulagið
Svæðisskipulag Dalabyggðar, Reykhólahrepps og Strandabyggðar 2018-2030. ²²	Svæðisskipulagið markar sameiginlega framtíðarsýn og stefnu sveitarfélaganna.
Sóknaráætlun Vestfjarða 2015-2019 og 2020-2024. ²³	Skilgreind eru fjögur meginmarkmið: <ul style="list-style-type: none"> • Atvinna og nýsköpun: Fjölga fyrirtækjum, störfum og vel menntuðu starfsfólki og auka þannig verðmætasköpun í landshlutanum. • Samfélag: Hækka menntunarstig með aðgengi að hágæða menntun, auka velferð, bæta lýðheilsu og efla þannig mannauð og atvinnulíf. • Umhverfi og skipulag: Auka umhverfisvitund íbúa, sveitarfélaga og fyrirtækja, bæta aðgengi að sjálfbærum lausnum og draga úr sóun. • Menning: Á Vestfjörðum blómstri menning sem er studd af öflugum fyrirtækjum og sveitarfélögum. Þar sé auðugt listalíf, viðburðir og framúrskarandi aðstaða til útiveru.
Áfangastaðaáætlun Vestfjarða. ²⁴	Áfangastaðaáætlun Vestfjarða markar sýn á ferðaþjónustu í landshlutanum og setur aðgerðaáætlun til þriggja ára í senn. Endurnýjuð Áfangastaðaáætlun Vestfjarða 2020 liggur nú fyrir í drögum. Samkvæmt drögum er sameiginleg framtíðarsýn Vestfjarða til ársins 2024 að „Vestfirðir eru sjálfbær gæðaáfangastaður þar sem arðbær ferðaþjónusta er rekin í sátt við umhverfi og samfélag. Ferðamannaleiðin Vestfjarðaleiðin byggist upp samhliða þróun í afþreyingu sem byggir á sérkennum svæðisins, ægifagurrar náttúru og heildstæðra þorpsmynda allt árið um kring“. Skilgreind eru eftirfarandi meginmarkmið með sjálfbærni að leiðarljósi: <ul style="list-style-type: none"> • Uppbygging gæðaáfangastaða • Öflugt samstarf hagaðila sem leggur grunn að gæða ferðaþjónustu • Samstaða um umhverfi og samfélag • Bættar samgöngur • Viðhald sérkennis svæðis og náttúru • Heilsársferðaþjónusta • Þróun afþreyingar sem byggir á sérstöðu náttúrunnar • Rannsóknir, þróun og nýsköpun
Á krossgötum. Sviðsmyndir um mögulega þróun atvinnu- og mannlífs á	Settar fram fjórar mögulegar sviðsmyndir um atvinnulíf á Vestfjörðum. Þær lýsa ólíku umhverfi atvinnu- og mannlífs á svæðinu og hvernig sú staða sem tiltekin er í hverri sviðsmynd gæti hafa gerst.

²¹ Stjórnarráð Íslands. [Í átt að hringrásarhagkerfi. Stefna umhverfis- og Auðlindaráðherra í úrgangsmálum](#). Júní 2021.

²² [Svæðisskipulag](#) Dalabyggðar, Reykhólahrepps og Strandabyggðar 2018-2030.

²³ Vestfjarðastofa: [Sóknaráætlun Vestfjarða](#).

²⁴ Vestfjarðastofa: [Áfangastaðaáætlun Vestfjarða](#).

Vestfjörðum árið 2035. Vestfjarðastofa 2019 ²⁵ .	
Umhverfivottun Vestfjarða, tilheyrandi stefna og framkvæmdaáætlun. ²⁶	Vestfirðir hafa einsett sér að skara fram úr í umhverfismálum og hafa ákveðið að vera stóriðjulaus landshluti. Hluti af því ferli var að fá umhverfivottun á rekstur allra sveitarfélaganna á Vestfjörðum. Því markmiði var náð 2016 þegar að Vestfirðir fengu sífurvottun EarthCheck.
Vestfjarðaleiðin. Ferðamannaleið um Vestfirði. ²⁷	Ferðapjónustan á Vestfjörðum hefur talað fyrir því að Vestfjarðahringurinn, sem verður til við gerð Dýrafjarðarganga og veg yfir Dynjandisheiði, verði skilgreindur sem ferðamannaleið. Ferðamannaleiðin hefur fengið nafnið Vestfjarðaleiðin og er með henni verið að skapa nýtt aðdráttarafi fyrir Vestfirði og Ísland sem byggir á upplifun og afþreyingu.
Verndaráætlun fyrir Breiðafjörð 2014-2019 ²⁸ .	Tilgangur laga um vernd Breiðafjarðar nr. 54/1995 er að vernda landslag, jarðmyndanir, lífríki og menningarmínjar í Breiðafirði. Lögin kveða á um gerð verndaráætlunar og kom Verndaráætlun Breiðafjarðar 2014-2019 út 10. október 2001. Endurskoðun verndaráætlunar hefur verið í deiglunni síðustu árin en er ekki lokið.
Framkvæmdaáætlun Breiðafjarðarnefndar 2020-2021 ²⁹ .	Byggir á þeim verkefnum sem samþykkt hafa verið í Verndaráætlun fyrir Breiðafjörð 2014-2019, sem undirrituð var af umhverfis- og auðlindaráðherra árið 2015. Framkvæmdaáætlunin var yfirfarin og samþykkt af Breiðafjarðarnefnd í apríl 2018.
Aðalskipulag aðliggjandi sveitarfélaga.	Dalabyggð, Strandabyggð, Vesturbyggð, Ísafjarðarbær.

3.3 Umhverfisviðmið

Eftirfarandi er listi yfir matsspurningar sem endurspeglar umhverfisviðmið. sem voru skilgreind fyrir hvern umhverfisþátt.

Umhverfisþáttir	Umhverfisviðmið	Heimsmarkmið ³⁰
Berggrunnur	<ul style="list-style-type: none"> Styður stefnan við fjölbreytni jarðmyndana? 	<ul style="list-style-type: none"> HM 11 Sjálfbærar borgir og samfélag HM 15 Líf á landi ELS Landslag
Jarðvegur	<ul style="list-style-type: none"> Styður stefnan við sjálfbæra nýtingu jarðvegs? Styður stefnan við að dregið sé úr jarðvegseyðingu? 	<ul style="list-style-type: none"> HM 15 Líf á landi
Yfirborðsvatn	<ul style="list-style-type: none"> Styður stefnan við sjálfbæra nýtingu yfirborðsvatns? Styður stefnan við nýtingu orkulinda með sjálfbærni og umhverfisvernd að leiðarljósi? 	<ul style="list-style-type: none"> HM 6 Hreint vatn og hreinlætisaðstaða HM 14 Líf í vatni HM 15 Líf á landi

²⁵ Vestfjarðarstofa. [Á krossgötum. Sviðsmyndir um mögulega þróun atvinnu- og mannlífs á Vestfjörðum árið 2035. Vestfjarðastofa 2019.](#)

²⁶ Vestfjarðastofa: [Umhverfivottun Vestfjarða.](#)

²⁷ Vestfjarðastofa: [Vestfjarðaleiðin.](#)

²⁸ Breiðafjarðarnefnd. [Verndaráætlun fyrir Breiðafjörð 2014-2019.](#)

²⁹ Breiðafjarðarnefnd. [Framkvæmdaáætlun Breiðafjarðarnefndar 2020-2021.](#)

³⁰ Hér eru dregin fram þau Heimsmarkmið sem helst tengjast umhverfisviðmiðinu en í einhverjum tilvikum geta fleiri tengst en þau sem eru nefnd.

Grunnvatn	<ul style="list-style-type: none"> • Styður stefnan við sjálfbæra nýtingu grunnvatns? • Styður stefnan við aðgengi allra að heilnæmu ferksvatni? 	<ul style="list-style-type: none"> • HM 6 Hreint vatn og hreinlætisaðstaða • HM 14 Líf í vatni
Jarðhiti	<ul style="list-style-type: none"> • Styður stefna við nýtingu orkulinda með sjálfbærni og umhverfisvernd að leiðarljósi? 	<ul style="list-style-type: none"> • HM 7 Sjálfbær orka • HM 11 Sjálfbærar borgir og samfélag
Sjór	<ul style="list-style-type: none"> • Styður stefnan við viðhald á heilbrigði, líffræðilegri fjölbreytni og framleiðslugetu hafsins? • Styður stefnan við nýtingu auðlinda á haf- og strandsvæðum sem byggist á vistkerfisnálgun? • Stuðlar stefnan að minni mengun sjávar, einkum frá starfsemi á landi? 	<ul style="list-style-type: none"> • HM 14 Líf í vatni • HM 15 Líf á landi
Loft og veðurfar	<ul style="list-style-type: none"> • Styður stefnan við heilnæmt andrúmsloft? • Stuðlar stefnan að minni losun gróðurhúsalofttegunda og varðveislu og bindingu kolefnis í gróðri og jarðvegi? • Styður stefnan við öryggi almennings gagnvart loftslagsbreytingum? 	<ul style="list-style-type: none"> • HM 7 Sjálfbær orka • HM 11 Sjálfbærar borgir og samfélag • HM 13 Aðgerðir í loftslagsmálum
Gróður	<ul style="list-style-type: none"> • Styður stefnan við sjálfbæra nýtingu gróðuruðlinda? • Styður stefnan við gróðurvernd? 	<ul style="list-style-type: none"> • HM 14 Líf í vatni • HM 15 Líf á landi
Lífriki	<ul style="list-style-type: none"> • Styður stefnan við vernd náttúruminja og líffræðilegs fjölbreytileika? • Stuðlar stefnan að því ekki sé gengið að óþörfu á svæði sem eru verðmæt vegna náttúruverndar? • Styður stefnan við endurheimt votlendis og annarra mikilvægra vistkerfa? • Styður stefnan við umhverfi án hættulegra efna? • Styður stefnan við sjálfbæra nýtingu lífríkis? 	<ul style="list-style-type: none"> • HM 14 Líf í vatni • HM 15 Líf á landi
Landslag	<ul style="list-style-type: none"> • Stuðlar stefnan að verndun, nýtingu og skipulagi landslags? • Styður stefnan við aukna almenna meðvitund og þekkingu á landslagi? • Styður stefnan við greiningu á sérkennum og verðmæti landslags og mótun stefnu um landslag? • Stuðlar stefnan að því að staðsetning og hönnun nýrra mannvirkja taki mið af byggingarhefðum, landslagi og staðhættum? • Styður stefnan við varðveislu náttúru- og menningargæða sem hafa staðbundið eða víðtækara gildi út frá sögu, náttúrufari eða menningu? 	<ul style="list-style-type: none"> • HM 3 Heilsa og vellíðan • HM 7 Sjálfbær orka • HM 11 Sjálfbærar borgir og samfélag
Minjar	<ul style="list-style-type: none"> • Styður stefnan við vernd menningarminja? 	<ul style="list-style-type: none"> • ELS Landslag
Sögur og sagnir	<ul style="list-style-type: none"> • Styður stefnan við verndun og varðveislu menningar og sögu sem felst m.a. í byggingararfi og landslagi? 	<ul style="list-style-type: none"> • ELS Landslag
Mannauður og búseta, þ.m.t.	<ul style="list-style-type: none"> • Styður stefnan við samkeppnishæfni og eflingu samfélags og atvinnulífs? 	<ul style="list-style-type: none"> • HM 3 Heilsa og vellíðan

<p>Íbúðar- og frístundabyggð</p>	<ul style="list-style-type: none"> • Styður stefnan við styrkingu samfélags með því að beina vexti að þeim kjörnum sem fyrir eru? • Stuðlar stefnan að öruggri, aðgengilegri og vandaðri byggð í góðum tengslum við umhverfi og náttúru sem styður lífsgæði og heilbrigðan og sjálfbæran lífsstíl? • Stuðlar stefnan að afmörkuðum en samfelldum frístundabyggðarsvæðum sem gefa notendum þeirra kost á góðum tækifærum til útiveru um leið og gætt er að því að frístundabyggðin skerði ekki mikilvæg eða viðkvæm svæði með tilliti til landbúnaðar eða náttúruverndar? • Stuðlar stefnan við góð tækifæri til útivistar og að því að réttur almennings að frjálsum aðgengi um náttúru landsins sé tryggður. • Styður stefnan við öryggi almennings gagnvart náttúruvá? 	<ul style="list-style-type: none"> • HM 8 Góð atvinna og hagvöxtur • HM 11 Sjálfbærar borgir og samfélag • HM 12 Ábyrg neysla og framleiðsla • HM 13 Aðgerðir í loftslagsmálum
<p>Samfélagsþjónusta</p>	<ul style="list-style-type: none"> • Styður stefnan við góð búsetuskilyrði og samkeppnishæfni byggða og bæja? • Styður stefnan við styrkingu samfélags með því að beina vexti að þeim kjörnum sem fyrir eru? 	<ul style="list-style-type: none"> • HM 8 Góð atvinna og hagvöxtur • HM 4 Menntun fyrir alla
<p>Atvinnulíf</p>	<ul style="list-style-type: none"> • Styður stefnan við aðstæður fyrir grænt hagkerfi og fjölbreytt og samkeppnishæft atvinnulíf? • Styður stefnan við samkeppnishæfni og eflingu samfélags og atvinnulífs? • Styður stefnan við uppbyggingu atvinnulífs til framtíðar, með áherslu á gæði í hinu byggða umhverfi og öflugum innviðum. • Styður stefnan við eflingu sérstöðu Íslands sem áfangastað ferðamanna? • Styður stefnan við eflingu ferðaþjónustu í dreifbýli um leið og gætt er að því að varðveita þau gæði sem eru undirstaða ferðaþjónustu? • Styður stefnan við að nýting náttúruauðlinda fari fram með sjálfbærum hætti? • Stuðlar stefnan að möguleikum á fjölbreyttri og hagkvæmri nýtingu landbúnaðarlands í sátt við umhverfið? • Stuðlar stefnan að því að byggð gangi ekki að óþörfu á svæði sem eru verðmæt til landbúnaðar? 	<ul style="list-style-type: none"> • HM 8 Góð atvinna og hagvöxtur • HM 9 Nýsköpun og uppbygging • HM 11 Sjálfbærar borgir og samfélag • HM 12 Ábyrg neysla og framleiðsla
<p>Stofnkerfi</p>	<ul style="list-style-type: none"> • Styður stefnan við samþættingu stefnu um byggðapróun í þéttbýli og dreifbýli með áherslu á greiðar, öruggar og vistvænar samgöngur og fjölbreyttan ferðamáta? • Styður stefnan við byggingu viðnámspolinna innviða og við nýsköpun? • Styður stefnan við hagkvæmni varðandi samgöngur og veitur? • Styður stefnan við aðgengi allra að áreiðanlegri og sjálfbærri orku á viðráðanlegu verði? • Styður stefnan við greiðar samgöngur innan skilgreindra vinnusóknar- og þjónustusvæða meginkjarna, með styrkingu byggðar að leiðarljósi? 	<ul style="list-style-type: none"> • HM 7 Sjálfbær orka • HM 9 Nýsköpun og uppbygging • HM 11 Sjálfbærar borgir og samfélag

	<ul style="list-style-type: none">• Er mótuð stefna um meginleiðir ferðamanna, gangandi, ríðandi og hjólandi?• Gefur stefnan kost á uppbyggingu fjarskiptamannvirkja til að tryggja örugg fjarskipti, um leið og gætt verði að áhrifum á náttúru og landslag?• Gefur stefnan kost á uppbyggingu flutningsmannvirkja raforku sem tryggir örugga afhendingu raforku, um leið og tekið er tillit til áhrifa á náttúru og landslag?• Stuðlar tillagan að því að mannvirki vegna orkuvinnslu og orkuflutnings falli sem best að landslagi og annarri landnotkun?• Er með stefnunni tekin afstaða til möguleika á orkuframleiðslu með vatnsafla, jarðvarma og vindorku í sátt við náttúru og samfélag?	
--	--	--

4 Umhverfismat

4.1 Vinnsla og framsetning

Hver umhverfisþáttur er tekinn fyrir og gerð grein fyrir þeim stefnumiðum (markmiðum og/eða leiðum) sem talin eru geta haft áhrif á þáttinn. Síðan er metið hvort þau samræmast umhverfisviðmiðum fyrir umhverfisþáttinn. Notaður er eftirfarandi skali til að lýsa samræmi/ósamræmi og þar með áhrifum á viðkomandi umhverfisþátt.

Tákn	Merking tákns
+	Samræmi – stefnan styður við viðkomandi umhverfisviðmið (jákvæð áhrif)
Ó	Óverulegt – stefnan styður viðkomandi umhverfisviðmið að óverulegu leyti eða að hluta til
-	Ósamræmi – stefnan styður ekki eða gengur gegn viðkomandi umhverfisviðmiði (neikvæð áhrif)
áev	Á ekki við – stefnan tengist ekki umhverfisviðmiðinu með beinum hætti

4.2 Berggrunnur

Stefna aðalskipulagstillögunnar sem varðar umhverfisþáttinn

- Sett er fram markmið um að farið sé vel með jarðefni og vandað sé til efnistöku og frágangs á efnistökusvæðum.
- Ákvæði fyrir landbúnaðarsvæði veita svigrúm fyrir minniháttar efnistöku á lögbýlum vegna þarfa landbúnaðarins enda fari hún fram utan svæða sem njóta verndar skv. 61. grein náttúruverndarlaga.
- Sett er fram stefna um vegabætur sem kann að kalla á efnistöku.
- Sett er fram stefna um stækkun iðnaðarsvæðis í Karlsey með landfyllingu sem kallar á efnistöku.

Áhrif stefnunnar á umhverfisþáttinn

Umhverfisþáttur	Umhverfisviðmið
Berggrunnur	<ul style="list-style-type: none"> • Styður stefnan við fjölbreytni jarðmyndana?
Mat á samræmi við umhverfisviðmið	
+	Stefnan styður við ofangreint umhverfisviðmið með því að gera kröfu um að vandað sé til efnistöku og frágangs á efnistökusvæðum og með því að minna á að gerðir svæða sem tilgreindar eru í 61. gr. náttúruverndarlaga njóta verndar.

4.2 Jarðvegur

Stefna aðalskipulagstillögunnar sem varðar umhverfispáttinn

- Sett er fram það meginmarkmið að skipulag stuðli að sjálfbærri nýtingu auðlinda og góðri umgengni um þær til að tryggja heilbrigði vistkerfa og hagsæld samfélagsins til langs tíma litið.
- Sett er fram stefna um aukna bindingu kolefnis í gróðri og jarðvegi með því að standa vörð um náttúruskóga, líffræðilega fjölbreytni og óröskuð votlendi.
- Sett er fram markmið um að staðinn verði vörður um þau náttúrugæði og auðlindir sem landbúnaðarframleiðsla og aukabúgreinar í dreifbýli byggja á og þær nýttar með sjálfbærum hætti.
- Sett er markmið um varðveislu góðs ræktarlands á landbúnaðarsvæðum í samræmi við landsskipulagsstefnu og leiðbeiningar um flokkun landbúnaðarlands m.t.t. ræktunar.
- Sett er fram stefna um að nytjaskógrækt á landbúnaðarsvæðum felist í skjólbeltum og annarri hagnýtingu trjágróðurs til landbóta og fegrunar, auk landgræðslu og kolefnisbindingar.
- Sett eru fram þau viðmið að öll mannvirkjagerð og skógrækt á landbúnaðarsvæðum taki tillit til landslagseinkenna, mikilvægra kennileita, verðmætra vistkerfa og búsvæða, s.s. votlendis og svæða sem njóta verndar skv. 61. gr. laga um náttúruvernd, fjarlægðar frá ám og vötnum, svæða sem henta vel til tún- eða kornræktar, nærliggjandi landnotkunar, fornleifa og annarra búsetuminja.
- Sett er fram markmið um að farið sé vel með jarðefni og vandað sé til efnistöku og frágangs á efnistökusvæðum.

Áhrif stefnunnar á umhverfispáttinn

Umhverfispáttur	Umhverfisviðmið
Jarðvegur	<ul style="list-style-type: none"> • Styður stefnan við sjálfbæra nýtingu jarðvegs? • Styður stefnan við að dregið sé úr jarðvegseyðingu?
Mat á samræmi við umhverfisviðmið	
+	Stefnan styður við ofangreint umhverfisviðmið með því að stuðla að sjálfbærri nýtingu auðlinda og góðri umgengni við land, þ.m.t. jarðveg og með markmiði um að standa vörð um þau náttúrugæði og auðlindir sem landbúnaðarframleiðsla og aukabúgreinar í dreifbýli byggja á og að þær verði nýttar með sjálfbærum hætti. Stefna um efnistöku miðar einnig að því að farið sé vel með jarðefni.

4.3 Yfirborðsvatn

Stefna aðalskipulagstillögunnar sem varðar þáttinn

- Sett er fram það meginmarkmið að skipulag stuðli að sjálfbærri nýtingu auðlinda og góðri umgengni um þær til að tryggja heilbrigði vistkerfa og hagsæld samfélagsins til langs tíma litið.
- Sett er fram stefna um gott aðgengi að heilnæmu ferskvatni og að því að nýting yfirborðsvatns fari fram með sjálfbærum hætti.
- Sett er fram stefna um aukið raforkuöryggi með orkuframleiðslu þ.m.t. með vatnsafl í sátt við náttúru og samfélag.

- Sett er fram stefna um að öll byggð á svæðinu verði tengd rotþróm sem uppfylla kröfur viðeigandi reglugerða.
- Kveðið er á um að á landbúnaðarsvæðum séu nauðsynlegir innviðir með tilheyrandi minniháttar mannvirkjum m.a. fyrir vatnsöflun (þ.m.t. borholur).

Áhrif stefnunnar á umhverfispáttinn

Umhverfispáttur	Umhverfisviðmið
Yfirborðsvatn	<ul style="list-style-type: none"> • Styður stefnan við sjálfbæra nýtingu yfirborðsvatns? • Styður stefnan við nýtingu orkulinda með sjálfbærni og umhverfisvernd að leiðarljósi?
Mat á samræmi við umhverfisviðmið	
ó	<p>Stefnan miðar að sjálfbærri nýtingu auðlinda svæðisins, þ.m.t. yfirborðsvatns og styður því við ofangreint umhverfisviðmið.</p> <p>Á móti þessum getur það virkað neikvætt að vatn hefur ekki verið flokkað eftir ástandi þess og sett langtímamarkmið um það, í þeim tilgangi að viðhalda náttúrulegu ástandi þess og til að vernda það gegn mengun frá mannlegri starfsemi, líkt og gera á samkvæmt reglugerð nr. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns.</p>

4.4 Grunnvatn

Stefna aðalskipulagstillögunnar sem varðar umhverfispáttinn

- Sett er fram það meginmarkmið að skipulag stuðli að sjálfbærri nýtingu auðlinda og góðri umgengni um þær til að tryggja heilbrigði vistkerfa og hagsæld samfélagsins til langs tíma litið.
- Sett er markmið um sjálfbærri nýtingu grunnvatns.
- Sett er markmið um að gæði neysluvatns verði tryggð fyrir íbúa og fyrir atvinnustarfsemi.
- Vatnsverndarsvæði eru skilgreind og sett verndarákvæði um þau.
- Sett er stefna um að skilgreina vatnsverndarsvæði umhverfis vatnsból á Hrafnanesi.
- Á landbúnaðarsvæðum er gefinn kostur á vatnsöflun og minniháttar mannvirkjum vegna hennar
- Sett er markmið um að farið sé vel með neysluvatn og staðinn vörður um forðabúr neysluvatns í Flatey og að tekið verði mið af vatnsskortri í Flatey við þróun byggðar og ferðaþjónustu í Flatey.

Áhrif stefnunnar á umhverfispáttinn

Umhverfispáttur	Umhverfisviðmið
Grunnvatn	<ul style="list-style-type: none"> • Styður stefnan við sjálfbæra nýtingu grunnvatns? • Styður stefnan við aðgengi allra að heilnæmu ferksvatni?
Mat á samræmi við umhverfisviðmið	
+	<p>Markmið eru sett um sjálfbæra nýtingu grunnvatns og um gott aðgengi að góðu neysluvatni og er það í samræmi við umhverfisviðmið.</p>

	<p>Skipulagsákvæði um íbúðar- og frístundahús og ýmis konar atvinnustarfsemi á landbúnaðarsvæðum, auk hefðbundins búskapar, gefa möguleika á uppbyggingu í dreifbýli sem aftur kann að auka vatnspörf og kalla á nýtingu nýrra vatnsbólá. Í samræmi við þá stefnu er í almennum skilmálum fyrir landbúnaðarsvæði gefinn kostur á vatnsöflun og minniháttar mannvirkjum vegna hennar. Ef allar jarðir nýta sér það svigrúm, sem er þó talið ólíklegt, þarf að huga sérstaklega að sjálfbærri nýtingu og að tryggja heilnæmi vatns.</p>
--	---

4.5 Jarðhiti

Stefna aðalskipulagstillögunnar sem varðar umhverfispáttinn

- Sett er fram það meginmarkmið að skipulag stuðli að sjálfbærri nýtingu auðlinda og góðri umgengni um þær til að tryggja heilbrigði vistkerfa og hagsæld samfélagsins til langs tíma litið.
- Sett er stefna um betri nýtingu jarðhitaauðlindarinnar og áhersla lögð á sjálfbæra nýtingu jarðhita til atvinnuþróun, s.s. fyrir ylækt og smáiðnað og til framleiðslu á vönduðum, hreinum sjávarafurðum.
- Sett er stefna um að nýting jarðhitans verði samfélaginu á Reykhólum til framdráttar.
- Sett er stefna um að jarðhiti verði nýttur til margskonar framleiðslu úr staðbundnum auðlindum sjávar og grunnsævis svæðisins.
- Sett er stefna um að jarðhiti, ásamt öðrum sérkennum í sögu, lífríki og landslagi, verði nýtt til uppbyggingar í ferðaþjónustu og við umhverfismótun og mannvirkjagerð verði leitast við að styrkja þau sérkenni og staðaranda sem þau hafa skapað.
- Sett er markmið í þéttbýli á Reykhólum um staðinn verði vörður um hvergi og aðrar heitar uppsprettur ásamt lífríki sem tengist þeim. Tekið verði tillit til þeirra við umhverfismótun og mannvirkjagerð.

Áhrif stefnunnar á umhverfispáttinn

Umhverfispáttur	Umhverfisviðmið
Jarðhiti	<ul style="list-style-type: none"> • Styður stefna við nýtingu orkulinda með sjálfbærni og umhverfisvernd að leiðarljósi?
Mat á samræmi við umhverfisviðmið	
+	<p>Markmið um betri nýtingu jarðhitaauðlindarinnar á sjálfbæran hátt er í samræmi við ofangreint viðmið. Stefna um aukna nýtingu jarðhitaauðlindarinnar kann að boða aukið álag, en stefna um að staðinn verði vörður um hvergi og aðrar heitar uppsprettur ásamt lífríki sem tengist þeim kann að vega upp á móti því. Áhersla er lögð á að tekið verði tillit til þeirra við umhverfismótun og mannvirkjagerð.</p>

4.6 Sjór

Stefna aðalskipulagstillögunnar sem varðar umhverfispáttinn

- Sett er fram það meginmarkmið að skipulag stuðli að sjálfbærri nýtingu auðlinda og góðri umgengni um þær til að tryggja heilbrigði vistkerfa og hagsæld samfélagsins til langs tíma litið.
- Sett er markmið um sjálfbæra nýtingu sjávarauðlinda og um að tryggt verði að heilbrigði, líffræðileg fjölbreytni og framleiðslugeta haf- og strandsvæða viðhaldist. Einnig að unnið verði að eflingu rannsókna og nýsköpunar með áherslu á þang og þara.
- Sett er fram stefna um að standa vörð um strönd, fjörur og grunnsævi og að þeim svæðum verði viðhaldið í eins náttúrulegu ástandi eins og kostur er.

Áhrif stefnunnar á umhverfispáttinn

Umhverfispáttur	Umhverfisviðmið
Sjór	<ul style="list-style-type: none"> • Styður stefnan við viðhald á heilbrigði, líffræðilegri fjölbreytni og framleiðslugetu hafsins? • Styður stefnan við nýtingu auðlinda á haf- og strandsvæðum sem byggist á vistkerfisnálgun? • Stuðlar stefnan að minni mengun sjávar, einkum frá starfsemi á landi?
Mat á samræmi við umhverfisviðmið	
+	Ofangreind stefna í aðalskipulagstillögu er í samræmi við umhverfisviðmiðið. Í tillögunni er jafnframt gerð grein fyrir vernd Breiðafjarðar skv. lögum nr. 54/1995 og vísað til Verndaráætlunar Breiðafjarðar 2014-2019 varðandi ákvæði sem miða að því markmiði laganna að stuðla að verndun Breiðafjarðar, einkum landslags, jarðmyndana, lífríkis og menningarminja.

4.7 Loft og veðurfar

Stefna aðalskipulagstillögunnar sem varðar umhverfispáttinn

Hreinleiki svæðis

- Stefna aðalskipulagsins um landbúnað og sjávarnytjar miðar að því að viðhalda hreinleika svæðisins.

Kolefnisbinding og kolefnislosun

- Sett eru markmið um aukna bindingu kolefnis í gróðri og jarðvegi með því að standa vörð um útbreiðslu náttúruskóga, líffræðilega fjölbreytni og óröskuð votlendi.
- Á landbúnaðarsvæðum eru settir almennir skilmálar um að framræsing votlendis sé ekki heimil á landbúnaðarsvæðum nema hún sé forsenda matvæla- eða fóðurframleiðslu eða vegna samfélagslega mikilvægra þarfa.
- Sett er fram markmið um að nytjaskógrækt á landbúnaðarsvæðum sem felist í skjólbeltum og annarri hagnýtingu trjágróðurs til landbóta og fegrunar, auk landgræðslu og kolefnisbindingar.
- Sett er fram meginmarkmið um að skipulag í þéttbýli tryggi öruggar götur og göngu- og hjólavænt umhverfi.
- Fyrir þéttbýlið er sett markmið um samfellda byggð umhverfis stofnanasvæði í miðju þéttbýlisins, með góðum gönguleiðum til þjónustusvæða sem stuðlar að notkun vistvænna

ferðamáta. Einnig er sett markmið um að útfærsla gatna- og stígakerfis og rýma styðji við virka ferðamáta í daglegum ferðum. Unnið verði að gerð stíganets sem tengir saman helstu atvinnu- og þjónustustaði. Stígarnir verði hugsaðir bæði sem útivistar- og samgönguleiðir og nýtast þannig íbúum og gestum. Unnið verði að því að leggja gangstéttir, sem líka má nýta til hjólreiða, með forgangi á gangstéttar með fram Karlseyjarvegi, Hellisbraut og Grettiströð að sundlaug. Stefnan miðar að því að stuðla að auknu skjóli á helstu göngu- og hjólaleiðum með gróðursetningu og annarri landslagsmótun. Markmið er sett um að unnið verði að malbikun gatna í þéttbýlinu og að skilgreina gangbrautir yfir Karlseyjarveg og Hellisbraut, þar sem þörf er á, til að tryggja öryggi vegfarenda.

- Sett er markmið um að unnið verði áfram að bættum almennings-samgöngum til og frá Reykhólum í samstarfi við ríkið og önnur sveitarfélög á Vestfjörðum.
- Sett er fram markmið um að íbúar, stofnanir og fyrirtæki geti nýtt umhverfisvænar leiðir til meðhöndlunar úrgangs.

Raforkuframleiðsla

- Sett er fram markmið um aukið raforkuöryggi með orkuframleiðslu með vatnsafla, jarðvarma og vindorku í sátt við náttúru og samfélag. Sett er markmið um að þróun orkumála í Flatey verði með sjálfbærni að leiðarljósi.
- Sett er markmið um að stuðlað verði að orkuskiptum með því að veita svigrúm í deiliskipulagi fyrir uppbyggingu innviða eins og hleðslustöðva fyrir rafbíla og eldsneytisstöðva fyrir metan, vetni og annað loftslagsvænt eldsneyti, sem og innviði fyrir rafvæðingu Reykhólahafnar.

Náttúruvá og öryggi almennings gagnvart loftslagsbreytingum

- Sett er fram meginmarkmið um náttúruvá um að skipulag taki mið af öryggi íbúa og mannvirkja.
- Sett er markmið sem stuðlar að því að tekið verði tillit til þekkrar náttúruvá, þ.m.t. flóða, og fárviðris, við deiliskipulagsgerð, mannvirkjagerð og landnotkun.
- Sett er markmið um að hugað verði að áskorunum sem tengjast gróðureldum, svo sem flóttaleiðum og brunavörnum á frístundasvæðum.
- Sett er markmið um að tekið verði tillit til mögulegrar hækkunar sjávarstöðu vegna loftslagsbreytinga við deiliskipulagsgerð, mannvirkjagerð og landnotkun. Þá er sett ákvæði um að í deiliskipulagi skuli gólfkóti ákveðinn með hliðsjón af nýjustu upplýsingum um hækkandi sjávarstöðu á líklegum líftíma mannvirkjanna.

Áhrif stefnunnar á umhverfisþáttinn

Umhverfisþáttur	Umhverfisviðmið
Loft og veðurfar	<ul style="list-style-type: none"> ● Styður stefnan við heilnæmt andrúmsloft? ● Stuðlar stefnan að minni losun gróðurhúsalofttegunda og varðveislu og bindingu kolefnis í gróðri og jarðvegi? ● Styður stefnan við öryggi almennings gagnvart loftslagsbreytingum?
Mat á samræmi við umhverfisviðmið	
+	<p>Stefna tillögunnar stuðlar að hreinu umhverfi með áherslu á viðhald hreinleika svæðisins í stefnu tillögunnar um landbúnað og sjávarnytjar og styður því við ofangreint viðmið um heilnæmt andrúmsloft.</p> <p>Stefnan styður við ofangreind umhverfisviðmið með markmiðum sem stuðla að minni losun gróðurhúsalofttegunda og er til þess fallinn að auka varðveislu og bindingu kolefnis í jarðvegi og gróðri. Stuðlað er að</p>

	<p>minni losun með markmiðum um samfellda byggð umhverfis stofnanasvæði í þéttbýli sem stuðlar að notkun vistvænna ferðamáta og minni umferð bifreiða. Þá stuðlar tillagan að bættum almenningssamgöngum. Með því að beina meginuppbyggingu íbúðarbyggðar og samfélagsþjónustu að þeim kjarna sem fyrir er á Reykhólum er stuðlað að eflingu nærþjónustu eins og mögulegt er og þar með stuðlað að styttri vegalengdum sem íbúar þéttbýlis þurfa að ferðast til að sækja þjónustu.</p> <p>Ekki liggur fyrir svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs sem Reykhólahreppur á aðild eins og gerðar eru kröfur um í reglugerð nr. 737/2003.</p> <p>Stefna tillögunnar um eflingu sauðfjárbúskapar kann að valda aukinni losun. Framræst votlendi vegna landbúnaðar er mikilvæg uppspretta koldíoxíðlosunar, en land sem hefur verið þurrkað upp með framræsluskurðum í Reykhólahreppi er í nýtingu og verða áfram nýtt sem slík. Viðbótarbinding í Reykhólahreppi er því að mestu í gegnum skógrækt og landgræðslu. Í skilmálum um landbúnaðarland er settar kvaðir sem takmarka framræsingu votlenda á landbúnaðarlandi kunna að draga úr mögulegri losun gróðurhúsalofttegunda.</p> <p>Stefna aðalskipulagsins um frekari uppbyggingu í ferðaþjónustu á svæðinu, kann að valda aukinni losun gróðurhúsalofttegunda vegna aukinnar umferðar bifreiða. Stefna um varðveislu birkiskóga og ósnortinna votlenda kann að vega þar upp á móti.</p> <p>Í Flatey er raforka framleidd með díselolíu sem hefur neikvæð áhrif á umhverfisþáttinn, en markmið aðalskipulagsins er að þróun orkumála í Flatey verði með sjálfbærni að leiðarljósi.</p> <p>Stefnan styður við skilgreind umhverfisviðmið um öryggi almennings gagnvart loftslagsbreytingum með markmiðum um að tekið sé tillit til hækkaðrar sjávarstöðu og annarrar þekktrar náttúruvár við deiliskipulagsgerð og mannvirkjagerð og landnotkun. Hugað er að áskorunum sem tengjast gróðureldum og sett markmið þar um.</p>
--	--

4.8 Gróður

Stefna aðalskipulagstillögunnar sem varðar umhverfisþáttinn

- Sett er fram það meginmarkmið að skipulag stuðli að sjálfbærri nýtingu auðlinda og góðri umgengni um þær til að tryggja heilbrigði vistkerfa og hagsæld samfélagsins til langs tíma litið.
- Sett er markmið um að standa vörð um útbreiðslu náttúruskóga, líffræðilega fjölbreytni og óröskuð votlendi.
- Sett er markmið um að staðinn verði vörður um búsvæði fugla og gróðurs til að viðhalda heilbrigði vistkerfa og líffræðilegri fjölbreytni.
- Sett er markmið um að göngu-, hjóla- og reiðleiðir og ferðir um þær valdi sem minnstu raski á votlendi, lífríki og fuglalífi.
- Sett er markmið um náttúru- og minjavernd sem miðar að því að varðveita m.a. náttúruminja sem rennir styrkari stoðum undir ferðaþjónustu.

- Sett er stefna um að mannvirkjagerð og skógrækt á landbúnaðarsvæðum taki tillit til landslagseinkenna, mikilvægra kennileita, verðmætra vistkerfa og búsvæða, s.s. votlendis og svæða sem njóta verndar skv. 61. gr. laga um náttúruvernd.
- Tillagan miðar að eflingu landbúnaðar og að sauðfjárbúskapur verði áfram helsta aðalsmerki héraðsins og megingrein landbúnaðar á svæðinu.
- Sett er stefna um að staðinn verði vörður um þau náttúrugæði og auðlindir sem landbúnaðarframleiðsla og aukabúgreinar í dreifbýli byggja á og þær nýttar með sjálfbærum hætti.
- Sett er markmið um skógrækt á landbúnaðarsvæðum sem miða að því að þess sé gætt að skógrækt falli sem best að landslagi og heildarsvipmóti lands og raski ekki náttúru- og menningarminjum. Áhersla verði á að rækta tegundir sem eru einkennandi fyrir svæðið og henta umhverfisaðstæðum og komið í veg fyrir útbreiðslu ágengra plöntutegunda á beitilönd, berjalönd, grasalönd og náttúrulega birkiskóga.

Áhrif stefnunnar á umhverfispáttinn

Umhverfispáttur	Umhverfisviðmið
Gróður	<ul style="list-style-type: none"> • Styður stefnan við sjálfbæra nýtingu gróðuruðlinda? • Styður stefnan við gróðurvernd?
Mat á samræmi við umhverfisviðmið	
+	<p>Stefnan styður við ofangreind umhverfisviðmið með stefnumiðum sem stuðla að sjálfbærri nýtingu gróðuruðlinda.</p> <p>Stuðlað er að varðveislu náttúruskóga, en sérstæðir eða vistfræðilega mikilvægir birkiskógar og leifar þeirra njóta sérstakrar verndar skv. 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd skv. kortlagningu og skilgreiningu Skógræktarinnar. Markmið laga nr. 33/2019 um skóga og skógrækt er að vernda náttúruskóga landsins og stuðla að aukinni útbreiðslu þeirra.</p> <p>Á skýringarmynd um náttúruvernd er gerð grein fyrir svæðum sem njóta verndar og um þessi svæði gilda ýmist sérlög, náttúruverndarlög eða ákvæði aðalskipulags, en skipulagsuppdrátturinn sjálfur sýnir aðeins friðlýst svæði.</p> <p>Á frístundabyggðarreitunum F-16, F-24, F-26, F-30, F-34, F-36, F-38, F-40 og F-42 er náttúrulegur birkiskógur sem fellur undir vernd 61. gr. náttúruverndarlaga um sérstaka vernd. Í tillögunni er gerð grein fyrir ákvæðum laga um náttúruvernd hvað varðar svæði sem falla undir sérstaka vernd, en forðast skal að raska þeim nema brýna nauðsyn beri til. Einnig er kveðið á um að ný frístundabyggðarsvæði skuli vera fyrir utan svæða sem tilgreind eru í 61. gr. laga um náttúruvernd nr. 60/2013. Ennfremur að forðast skuli að hrófla við birkiskógum eða kjarri vöxnum svæðum við framkvæmdir.</p> <p>Aukin nýting auðlinda svæðisins og uppbygging í ferðapjónustu, s.s. með áningarstöðum á ferðaleiðum, sem aðalskipulagstillagan boðar, kann að auka álag á lífríki. Á móti kemur að sett er fram stefna um að staðinn sé vörður um núverandi verndarsvæði og verðmæt vistkerfi eins og strandsvæði, birkiskóga og votlendi og sett er sérstakt markmið sem miðar að því að að göngu-, hjóla- og reiðleiðir og ferðir um þær valdi sem minnstu raski á votlendi, lífríki og fuglalífi Tillagan skilgreinir aðalgöngu- og reiðleiðir á milli einstakra hluta sveitarfélagsins og til</p>

	<p>annarra sveitarfélaga. Aðalgönguleiðirnar byggja á skoðun á leiðum á útgefnum ferðakortum. Markmið eru sett um að við uppbyggingu áningarstaða og útivistaraðstöðu verði almennt gætt að álagi á lífríki viðkvæmra svæða.</p> <p>Lögð er fram gróf flokkun landbúnaðarlands m.t.t. hentugleika til ræktunar með það að markmiði að vernda slíkt land í samræmi við landsskipulagsstefnu og leiðbeiningar ríkisins um flokkun.³¹</p> <p>Í aðalskipulagstillögunni eru skilgreindir þjóðvegir og þeir aðrir vegir í sveitarfélaginu sem sveitarfélagið gerir að tillögu sinni að séu skráðir í stafrænan kortagrunn Vegagerðarinnar yfir „vegi aðra en þjóðvegi í náttúru Íslands þar sem umferð vélknúinna ökutækja er heimil“, sbr. 32. gr. laga um náttúruvernd nr. 60/2013 og 2. mgr. 7. gr. vegalaga, nr. 80/2007. Slík skráning miðar m.a. að verndun náttúru. Jafnframt er gerð tillaga um flokkun veganna eftir greiðfærni í samræmi við 4. gr. reglugerðar nr. 260/2018 um vegi í náttúru Íslands samkvæmt lögum um náttúruvernd. Sú flokkun stuðlar enn frekar að því að ekki sé verið að aka þar sem illfært er og land getur skemmst.</p>
--	---

4.9 Lífríki

Stefna aðalskipulagstillögunnar sem varðar umhverfispáttinn

- Sett er fram það meginmarkmið að skipulag stuðli að sjálfbærri nýtingu auðlinda og góðri umgengni um þær til að tryggja heilbrigði vistkerfa og hagsæld samfélagsins til langs tíma litið.
- Sett er fram meginmarkmið um að skipulag styðji við búsetu í þéttbýli og dreifbýli og stuðli að því að byggðarmynstur í sveitarfélaginu og bæjarmynd Reykhóla og Flateyjar taki mið af sögu og sérkennum lífríkis og landslags.
- Sett er fram meginmarkmið um að skipulag og staðarmótun taki mið af sérkennum landslags, lífríkis og minja.
- Sett er markmið um varðveislu náttúruminja, fornleifa og annarra menningarminja sem rennir styrkari stoðum undir ferðaþjónustu.
- Sett er markmið um að staðinn verði vörður um ósnortin svæði, náttúrulega birkiskóga og ósörskuð votlendi. Einnig að staðinn verði vörður um búsvæði fugla og gróðurs til að viðhalda heilbrigði vistkerfa og líffræðilegri fjölbreytni, sem og markmið um að staðinn verði vörður um landslag, lífríki og minjar sem dýrmætan arf.
- Sett er markmið um sjálfbæra nýtingu sjávarauðlinda og tryggt að heilbrigði, líffræðileg fjölbreytni og framleiðslugeta haf- og strandsvæða viðhaldist. Einnig um að unnið verði að eflingu rannsókna og nýsköpunar með áherslu á þang og þara.
- Gert er ráð fyrir stækkun iðnaðarsvæðis á Karlsey fyrir hafnsækna starfsemi og starfsemi tengd nýtingu sjávarauðlinda.
- Skilgreindar eru aðal göngu- og reiðleiðir á milli einstakra hluta sveitarfélagsins og til annarra sveitarfélaga. Markmið er sett um að göngu-, hjóla- og reiðleiðir og ferðir um þær valdi sem minnstu raski á votlendi, lífríki og fuglalífi og um að stýra umferð til varnar viðkvæmri náttúru um leið og möguleikar til að fara um eru tryggðir (sjá umfjöllun um áhrif á gróður í kafla 4.9).

³¹ Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið (2021). Leiðbeiningar um flokkun landbúnaðarlands með tilliti til hæfni til ræktunar (2021), sjá [hér](#).

- Sett eru markmið um að ferðaþjónusta í Flatey þróist innan þolmarka náttúru og mannlífs og umhverfisvænar áherslur séu í öndvegi við þróun hennar.

Áhrif stefnunnar á umhverfisþáttinn

Umhverfisþáttur	Umhverfisviðmið
Lífriki	<ul style="list-style-type: none"> • Styður stefnan við vernd náttúruminja og líffræðilegs fjölbreytileika? • Stuðlar stefnan að því ekki sé gengið að óþörfu á svæði sem eru verðmæt vegna náttúruverndar? • Styður stefnan við endurheimt votlendis og annarra mikilvægra vistkerfa? • Styður stefnan við umhverfi án hættulegra efna? • Styður stefnan við sjálfbæra nýtingu lífríkis?
Mat á samræmi við umhverfisviðmið	
+	<p>Ofangreind markmið tillögunnar styðja við umhverfisviðmið um vernd náttúruminja og líffræðilegs fjölbreytileika og um að ekki sé gengið að óþörfu á svæði sem eru verðmæt vegna náttúruverndar.</p> <p>Tillagan styður við sjálfbæra nýtingu lífríkis með markmiði um að standa vörð um þau náttúrugæði og auðlindir sem landbúnaðarframleiðsla og aukabúgreinar í dreifbýli byggja á og þær nýttar með sjálfbærum hætti. Markmið um sjálfbæra nýtingu sjávarauðlinda og viðhald heilbrigði, líffræðilegrar fjölbreytni og framleiðslugetu haf- og strandsvæða styðja einnig við umhverfisviðmiðið. Stækkun iðnaðarsvæðis í Karlsey um 2 ha með landfyllingu kann að hafa áhrif á lífríki næst strönd og þarf að gera nánari grein fyrir þeim á deiliskipulags- og framkvæmdastigi.</p> <p>Stefnan styður að óverulegu leyti við viðmið um endurheimt votlenda og vistkerfa. Kveðið er á um varðveislu votlenda í stefnunni, en ekki er sett bein markmið um endurheimt votlenda sem hafa verið framræst, þar sem þau eru í nýtingu (sjá nánar kafla 4.7 um áhrif á loft og veðurfar).</p> <p>Innan landnotkunarreitanna F-12, F-38, F-40, F-42 VP-4 (heilsuhótel) eru votlendi sem falla undir sérstaka vernd, 61. gr. náttúruverndarlaga. Hugað er að samræmi við vernd lagagreinarinnar með almennum skilmálum um frístundabyggð sem kveða á um að við deiliskipulagsgerð, mannvirkjagerð og landslagsmótun skuli taka tillit til landslagseinkenna, sérstæðra kennileita, merkilegra jarðmyndana, verðmætra vistkerfa og búsvæða, fornleifa og annarra menningarminja og að ný frístundabyggðarsvæði skuli vera fyrir utan svæði sem tilgreind eru í 61. gr. laga um náttúruvernd nr. 60/2013. Einnig að forðast skuli að hrófla við birkiskógum eða kjarri vöxnum svæðum við framkvæmdir.</p> <p>Fyrir landnotkunarreitinn VP-4 (heilsuhótel) er í gildi deiliskipulag, Reykhólar. Útivistarsvæði og sjávarböð, sem tók gildi árið 2014, með breytingum 2016. Vísað er í umhverfismat deiliskipulagsins þar</p>

	<p>sem kemur það mat að framkvæmdir vegna skipulagsins hafi ekki neikvæð áhrif á náttúru og landslag.</p> <p>Stefnan styður við umhverfi án hættulegra efna með markmiðum um varðveislu ósnortinna svæða, náttúrulegra birkiskóga og óraskaðra votlenda og varðveislu búsvæða fugla og gróðurs til að viðhalda heilbrigði vistkerfa og líffræðilegri fjölbreytni.</p> <p>Markmið um að gæði neysluvatns verði tryggð fyrir íbúa og fyrir atvinnustarfsemi hafa jákvæð áhrif á umhverfispáttinn sem og markmið um að öll byggð á svæðinu verði tengd viðurkenndum rotþróum.</p> <p>Í tillögunni er gerð grein fyrir vernd Breiðafjarðar skv. lögum nr. 54/1995 og vísað til Verndaráætlun Breiðafjarðar 2014-2019 varðandi ákvæði þar. Breiðafjörður nýtur verndar skv. lögum, jafnframt því að vera á skrá Alþjóða fuglaverndarsamtakanna BirdLife International yfir Alþjóðlega mikilvæg fuglasvæði (Important Bird Areas, IBA).</p> <p>Tillagan gerir ráð fyrir stækkun hafnarsvæðisins við Tröllenda í Flatey til að rúma smábátahöfn við Miðpoll, en framkvæmdirnar kunnakann að hafa neikvæð áhrif á lífríki. Svæðið við Miðpoll er skilgreint sem óbyggt svæði í fyrra aðalskipulagi en Flatey er hluti af friðlýstu svæði í Breiðafirði skv. sérlögum nr. 54/1995. Gerð smábátahafnar við Miðpoll er tilkynningarskyld framkvæmd skv. lögum um mat á umhverfisáhrifum framkvæmda og áætlana nr. 111/2021 og fellur í B flokk, skv. tölulið 10.10 Hafnir, vatnaleiðir og viðlegubryggjur, utan þess sem tilgreint er í tölul. 10.09 þar sem framkvæmdasvæði er a.m.k. 1 ha. B-flokks framkvæmdir þarf að tilkynna til Skipulagsstofnunar til ákvörðunar um matsskyldu. Í skilmálum um höfn á Tröllenda er kveðið á um að gerð smábátahafnar við Miðpoll verði skv. útfærslu í deiliskipulagi og framkvæmdaleyfi í samræmi við stefnu aðalskipulagsins um landslag, náttúru- og minjavernd, sjá kafla 8.3.</p> <p>Markmið tillögunnar um að strönd, fjörum og grunnsævi verði viðhaldið í eins náttúrulegu ástandi eins og kostur er, styður við skilgreind umhverfisviðmið.</p> <p>Hverfisverndarsvæðum er fjölgað frá fyrra aðalskipulagi um eitt og er Norðurströnd Þorskafjarðar og fjörur í Djúpafríði hverfisvernduð skv. tillögunni. Svæðið er á Náttúruminjaskrá og um birkiskóginn og leirurnar gilda ákvæði náttúruverndarlaga og laga um vernd Breiðafjarðar og á þeim grunni er svæðið skilgreint sem hverfisverndarsvæði. Viðbótin hefur jákvæð áhrif á umhverfispáttinn, en markmið hverfisverndarinnar er að tryggja vernd birkiskóga, votlenda eða viðkvæmra og sérstæðra strandsvæða.</p> <p>Í tillögunni eru skilgreindir þjóðvegir og þeir aðrir vegir í sveitarfélaginu sem sveitarfélagið gerir að tillögu sinni að séu skráðir í stafrænan kortagrunn Vegagerðarinnar yfir „vegi aðra en þjóðvegi í náttúru Íslands þar sem umferð vélknúinna ökutækja er heimil“, sbr. 32. gr. laga um náttúruvernd nr. 60/2013 og 2. mgr. 7. gr. vegalaga,</p>
--	---

	nr. 80/2007. Slík skráning miðar m.a. að verndun náttúru. Jafnframt er gerð tillaga um flokkun veganna eftir greiðfærni í samræmi við 4. gr. reglugerðar nr. 260/2018 um vegi í náttúru Íslands samkvæmt lögum um náttúruvernd. Sú flokkun stuðlar enn frekar að því að ekki sé verið að aka þar sem illfært er og land getur skemmst.
--	--

4.10 Landslag

Stefna aðalskipulagstillögunnar sem varðar umhverfispáttinn

- Sett er fram meginmarkmið um að skipulag og staðarmótun taki mið af sérkennum landslags, lífríkis og minja.
- Sett er fram meginmarkmið um að skipulag styðji við búsetu í þéttbýli og dreifbýli og stuðli að því að byggðarmynstur í sveitarfélaginu og bæjarmynd Reykhóla og Flateyjar taki mið af sögu og sérkennum lífríkis og landslags.
- Sett er markmið um að sérstaða svæðisins í landslagi, sögu og menningu verði dregin fram við umhverfismótun og mannvirkjagerð á ferðaleiðum.
- Sett er markmið um að stuðlað verði að viðhaldi landbúnaðarlandslags, s.s. með túnslætti og góðu viðhaldi landbúnaðarmannvirkja.
- Sett er markmið um að strönd, fjöru og grunnsævi verði viðhaldið í eins náttúrulegu ástandi og kostur er.
- Sett er markmið um að náttúru- og menningarminjar og landslagssérkenni sem bera vitnisburð um sögu Flateyjar og Breiðafjarðar verði styrkt við deiliskipulagsgerð, mannvirkjagerð og landslagsmótun.
- Sett eru markmið um þess verði gætt að skógrækt falli sem best að landslagi og heildarsvipmóti lands og raski ekki náttúru- og menningarminjum. Áhersla er lögð á að rækta tegundir sem eru einkennandi fyrir svæðið og henta umhverfisaðstæðum og komið í veg fyrir útbreiðslu ágengra plöntutegunda á beitolönd, berjalönd, grasalönd og náttúrulega birkiskóga. Í skilmálum um landbúnaðarland er kveðið á um að í umsókn um framkvæmdaleyfi vegna skógræktar komi fram hvernig tekið er tillit til staðhátta, s.s. merkilegra náttúru- og menningarminja, landslagsgerða, fjarlægðar frá vatnsbökkum, veitum og samgönguæðum og til stefnu svæðisskipulags Dalabyggðar, Reykhólahrepps og Strandabyggðar og þessa aðalskipulags.
- Sett er markmið um að jarðhiti og sérkenni í sögu, lífríki og landslagi verði nýtt til uppbyggingar í ferðaþjónustu og að við umhverfismótun og mannvirkjagerð verði leitast við að styrkja þau sérkenni og staðaranda sem þau hafa skapað.
- Fyrir landnotkunarflokkinn vötn, ár og sjó er kveðið á um að við deiliskipulagsgerð og veitingu bygginga- og framkvæmdaleyfa á strandsvæðum verði þess gætt að vandað verði til mannvirkjagerðar og umhverfismótunar. Tekið verði mið af náttúruvá, landslagi og byggingararfi, svo sem m.t.t. staðsetningar, forms, lita og efna. Leitað verði áhlits fagaðila eftir því sem ástæða þykir til. Staðinn verði vörður um lífríki, jarðveg, merkar jarðmyndanir og fornleifar.
- Gert er ráð fyrir stækkun iðnaðarsvæðis á Karlsey um 2 ha með landfyllingu fyrir hafnsækna starfsemi og starfsemi tengdri nýtingu sjávarauðlinda.
- Sett er markmið um aukið raforkuöryggi með orkuframleiðslu með vatnsafla, jarðvarma og vindorku í sátt við náttúru og samfélag. Sett er markmið um að mannvirki vegna orkuvinnslu og orkuflutnings falli sem best að landslagi og annarri landnotkun.
- Skilmálar eru settir um óbyggð svæði sem kveða á um að mannvirkjagerð skal haldið í lágmarki á óbyggðum svæðum og er ekki er gert ráð fyrir mannvirkjagerð annarri en til

almennrar útivistar, s.s. stígar og áningarstaðir og tryggt skal að slíkt falli vel að umhverfinu og raski ekki viðkvæmri náttúru.

Áhrif stefnunnar á umhverfisþáttinn

Umhverfisþáttur	Umhverfisviðmið
Landslag	<ul style="list-style-type: none"> • Stuðlar stefnan að verndun, nýtingu og skipulagi landslags? • Styður stefnan við viðhald óbyggðra víðerna? • Styður stefnan við aukna almenna meðvitund og þekkingu á landslagi? • Styður stefnan við greiningu á sérkennum og verðmæti landslags og mótun stefnu um landslag? • Stuðlar stefnan að því að staðsetning og hönnun nýrra mannvirkja taki mið af byggingarhefðum, landslagi og staðháttum? • Styður stefnan við varðveislu náttúru- og menningargæða sem hafa staðbundið eða víðtækara gildi út frá sögu, náttúrufari eða menningu?
Mat á samræmi við umhverfisviðmið	
+	<p>Ofangreind markmið aðalskipulagstillögunnar eru í samræmi við umhverfisviðmið.</p> <p>Í aðalskipulagsgreinargerð er gerð grein fyrir landslagseinkennum og sérkennum svæðisins og tillagan felur í sér markmið um landslagsvernd og er því líkleg til að hafa jákvæð áhrif á umhverfisþáttinn. Auk markmiða um landslagsvernd er stuðlað að henni með hverfisverndun og almennum og/eða sértækum takmörkunum sem eiga við um einstaka landnotkunarreiti eða landnotkunarflokk.</p> <p>Stefna um að tekið sé tillit til landslagsheilda- og einkenna styður við viðmið um viðhald óbyggðra víðerna. Víðerni hafa ekki verið friðlýst eins og heimilt er skv. 46. gr. laga um náttúruvernd en landsskipulagsstefna kveður á um að við skipulagsgerð sveitarfélaga verði þess gætt að mannvirki og umferð um hálendið skerði víðerni og önnur sérkenni og náttúrugæði hálendisins sem minnst. Umrædd lagagrein er hins vegar opin fyrir túlkun og því ekki að fullu ljóst hvers konar mannvirki verða til þess að víðerni skerðist. Skilmálar tillögunnar um óbyggð svæði styðja við viðmið um víðerni þar sem kveðið er á um að mannvirkjagerð skal haldið í lágmarki á óbyggðum svæðum og er ekki er gert ráð fyrir mannvirkjagerð annarri en til almennrar útivistar, s.s. stígar og áningarstaðir og tryggt skal að slíkt falli vel að umhverfinu og raski ekki viðkvæmri náttúru.</p> <p>Markmið um að tryggja útbreiðslu náttúruskóga, ræktun tegunda sem finnast á svæðinu og vernda líffræðilega fjölbreytni er til þess fallið að draga úr neikvæðum áhrifum nýskógræktar á landslag.</p> <p>Stefna tillögunnar miðar að aukinni uppbyggingu á svæðinu, t.a.m. er svigrúm fyrir ný mannvirki í dreifbýli tengd landbúnaði og ferðaþjónustu. Stefnan boðar einnig uppbyggingu mannvirkja í þéttbýlinu. Áherslur tillögunnar um að sérstaða svæðisins í landslagi, sögu og menningu verði dregin fram við umhverfismótun og mannvirkjagerð á ferðaleiðum er til þess fallinn að stuðla að greiningu á sérkennum og verðmæti landslags og varðveislu þess. Það sama á við um markmið um að staðsetning og</p>

	<p>hönnun nýrra mannvirkja taki mið af byggingarhefðum, landslagi og staðháttum.</p> <p>Í Flatey er skýr stefna um að varðveislu landslagssérkenna og þau verði styrkt við deiliskipulagsgerð, mannvirkjagerð og landslagsmótun. Stefnan getur átt þátt í að auka almenna meðvitund og þekkingu á landslagi á svæðinu.</p> <p>Stefna um ferðaleiðir og uppbyggingu aðstöðu á áningarstöðvum á þeim kann að hafa áhrif á landslag, en þau eru ekki talin veruleg. Sett eru markmið um að því að landnýting, umhverfismótun og mannvirkjagerð taki tillit til landslagseinkenna, en einnig er miðað að því að skapa margskonar möguleika til að njóta einstaks landslags og lífríkis svæðisins. Við uppbyggingu áningarstaða og útivistaraðstöðu verði almennt gætt að álagi á lífríki viðkvæmra svæða.</p> <p>Stækkun iðnaðarsvæðis um 2 ha með landfyllingu í Karlsey kann að hafa áhrif á landslag. Gera má ráð fyrir að áhrif landfyllingarinnar séu þó að mestu þegar fram komin því fyrir er hafnarsvæði og hafnartengd starfsemi á svæðinu og eru því viðbótaráhrif vegna nýrrar landfyllingar á landslag talin líkleg til að verða metin neikvæð en óveruleg.</p> <p>Gerð er grein fyrir því að stór hluti Breiðafjarðar er verndaður með lögum um vernd Breiðafjarðar og nær verndunin til langflestra eyja, hólma og skerja í firðinum. Tillagan gerir ráð fyrir stækkun hafnarsvæðisins við Tröllenda í Flatey til að rúma smábátahöfn við Miðpoll sem kann að hafa neikvæð áhrif á umhverfisþáttinn. Svæðið við Miðpoll er skilgreint sem óbyggt svæði í fyrra aðalskipulagi en Flatey er hluti af friðlýstu svæði í Breiðafirði skv. sérlægum nr. 54/1995. Gerð smábátahafnarinnar er tilkynningarskyld framkvæmd skv. lögum um mat á umhverfisáhrifum framkvæmda og áætlana nr. 111/2021 og fellur í B flokk, skv. tölu 10.10 Hafnir, vatnaleiðir og viðlegubryggjur, utan þess sem tilgreint er í tölu 10.09 þar sem framkvæmdasvæði er a.m.k. 1 ha. B-flokks framkvæmdir þarf að tilkynna til Skipulagsstofnunar til ákvörðunar um matsskyldu. Markmið um að hugað verði að samræmi við sérstaka vernd sjávarfitja og leira skv. 61. gr. laga um náttúruvernd ásamt skilmálum sem kveða á um að í sjávarfitjum og leirum er ekki er gert ráð fyrir neinum mannvirkjum, vega þar á móti. Þá er tekið fram í skilmálum um höfn á Tröllenda að gerð smábátahafnar við Miðpoll verði skv. útfærslu í deiliskipulagi og framkvæmdaleyfi í samræmi við stefnu aðalskipulagsins um landslag, náttúru- og minjavernd, sjá kafla 8.3 í greinargerð aðalskipulagstillögunnar.</p>
--	---

4.11 Menningarminjar

Stefna aðalskipulagstillögunnar sem varðar umhverfisþáttinn

- Sett er fram það meginmarkmið að skipulag styðji við búsetu í þéttbýli og dreifbýli og stuðli að því að byggðarmynstur í sveitarfélaginu og bæjarmynd Reykhóla og Flateyjar taki mið af sögu og sérkennum lífríkis og landslags.
- Sett er meginmarkmið um að skipulag og staðarmótun taki mið af sérkennum landslags, lífríkis og minja.

- Sett er markmið um varðveislu náttúruminja, fornleifa og annarra menningarminja sem rennir styrkari stoðum undir ferðaþjónustu. Jafnframt er litið á verndun menningarminja sem hluta af því að styrkja staðaranda, sjálfsmynd og ímynd svæðisins.
- Sett er markmið um að tekið verði tillit til fornleifa og annarra menningarminja við deiliskipulagsgerð, mannvirkjagerð, skógrækt og aðra landnýtingu.
- Fyrir Reykhóla og Flatey eru sett markmið sem miða að því að sérstaða í landslagi, sögu og menningu verði dregin fram við umhverfismótun og mannvirkjagerð.
- Sett er markmið um að öll mannvirkjagerð og skógrækt á landbúnaðarsvæðum taki tillit til landslagseinkenna, mikilvægra kennileita, verðmætra vistkerfa og búsvæða, s.s. votlendis og svæða sem njóta verndar skv. 61. gr. laga um náttúruvernd, fjarlægðar frá ám og vötnum, svæða sem henta vel til tún- eða kornræktar, nærliggjandi landnotkunar, fornleifa og annarra búsetuminja.
- Sett er markmið um að jarðhiti og sérkenni í sögu, lífríki og landslagi verði nýtt til uppbyggingar í ferðaþjónustu og að við umhverfismótun og mannvirkjagerð verði leitast við að styrkja þau sérkenni og staðaranda sem þau hafa skapað.
- Sett er markmið um að mótuð verði skýrt afmörkuð og vel hirt rými sem til samans með lágreistri og samfelldri byggð og landslagssérkennum, skapa fallega bæjarmynd Reykhóla.
- Sett er markmið um að þróun byggðar og umhverfismótun í Flatey beri vitni um ríka virðingu fyrir náttúru- og menningarminjum. Frístundabyggðin falli vel að því svipmóti byggðar sem fyrir er. Í samræmi við skilmála um verndarsvæði í byggð³² (Porpið) miðar stefna aðalskipulagstillögunnar við að stuðlað verði að því að byggð í Flatey beri vitni um ríka virðingu fyrir menningarverðmætum og lífríki. Vandað sé til viðhalds húsa, minja og landslags út frá varðveislugildi en um leið leitast við að styðja við samfélag eyjarinnar. Skilmálar um hverfisvernd í Porpinu í Flatey hafa verið uppfærðir til samræmis við gildandi skilmála verndarsvæðis í byggð.
- Markmið er sett um að náttúru- og menningarminjar og landslagssérkenni sem bera vitnisburð um sögu Flateyjar og Breiðafjarðar verði styrkt við deiliskipulagsgerð, mannvirkjagerð og landslagsmótun. Markmið eru sett um að unnið verði að endurgerð og viðhaldi mannvirkjum sem bæði eru merkilegar minjar og þjóna ennþá mikilvægu hlutverki, s.s. garðar og bryggjur.

Áhrif stefnunnar á umhverfisþáttinn

Umhverfisþáttur	Umhverfisviðmið
Menningarminjar	<ul style="list-style-type: none"> • Styður stefnan við vernd menningarminja?
Mat á samræmi við umhverfisviðmið	
+	<p>Ofangreind markmið tillögunnar eru til þess fallinn að stuðla að vernd menningarminja og hafa því jákvæð áhrif á umhverfisþáttinn. Stefnan felur í sér vernd þeirra sem þátt í hagnýtingu.</p> <p>Skjólhöfn við Innstapoll í Flatey hefur samkvæmt tillögunni verið felld út sem hafnarsvæði, en staðsetning hafnarinnar var ekki talið ákjósanleg vegna menningarminja og neikvæðra áhrifa sem framkvæmdin kann að hafa á menningarminjar á svæðinu.</p> <p>Skv. 16. grein, laga um menningarminjar nr. 80/2012 skal skráning fornleifa, húsa og mannvirkja fara fram áður en gengið er frá</p>

³²Alta (2018). Porpið í Flatey á Breiðafirði. Tillaga að verndarsvæði í byggð. Reykólahreppur.

	<p>aðalskipulagi eða deiliskipulagi. Reiknað er með að þessum ákvæðum verði fylgt eftir við deiliskipulagsgerð.</p> <p>Gerð er grein fyrir friðlýstum og friðuðum minjum og skilmálar settir um friðhelgað svæði umhverfis þær, sbr. 22. grein laga um menningarminjar nr. 80/2012.</p> <p>Skilmálar hverfisverndarsvæðis í Flatey hafa verið uppfærðir til samræmis við samþykka skilmála verndarsvæðis í byggð en þeir miða að því að varðveita svipmót byggðarinnar.</p>
--	---

4.12 Sögur og sagnir

Stefna aðalskipulagstillögunnar sem varðar umhverfispáttinn

- Sett er fram stefna sem stuðlar að því að náttúru- og menningarminjar og landslagssérkenni sem bera vitnisburð um sögu Flateyjar og Breiðafjarðar verði styrkt við deiliskipulagsgerð, mannvirkjagerð og landslagsmótun. Stefnan stuðlar að því að sérstaða svæðisins í landslagi, sögu og menningu verði dregin fram við umhverfismótun og mannvirkjagerð á ferðaleiðum.
- Sett er markmið um að öll mannvirkjagerð og skógrækt á landbúnaðarsvæðum taki tillit til landslagseinkenna, mikilvægra kennileita, verðmætra vistkerfa og búsvæða, s.s. votlendis og svæða sem njóta verndar skv. 61. gr. laga um náttúruvernd, fjarlægðar frá ám og vötnum, svæða sem henta vel til tún- eða kornræktar, nærliggjandi landnotkunar, fornleifa og annarra búsetuminja.
- Sett er markmið um að jarðhiti og sérkenni í sögu, lífríki og landslagi verði nýtt til uppbyggingar í ferðaþjónustu og við umhverfismótun og mannvirkjagerð verði leitast við að styrkja þau sérkenni og staðaranda sem þau hafa skapað.
- Sett er markmið um uppbyggingu gönguleiða og áfangastaða í Flatey sem segja sögu lands, lífríkis og búsetu og nýtast jafnt íbúum sem gestum, dreifa álagi og beina umferð frá viðkvæmum svæðum. Unnið verði að hönnun og uppsetningu fræðsluskilta og merkinga þar sem við á.
- Sett er markmið um uppbyggingu innviða fyrir ferðamenn sem fellur vel að staðaranda Reykhóla.

Áhrif stefnunnar á umhverfispáttinn

Umhverfispáttur	Umhverfisviðmið
Sögur og sagnir	<ul style="list-style-type: none"> • Styður stefnan við verndun og varðveislu menningar og sögu sem felst m.a. í byggingararfi og landslagi?
Mat á samræmi við umhverfisviðmið	
+	Ofangreind markmið tillögunnar styðja við umhverfisviðmiðið eru til þess fallin að stuðla að verndun og varðveislu menningar og sögu sem felst m.a. í byggingararfi og landslagi.

4.13 Mannauður og búseta

Stefna aðalskipulagstillögunnar sem varðar umhverfispáttinn

Íbúðarbyggð

- Sett er fram markmið um að mörk þéttbýlis taki mið af þeirri skipulagsheild sem þorpið, höfnin og útivistarsvæði umhverfis mynda.
- Sett er fram meginmarkmið að skipulag styðji við búsetu í þéttbýli og dreifbýli og stuðli að því að byggðarmynstur í sveitarfélaginu og bæjarmynd Reykhóla og Flateyjar taki mið af sögu og sérkennum lífríkis og landslags.
- Sett er markmið um að meginuppbygging nýrrar íbúðarbyggðar fari fram á Reykhólum, en svigrúm verði fyrir stök íbúðarhús í dreifbýli í samræmi við stefnu og skilmála fyrir landbúnaðarsvæði auk verslunar- og þjónustusvæðis í Bjarkalundi og Króksfjarðarnesi.
- Sett er markmið um að íbúðarbyggð í þéttbýli svari húsnæðispörfum íbúa sem best og nýti vel þau grunnkerfi sem fyrir eru. Stefnan miðar að því að auka fjölbreytni húsagerða og íbúðastærða til að mæta þörfum sem flestra, í samræmi við húsnæðisáætlun sveitarfélagsins á hverjum tíma.
- Skilgreint er nýtt íbúðarsvæði meðfram Karlseyjarvegi þar sem verði heimilt að blanda saman íbúðum, verslun og þjónustu samkvæmt nánari útfærslu í deiliskipulagi.

Frístundabyggð

- Sett er markmið um að þróun frístundabyggðar skerði ekki mikilvæg eða viðkvæm svæði með tilliti til landbúnaðar, landslags eða náttúruverndar.
- Í sértækum skilmálum um landbúnaðarland, að undanskildu landbúnaðarlandi í Breiðafjarðareyjum, er gefin heimild til að reisa allt að þrjú frístundahús á hverju lögbýli. Mælst er til að húsin séu í nágrenni hvert við annað fremur en stök á víðavangi. Húsin skulu ætíð standa á sérstaklega afmörkuðum lóðum.

Lýðheilsa

- Sett er fram meginmarkmið um útivist og afþreyingu um að skipulag stuðli að heilsueflandi umhverfi með góðum aðstæðum til útivistar og íþróttaiðkunar.
- Markmið er sett um heilsueflingu allra aldurshópa með góðum íþrótt- og útivistarsvæðum í göngufæri við íbúðarsvæði á Reykhólum, sem nýtast bæði heimamönnum og ferðafólki.

Útivist

- Sett er markmið um að þróað verði net áhugaverðra útivistarleiða um sveitarfélagið og sem tengja það við nágrennasveitarfélög. Sett er markmið um að skilgreind verði aðalgönguleið sem liggur um sveitarfélagið meðfram ströndinni frá austri til vesturs, yfir valda hálsa og tengjast einnig leiðunum um nesin. Stofnleiðir sem liggja frá suðri til norðurs tengja sveitarfélagið nágrennasveitarfélögum.
- Skilgreind er aðalreiðleið sem liggur um sveitarfélagið meðfram ströndinni frá austri til vesturs, yfir valda hálsa og tengist hún reiðleiðum á nesjunum. Stofnleiðir sem liggja frá suðri til norðurs tengja sveitarfélagið nágrennasveitarfélögum. Reiðleiðin liggur að mestu leyti, þar sem mögulegt er, í sömu legu og aðalgönguleiðin. Þar sem þörf er á nánari útfærslu eða aðgreiningu annarrar umferðar verði hún ákveðin á hönnunar- og framkvæmdastigi.
- Markmið er sett um að meginreiðleiðir verði greiðfærar allt árið og malarbornar þar sem þess gerist þörf.
- Gert er ráð fyrir að nánari útfærsla leiðanna verði mótuð í samhengi við verkefni áfangastaðaáætlunar Vestfjarða en það snýst um að kortleggja og skilgreina ferðaleiðir, í samvinnu við landeigendur og fleiri hagaðila.

- Skilgreindar eru aðalgönguleiðir í þéttbýli sem hafa það hlutverk að tengja saman svæði í þéttbýlinu og tengja byggðina áningarstöðum, þar sem gangandi er gert kleift að njóta útiveru í náttúrunni. Stofnleiðir tryggja góðar gönguleiðir í þéttbýli sem tengja saman þjónustusvæði, íbúðarbyggð og almenningsrými. Aðalgönguleiðin liggur frá þjóðveginum, meðfram byggðinni og að höfninni. Aðalgönguleiðin liggur að áformaðri sjávarsmiðju og aftur norður fyrir byggðina. Aðalgönguleiðin tengir byggðina við útivistarsvæði við Langavatn. Tryggja að tryggt að stígar, áningarstaðir og skilti falli vel að umhverfinu og raski ekki viðkvæmri náttúru. Fram kemur að útfærsla skal nánar skilgreind í deiliskipulagi eða á framkvæmdastigi.
- Sett er markmið um að tengja saman með stíganeti einstaka hluta þéttbýlisins; helstu þjónustaði, opin svæði og útivistarsvæði í grenndinni.
- Sett er markmið um að skólalóðir verði öruggar með aðlaðandi leik- og útivistarsvæði sem nýtist einnig utan skólatíma.
- Sett er markmið um að á Reykhólum verði áhersla lögð á skjólmyndun með runnum og trjágróðri sem víðast, í samvinnu við skógræktarfélag.
- Sett er markmið um að Flatey þróist sem áhugaverður áfangastaður fyrir ferðafólk þar sem njóta má útivistar og fræðslu. Miðað er að því að unnið verði áfram að uppbyggingu gönguleiða og áfangastaði í Flatey sem segja sögu lands, lífríkis og búsetu og nýtast jafnt íbúum sem gestum. Skilgreindar eru aðalgönguleiðir í Flatey, en það eru leiðir sem saman áhugaverða áfangastaði á eyinni.

Náttúruvá og öryggi almennings

- Sett er markmið um að tekið verði tillit til þekkrar náttúruvár, þ.m.t. flóða, og fárviðris, við deiliskipulagsgerð, mannvirkjagerð og landnotkun.
- Sett er markmið um að hugað verði að áskorunum sem tengjast gróðureldum, svo sem flóttaleiðum og brunavörnum á frístundasvæðum.
- Sett er markmið um að tekið verði tillit til mögulegrar hækkunar sjávarstöðu vegna loftslagsbreytinga við deiliskipulagsgerð, mannvirkjagerð og landnotkun. Í deiliskipulagi skal gólfkóti ákveðinn með hliðsjón af nýjustu upplýsingum um hækkandi sjávarstöðu á líklegum líftíma mannvirkjanna.
- Sett er markmið um að hægt verði að forðast jarðrask þar sem sýkt búfé hefur verið grafið.

Áhrif stefnunnar á umhverfispáttinn

Umhverfispáttur	Umhverfisviðmið
Mannauður og búseta, þ.m.t. íbúðar- og frístundabyggð	<ul style="list-style-type: none"> • Styður stefnan við samkeppnishæfni og eflingu samfélags og atvinnulífs? • Styður stefnan við styrkingu samfélags með því að beina vexti að þeim kjörnum sem fyrir eru? • Stuðlar stefnan að öruggri, aðgengilegri og vandaðri byggð í góðum tengslum við umhverfi og náttúru sem styður lífsgæði og heilbrigðan og sjálfbæran lífsstíl. • Stuðlar stefnan að afmörkuðum en samfelldum frístundabyggðarsvæðum sem gefa notendum þeirra kost á góðum tækifærum til útiveru um leið og gætt er að því að frístundabyggðin skerði ekki mikilvæg eða viðkvæm svæði með tilliti til landbúnaðar eða náttúruverndar. • Stuðlar stefnan við góð tækifæri til útivistar og að því að réttur almennings að frjálsu aðgengi um náttúru landsins sé tryggður. • Styður stefnan við öryggi almennings gagnvart náttúruvá?

Mat á samræmi við umhverfisviðmið	
+	<p>Aðalskipulagstillagan miðar að skilgreindum umhverfismviðmiðum um eflingu byggðar og atvinnulífs. Leiðarljós tillögunnar er að stuðla að byggðapróun, landnotkun, auðlindanýtingu og umhverfismótun sem er hagkvæm, sjálfbær og heilsuvæn. Meginmarkmið um atvinnulíf miðar að því að skapa góðar aðstæður fyrir atvinnulíf sem byggist á sjálfbærri nýtingu menningar- og náttúruauðlinda til lands og sjávar.</p> <p>Stefnan styður við ofangreind umhverfisviðmið um styrkingu samfélags með stefnu um að uppbygging íbúðarsvæða takmarkist við þéttbýli, en áfram er gert ráð fyrir að reisa megi stök íbúðarhús í dreifbýli og svigrúm er fyrir íbúðarhúsnæði í Bjarkalundi og Króskfjarðarnesi. Uppbyggingu samfélagsþjónustu er beint í þann kjarna sem fyrir er á Reykhólum og styður það enn frekar við styrkingu samfélagsins og forsendur verslunar og þjónustu á svæðinu.</p> <p>Tillagan styður við viðmið um örugg, aðgengileg og vönduð byggð í góðum tengslum við umhverfi og náttúru sem styður lífsgæði og heilbrigðan og sjálfbæran lífsstíl með því að setja fram markmið um góðar aðstæður til útivistar og íþróttaiðkunar. Markmið eru sett um heilsueflingu allra aldurshópa með góðum íþrótt- og útivistarsvæðum í göngufæri við íbúðarsvæði á Reykhólum, sem nýtast bæði heimamönnum og ferðafólki. Stefna um göngu-, hjóla- og reiðleiðir styður enn frekar við ofangreint viðmið. Stefnan styður því við markmið sveitarfélagsins um að vera heilsueflandi samfélag.</p> <p>Stefna um frístundabyggð styður við ofangreind umhverfismarkmið um frístundabyggð með markmiði um þróun frístundabyggðar þar sem lögð er áhersla á að hún skerði ekki mikilvæg eða viðkvæm svæði með tilliti til landbúnaðar, landslags eða náttúruverndar. Reitir fyrir frístundabyggð eru skýrt afmarkaðir og settir almennir og sértækir skilmálar um þróun á þeim. Í skipulagsskilmálum er gerð er tillaga um að hámarksfjöldi bústaða á tilteknum reitum sé nokkru hærri en gildandi deiliskipulag gerir ráð fyrir, til að veita svigrúm fyrir deiliskipulagsbreytingu sem ekki kallar á aðalskipulagsbreytingu.</p> <p>Eitt meginmarkmið tillögunnar er að skipulag taki mið af öryggi íbúa og mannvirkja. Markmið eru sett um náttúruvá, gróðurelda, sjávarsvæði og loftslagsbreytingar og sýkingarhættu og styðja þau við ofangreind umhverfisviðmið um öryggi almennings gagnvart náttúruvá.</p>

4.14 Samfélagsþjónusta

Stefna aðalskipulagstillögunnar sem varðar umhverfispáttinn

- Sett er fram meginmarkmið um að skipulag skapi góða umgjörð fyrir samfélagsþjónustu og menningarlíf.
- Sett er stefna um að samfélagsþjónusta verði áfram byggð upp í miðkjarna þorpsins á Reykhólum, en góðar samgöngur tryggja gott aðgengi að góðri heilbrigðis- og félagsþjónustu innan sveitarfélagsins og sérfræðiþjónustu sem þarf að sækja út fyrir sveitarfélagið.
- Sett er markmið um að tryggt verði nægjanlegt rými fyrir framtíðarþróun skólastofnana miðsvæðis og vanda skal umhverfisfrágang þannig að aðstæður til leikja, íþróttar og annarrar útiveru séu sem bestar. Sett er markmið um að unnið verði að endurnýjun hjúkrunarheimilisins sem og uppbyggingu þjónustuíbúða á Reykhólum.
- Sett er markmið um að kirkju og kirkjusvæði í Flatey verði vel viðhaldið.
- Afmarkaður er reitur fyrir verslun og þjónustu á Brekku fyrir lýðskóla og ferðaþjónustu.

Áhrif stefnunnar á umhverfispáttinn

Umhverfispáttur	Umhverfisviðmið
Samfélagsþjónusta	<ul style="list-style-type: none"> • Styður stefnan við góð búsetuskilyrði og samkeppnishæfni byggða og bæja? • Styður stefnan við styrkingu samfélags með því að beina vexti að þeim kjörnum sem fyrir eru?
Mat á samræmi við umhverfisviðmið	
+	Tillagan styðja við ofangreind umhverfisviðmið með markmiði um að meginuppbygging nýrrar íbúðarbyggðar fari fram á Reykhólum og að samfélagsþjónusta verði áfram byggð upp í miðkjarna þorpsins á Reykhólum. Stefna tillögunnar miðar að því að skapa góða umgjörð fyrir samfélagsþjónustu sem getur styrkt byggðalagið.

4.15 Atvinnulíf

Stefna aðalskipulagstillögunnar sem varðar umhverfispáttinn

- Leiðarljós tillögunnar er að stuðla að byggðapróun, landnotkun, auðlindanýtingu og umhverfismótun sem er hagkvæm, sjálfbær og heilsuvæn. Skilgreind er þrískipt framtíðarsýn sem felur m.a. í sér að atvinnulíf byggi á auðlindum og sérkennum í náttúru, landslagi, menningu og sögu.
- Eitt af meginmarkmiðum tillögunnar er að skapa góðar aðstæður fyrir atvinnulíf sem byggist á sjálfbærri nýtingu menningar- og náttúruauðlinda til lands og sjávar.
- Sett er markmið um að sauðfjárbúskapur verði áfram helsta aðalsmerki héraðsins og megingrein landbúnaðar á svæðinu. Lögð er áhersla á nýsköpun í eflingu og þróun hans. Stefnan miðar að því að standa vörð um þau náttúrugæði og auðlindir sem landbúnaðarframleiðsla og aukabúgreinar í dreifbýli byggja á og þær nýttar með sjálfbærum hætti.
- Sett er markmið um að því að sveigjanleiki sé til að stunda margvíslegar aukabúgreinar á landbúnaðarsvæðum, innan tiltekinna tilgreindra marka.

- Miðað er að því að ferðapjónusta eflist sem heilsársatvinnugrein og sem aukabúgrein. Skilmálar um landbúnaðarland veita svigrúm til uppbyggingar ferðapjónustu í dreifbýli. Í almennum skilmálum er gefin heimild til að reisa önnur minniháttar mannvirki sem þjóna landbúnaði, útivist, náttúruskoðun eða hlunnindanýtingu, svo sem gangnamannakofa og fuglaskoðunarbyrgi. Gert er ráð fyrir að á landbúnaðarsvæðum séu nauðsynlegir innviðir með tilheyrandi minniháttar mannvirkjum fyrir sorphirðu, vatnsöflun (þ.m.t. borholur), veitu- og fjarskiptakerfi og smávirkanir allt að 200 kW enda falli mannvirki af þessu tagi vel að landi og séu lítt áberandi. Heimilt er, þar sem aðstæður leyfa á hverju lögbýli, að hafa sérhæfðar byggingar, allt að 1500 m², fyrir ferðapjónustu, þ.e. hótél, gistiheimili og byggingar fyrir veitingarekstur.
- Sett er markmið um góða aðstöðu fyrir móttöku ferðafólks við þá ferðapjónustu sem er starfrækt í á Reykhólum og um uppbyggingu innviða fyrir ferðamenn sem fellur vel að staðaranda Reykhóla.
- Lögð er fram gróf flokkun landbúnaðarlands og sett markmið um varðveislu góðs ræktarlands á landbúnaðarsvæðum í samræmi við landsskipulagsstefnu og leiðbeiningar atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytis um flokkun³³.
- Sett er markmið um sjálfbæra nýtingu sjávarauðlinda og tryggt að heilbrigði, líffræðileg fjölbreytni og framleiðslugeta haf- og strandsvæða viðhaldist.
- Sett er markmið um að jarðhiti verði nýttur til margskonar framleiðslu úr staðbundnum auðlindum sjávar og grunnsævis svæðisins. Áhersla er lögð á að rannsóknir og nýsköpun á sviði sjávarnytja eflist. Svigrúm verði fyrir vöxt núverandi iðnaðar- og athafnastarfsemi á Reykhólum og í boði verði lóðir fyrir nýja starfsemi, einkum þá sem getur nýtt sér hafnaraðstöðu, jarðhita og aðrar auðlindir sveitarfélagsins til lands og sjávar.
- Skilgreint er svæði sérstakra nota haf- og vatnssvæða við Reykhólahöfn til að tryggja svigrúm fyrir framtíðaruppbyggingu á svæðinu.
- Sett er stefna um að sterk tengsl verði á milli sjávarnytja, ferðapjónustu og menningarstarfsemi og að Reykhólar þróist áfram sem þarabaðstaður.
- Sett er markmið um að búið verði vel að annarri atvinnustarfsemi, s.s. tengdri framkvæmdum, tækni, skapandi greinum og rannsóknum.
- Sett er markmið um að Flatey verði áfram aðgengilegur áfangastaður með tryggum ferjusamgöngum. Einnig sett markmið um að bæta aðstöðu fyrir smábáta.
- Sett er markmið um að landbúnaður og nýting hlunninda verði í sátt við umhverfið. Ferðapjónusta í Flatey þróist innan þolmarka náttúru og mannlífs og umhverfisvænar áherslur séu í öndvegi við þróun hennar og að stuðlað verði að uppbyggingu sjálfbærrar ferðapjónustu og innviða sem byggist á sögunni og náttúrunni og styrki enn frekar staðarandann í Flatey.
- Skilgreindar eru ferðaleiðir sem taka mið af stefnu svæðisskipulags Dalabyggðar, Reykhólahrepps og Strandabyggðar 2018-2030. Lögð er áhersla á að þróa ferðaleið meðfram ströndinni með tengingu við Vestfjarðaleiðina ásamt með tengingu við styttri og lengri akstur- og útivistarleiðir í grennd hennar. Unnið verði að því að á fjölga vönduðum og áhugaverðum áningarstöðum á leiðinni, þar sem kostur er að njóta landslags og lífríkis svæðisins, og komast í snertingu við mannlíf þess og sögu. Á leiðinni verði sett upp fuglaskoðunarskýli á völdum stöðum. Staðir fyrir skýlin verði ákveðnir í samráði við landeigendur og ferðapjónustuaðila. Hönnun skýlanna taki mið af landslagi hvers staðar, m.t.t. staðsetningar, efnis, lita og forms.

Grunninnviðir

- Sett er markmið um að íbúum og fyrirtækjum verði tryggð gott aðgengi að grunninnviðum, s.s. raforku og heitu og köldu vatni til að styðja við þróun og nýsköpun.

³³ Atvinnu- og nýsköpunarráðuneytið, 2021. [Leiðbeiningar um flokkun landbúnaðarlands með tilliti til hæfni til ræktunar](#). Samstarfsverkefni atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytis, Skipulagsstofnunar og Landbúnaðarháskóla Íslands

- Sett er markmið um betri nýtingu jarðhitauðlindarinnar, þannig að hún þjóni íbúum og fyrirtækjum sem best.
- Sett er markmið um aukið raforkuöryggi og miðað að uppbyggingu flutningsmannvirkja raforku sem tryggir örugga afhendingu raforku, um leið og tekið er tillit til áhrifa á náttúru og landslag.
- Sett er markmið um að fjarskiptaþjónusta á svæðinu verði öflug og örugg og þjóni íbúum, fyrirtækjum og ferðamönnum sem allra best. Áfram verði unnið uppbyggingu ljósleiðara og farsímasenda í sveitarfélaginu. Stuðlað verði að uppbyggingu ljósleiðara í þéttbýlinu.
- Sett eru markmið um að höfnum Reykhólum og á Tröllenda í Flatey verði vel viðhaldið þannig að þær þjóni atvinnulífinu sem best. Sett er markmið um að aðstaða fyrir smábáta verði bætt í Flatey með stækkun hafnarsvæðisins H-2 við Tröllenda og smábátahöfn við Miðpoll.

Áhrif stefnunnar á umhverfispáttinn

Umhverfispáttur	Umhverfisviðmið
Atvinnulíf	<ul style="list-style-type: none"> • Styður stefnan við aðstæður fyrir grænt hagkerfi og fjölbreytt og samkeppnishæft atvinnulíf? • Styður stefnan við samkeppnishæfni og eflingu samfélags og atvinnulífs? • Styður stefnan við uppbyggingu atvinnulífs til framtíðar, með áherslu á gæði í hinu byggða umhverfi og öflugum innviðum. • Styður stefnan við eflingu sérstöðu Íslands sem áfangastað ferðamanna? • Styður stefnan við eflingu ferðaþjónustu í dreifbýli um leið og gætt er að því að varðveita þau gæði sem eru undirstaða ferðaþjónustu? • Styður stefnan við að nýting náttúruauðlinda fari fram með sjálfbærum hætti? • Stuðlar stefnan að möguleikum á fjölbreyttri og hagkvæmri nýtingu landbúnaðarlands í sátt við umhverfið? • Stuðlar stefnan að því að byggð gangi ekki að óþörfu á svæði sem eru verðmæt til landbúnaðar?
Mat á samræmi við umhverfisviðmið	
+	<p>Ofangreind markmið tillögunnar styðja við umhverfisviðmiðin. Framtíðarsýn og leiðarljós aðalskipulagstillögunnar tekur mið af framtíðarsýn og leiðarljósi svæðisskipulags Dalabyggðar, Reykhólahrepps og Strandabyggðar sem felur í sér áætlun um byggðapróun m.t.t. landbúnaðar, sjávarnytja og ferðaþjónustu. Með áætluninni festu sveitarfélögin þrjú í sessi sameiginlega framtíðarsýn á þróun svæðisins í þeim tilgangi að styrkja atvinnulíf og byggð.</p> <p>Stefna tillögunnar styður við ofangreint viðmið um uppbyggingu atvinnulífs til framtíðar, með áherslu á gæði í hinu byggða umhverfi og öflugum innviðum með markmiðum sem miða að öruggum veitukerfum sem styðja sem best við þróun og nýsköpun í samfélaginu, í sátt við náttúru og samfélag.</p> <p>Tillagan fylgir stefnu svæðisskipulags Dalabyggðar, Reykhólahrepps og Strandabyggðar og miðar að því að sauðfjárbúskapur verði áfram helsta aðalsmerki héraðsins og megingrein landbúnaðar á svæðinu. Stefnan felur í sér varðveislu þeirra náttúrugæða og auðlinda sem landbúnaðarframleiðsla og aukabúgreinar í dreifbýli byggja á og þær</p>

	<p>nýttar með sjálfbærum hætti. Stefnan stuðlar að möguleikum á fjölbreyttri og hagkvæmri nýtingu landbúnaðarlands í sátt við umhverfið og felur stefnan í sér sveigjanleika til að stunda margvíslegar aukabúgreinar á landbúnaðarsvæðum, innan tiltekinna tilgreindra marka, þ.m.t. ferðaþjónustu. Stefnan um uppbyggingu á landbúnaðarlandi, kann að boða álag á umhverfið, ef allar jarðir nýta sér það svigrúm sem gefið er til uppbyggingar á landbúnaðarsvæðum. Á móti því vegur að í stefnunni er þess gætt að því að byggð gangi ekki að óþörfu á svæði sem eru verðmæt til landbúnaðar með því að miða að því að öll mannvirkjagerð og skógrækt á landbúnaðarsvæðum taki tillit til landslagseinkenna, mikilvægra kennileita, verðmætra vistkerfa og búsvæða, s.s. votlendis og svæða sem njóta verndar skv. 61. gr. laga um náttúruvernd, fjarlægðar frá ám og vötnum, svæða sem henta vel til tún- eða kornræktar, nærliggjandi landnotkunar, fornleifa og annarra búsetuminja. Einnig er lögð fram gróf flokkun landbúnaðarlands og sett markmið um varðveislu góðs ræktarlands á landbúnaðarsvæðum í samræmi við landsskipulagsstefnu og leiðbeiningar um flokkun.</p> <p>Stefnan miðar við að efla ferðaþjónustu sem heilsársatvinnugrein á svæðinu og byggð í dreifbýli um leið og gætt er að því að varðveita þau gæði sem eru undirstaða ferðaþjónustu. Áhersla er lögð á sjálfbæra nýtingu þeirra auðlinda sem ferðaþjónustan byggir á.</p> <p>Markmið um ferðaleiðir taka mið af stefnu svæðisskipulags Dalabyggðar, Reykhólahrepps og Strandabyggðar 2018-2030 og styður við ofangreind viðmið sem snúa að ferðaþjónustu.</p> <p>Stefnan miðar að því að nýting náttúruauðlinda fari fram með sjálfbærum hætti og styður því við ofangreint markmið þar um.</p>
--	--

4.16 Stofnkerfi

Stefna aðalskipulagstillögunnar sem varðar umhverfisþáttinn

Veitukerfi

- Sett er fram meginmarkmið um að skipulag stuðli að öruggum veitukerfum styðja sem best við þróun og nýsköpun í samfélaginu, í sátt við náttúru og samfélag.
- Sett er markmið um örugg veitukerfi sem styðja sem best við þróun og nýsköpun í samfélaginu. Sett er markmið um aukið raforkuöryggi með orkuframleiðslu með vatnsafli, jarðvarma og vindorku í sátt við náttúru og samfélag. Markmið er sett um að mannvirki vegna orkuvinnslu og orkuflutnings falli sem best að landslagi og annarri landnotkun.
- Sett er markmið um bætt veitukerfi, þ.m.t. rafmagn, hitaveitu, fjarskipti og rotþrær.
- Sett er markmið um að fjarskiptaþjónusta á svæðinu verði öflug og örugg og þjóni íbúum, fyrirtækjum og ferðamönnum sem allra best. Áfram verði unnið uppbyggingu ljósleiðara og farsímasenda í sveitarfélaginu. Unnið verði að þessum markmiðum með áframhaldandi uppbyggingu háhraðanets í sveitarfélaginu og fjölgun senda fyrir farsíma í sveitarfélaginu.
- Markmið er sett um að staðinn verði vörður um innviði í Flatey og þróun grunnkerfa, m.a. orkumála, verði með sjálfbærni að leiðarljósi.

Vegakerfi og göngu- og reiðleiðir

- Sett er fram meginmarkmið um að skipulag í dreifbýli tryggi öruggt og greiðfært vegakerfi sem styður við byggðapróun í sveitarfélaginu. Að skipulag í þéttbýli tryggi öruggar götur og göngu- og hjólavænt umhverfi.
- Sett er markmið um að vegir innan sveitarfélagsins og á milli þess og annarra sveitarfélaga á Vestfjörðum, Vesturlandi og Norðurlandi vestra séu greiðar og öruggar. Þannig verði stuðlað að auknu jafnrétti til náms, starfa og þjónustu, auk þess sem stuðlað er að umhverfisvænni samgöngum.
- Markmið er sett um að einbreiðar brýr heyri sögunni til.
- Skilgreindar eru aðal göngu- og reiðleiðir í sveitarfélaginu, þéttbýlinu og í Flatey og sett stefna um þær.

Hafnir

- Sett er markmið um að höfn á Reykhólum verði vel viðhaldið þannig að hún þjóni atvinnulífinu sem best.
- Sett er markmið um að höfn á Tröllenda í Flatey verði vel viðhaldið þannig að þær þjóni íbúum, gestum og atvinnulífi sem best.
- Sett er markmið um að með tryggum ferjusamgöngum verði Flatey áfram aðgengilegur áfangastaður.
- Sett er markmið um að aðstaða fyrir smábáta verði bætt í Flatey með stækkun hafnarsvæðisins H-2 við Tröllenda og smábátahöfn við Miðpoll.

Áhrif stefnunnar á umhverfispáttinn

Umhverfispáttur	Umhverfisviðmið
Stofnkerfi	<ul style="list-style-type: none"> • Styður stefnan við samþættingu stefnu um byggðapróun í þéttbýli og dreifbýli með áherslu á greiðar, öruggar og vistvænar samgöngur og fjölbreyttan ferðamáta? • Styður stefnan við byggingu viðnámsþolinna innviða og við nýsköpun? • Styður stefnan við hagkvæmni varðandi samgöngur og veitur. • Styður stefnan við aðgengi allra að áreiðanlegri og sjálfbærri orku á viðráðanlegu verði? • Styður stefnan við greiðar samgöngur innan skilgreindra vinnusóknar- og þjónustusvæða meginkjarna, með styrkingu byggðar að leiðarljósi? • Er mótuð stefna um meginleiðir ferðamanna, gangandi, ríðandi og hjólandi? • Gefur stefnan kost á uppbyggingu fjarskiptamannvirkja til að tryggja örugg fjarskipti, um leið og gætt verði að áhrifum á náttúru og landslag? • Gefur stefnan kost á uppbyggingu flutningsmannvirkja raforku sem tryggir örugga afhendingu raforku, um leið og tekið er tillit til áhrifa á náttúru og landslag? • Stuðlar tillagan að því að mannvirki vegna orkuvinnslu og orkuflutnings falli sem best að landslagi og annarri landnotkun? • Er með stefnunni tekin afstaða til möguleika á orkuframleiðslu með vatnsafli, jarðvarma og vindorku í sátt við náttúru og samfélag?

Mat á samræmi við umhverfisviðmið	
+	<p>Tillagan felur í sér stefnu um byggðapróun í þéttbýli og dreifbýli með áherslu á greiðar, öruggar og vistvænar samgöngur og fjölbreyttan ferðamáta í þéttbýli. Stefnan er til þess fallinn að stuðla að hagkvæmni varðandi samgöngur og veitur, þótt ekki sé sett beinlínis markmið um það í tillögunni.</p> <p>Stefnan styður við ofangreint umhverfisviðmið um greiðar samgöngur innan skilgreindra vinnusóknar- og þjónustuvæða meginkjarna, með styrkingu byggðar að leiðarljósi. Stefnan miðar að því að vegir innan sveitarfélagsins og á milli þess og annarra sveitarfélaga á Vestfjörðum, Vesturlandi og Norðurlandi vestra séu greiðar og öruggar. Þannig verði stuðlað að auknu jafnrétti til náms, starfa og þjónustu, auk þess sem stuðlað er að umhverfisvænni samgöngum. Markmið um að einbreiðar brýr heyri sögunni til styður einnig við markmið um öruggar samgöngur.</p> <p>Stefna aðalskipulagstillögunnar styður við ofangreint umhverfisviðmið um örugga afhendingu raforku með markmiðum um örugg veitukerfi styðja sem best við þróun og nýsköpun í samfélaginu, aukid raforkuöryggi með orkuframléiðslu með vatnsaflí, jarðvarma og vindorku í sátt við náttúru og samfélag og markmiði um að kostur sé á uppbyggingu fjarskiptamannvirkja til að tryggja örugg fjarskipti, um leið og gætt verði að áhrifum á náttúru og landslag. Tekin er afstaða með orkuframléiðslu með vatnsaflí, jarðvarma og vindorku í sátt við náttúru og samfélag, en þó er ekki gert ráð fyrir umfangsmiklum vindorkuverum umfram þau sem samþykkt hafa verið í Garpsdal. Stefnan miðar að því að mannvirki vegna orkuvinnslu og orkuflutnings falli sem best að landslagi og annarri landnotkun og er því í samræmi við ofangreint umhverfisviðmið þar um.</p>

4.17 Vindorkugarður á Garpsdalsfjalli

Mörkuð er stefna og sett skipulagsákvæði um iðnaðarsvæði fyrir vindorkuver í landi Garpsdals. Iðnaðarsvæðið er skilgreint sem varúðarsvæði í samræmi við lög nr. 48/2011 um verndar- og orkunýtingaráætlun og skipulagsreglugerð nr. 90/2013, sbr. kafla 5.2, 5.4.5 og 12.4 í aðalskipulagsgreinargerð.

Hér í þessum kafla eru forsendum og umhverfismati framkvæmdanna lýst með sama hætti og gert var í staðfestri aðalskipulagsbreytingu, en texti sumstaðar stytur eða orðalagi breytt án efnisbreytinga³⁴

4.17.1 Lýsing á framkvæmdum

Til stendur að reisa vindorkugarð á iðnaðarsvæði landi Garpsdals með allt að 21 vindmyllu auk safnvirkis til framleiðslu á rafmagni allt að 89 MW. Svæðið sem um ræðir er óbyggt svæði ofan 200 m y.s. Svæðið er um 4,37 km² að stærð og nær allt að 500 m y.s. Framkvæmdirnar falla undir lög um

³⁴ Breyting á aðalskipulagi Reykhólahrepps 2006-2018. Greinargerð og umhverfisskýrsla vegna vindorkugarðs í Garpsdal. Dags, 24.09.2020. Breytt 26.03.2021 og m.t.t athugasemda Skipulagsstofnunar dags. 3. september 2021, br. 6. maí 2022 eftir álit Skipulagsstofnunar 10. desember 2021 og innviðaráðherra 5. apríl 2022. Unnið af Landmótun fyrir Reykhólahrepp.

umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021, en sbr. 1. viðauka við segir í lið 3.02 að öll orkuver með 10 MW uppsett rafafli eða meira og jarðvarmavirkjanir og önnur varmaorkuver með 50 MW uppsett varmaafli eða meira séu í A-flokki, en þar eru tilgreindar þær framkvæmdir sem ávallt eru háðar mati á umhverfisáhrifum.

Fjölmargar rannsóknir hafa verið unnar í tengslum við umhverfismat framkvæmdarinnar þar sem lagt er mat á þau áhrif sem framkvæmdin hefur eða getur haft í för með sér. Umræddar rannsóknir voru nýttar í greinargerð og umhverfisskýrslu skipulagsbreytingarinnar.

4.17.2 Markmið

Markmið með skilgreiningu iðnaðarsvæðis undir vindmyllugarð er að auka framboð á raforku í sveitarfélaginu sem aftur getur fjölgað atvinnutækifærum og styrkt sveitarfélagið sem framtíðarbúsetukost. Markmið er einnig að tryggja að raforkuframleiðslan hafi sem minnstu mögulegu umhverfisáhrif í för með sér og setja skilyrði hvað varðar hönnun og uppsetningu á vindmyllum og öðrum mannvirkjum sem tengjast framkvæmdinni.

4.17.3 Breyting á lýsingu


Frá því að lýsing var kynnt fyrir almenningi hefur áætluðum fjölda vindmylla verið fækkað úr 35 í 21 og bil á milli þeirra aukið. Stærð svæðisins hefur einnig breyst fer úr 3,3 í 4,37 km², sjá mynd 1. Gerðar hafa verið rannsóknir á svæðinu eins og það var skilgreint á fyrri stigum en ekki er talið að breytt umfangi svæðisins gæfi tilefni til nýrra rannsókna. Rannsóknir og áhrif breyttrar skilgreiningar á svæðinu:

Gróðurfarsrannsóknir

Ágætar upplýsingar liggja fyrir um gróðurfur í Garpsdal og nágrenni í vistgerðarkortum Náttúrufræðistofnunar Íslands (NÍ) og nýlegum loftmyndum. Árið 2018 vann Náttúrustofa Vestfjarða úttekt á gróðri á láglandi í Garpsdal í tengslum við áform um virkjun Múlaár (Cristian Gallo, Hafdís Sturlaugsdóttir og Hulda Birna Albertsdóttir, 2018). Í tengslum við vindorkugarðinn var Náttúrustofa Austurlands (NA) fengin til að kanna gróðurfur á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði sumarið 2019. Niðurstöður ítarlegrar rannsóknar sem fram fór fram innan upprunalega rannsóknarsvæðis á Hrauni gáfu til kynna að gróður þar væri fábrotinn, eyðimelavist mest áberandi og svæðið einsleitt. Í framhaldi af stækkun svæðisins var NA fengin aftur til að meta vistgerðir og verndargildi á því svæði sem var umfram það sem búið var að taka út og þá með vistgerðarkortum NÍ. Engar tegundir þeirra sem fundust á athugunarsvæðinu eru friðlýstar eða á valista. Á framkvæmdasvæði er hins vegar að finna vistgerðir með mjög hátt og hátt verndargildi og votlendi sem nýtur sérstakrar verndar samkv. lögum um náttúruvernd.

Myndin til hliðar sýnir staðsetningu vindmylla og mörk vindmyllugarðs með hvítri línu skv. staðfestri aðalskipulagsbreytingu. Fyrri afmörkun svæðis skv. skipulagslýsingu fyrir aðalskipulagsbreytinguna er sýnd með svartri línu (EM orka, 2020).





Gröðursvæði á athugasvæði framkvæmdar sem hafa hátt eða mjög hátt gildi eða njóta verndar (Drög að frummatsskýrslu Em Orka/Mannvit, 2020)

Jarðvegsrannsóknir og jarðmyndanir

Rannsókn var gerð á jarðmyndunum, jarðfræði og vatnafari vegna fyrirhugaðra framkvæmda á svæðinu; farnar voru vettvangsferðir og svæðið skoðað. Farin var önnur vettvangsferð til frumathugunar á mögulegri legu jarðstrengs og fjallað er um það drög að frummatsskýrslu. Grafnar voru í heildina 26 prufuholur á athugunarsvæðinu til að mæla jarðlög, þar af 3 í og við efnisnámuna á Garpsdalsmelum og 23 holur innan svæðis fyrirhugaðs vindmyllugarðs. Á svæðinu er að finna Blágrýti, basískt og ísúrt gosberg og setlög. Niðurstöður rannsókna sem fram fór innan upprunalega rannsóknarsvæðisins gefur til kynna að á svæðinu séu ekki jarðmyndanir sem eru sérstakar eða einstakar á lands- eða heimsvísu.. Á svæðinu fundust ekki neinar jarðmyndanir sem njóta sérstakrar verndar skv. lögum um náttúruvernd.

Fuglarannsókn

Fuglarannsóknir tóku til greina 500 metra jaðarsvæði og náðu því yfir nær allar vindmyllur utan eina sem lendir rétt handan jaðarsvæðisins, sjá mynd hér til hliðar. Myndin sýnir staðsetningu vindmylla og mörk rannsóknarsvæðis fuglarannsóknar með hvítri línu. Eldri afmörkun svæðis er sýnd með svartri línu (EM orka, 2020). Niðurstöður árekstralíkans gáfu til kynna lága árekstrartíðni fyrir hinar 20 og enginn fugl í verndarflokki sást á svæðinu. Ekki er talið tilefni til þess að taka þá vindmyllu sérstaklega fyrir.


NA fór í átta vettvangsferðir frá apríl til nóvember 2019, framkvæmdar voru m.a. sniðtalningar, mælingar á flugferlum og flughæð og fylgst náði með hegðun hafarna með hjálp leiðarrita. Athuganir benda til þess að þéttleiki varpfugla á Garpsdalsfjalli sé mjög lítill og fjöldi fugla sé einnig almennt ekki mikill, að undanskildum rjúpum að hausti. Við athuganir var ekki vart við farflug um þetta svæði þó svo að á sömu tímum hafi fuglar sést í farflugi á öðrum svæðum í nágrenninu, t.d. úti á Breiðafirði. Samanlagt í öllum vettvangsferðum NA, úr flugmælingum, sniðtalningu og könnunarferðum um nærliggjandi strandsvæði og heiðar, bæði á láglendi og á hálendi, sáust 44 tegundir fugla. Hafarnir sáust ekki á Garpsdalsfjalli í úttekkt Náttúrustofu Austurlands en vitað er um 3 arnaróðul í grennd við fyrirhugaðan vindorkugarð þó ekkert þeirra sé nær en 8 km. Samkvæmt þeim athugunum sem hafa farið fram er ekkert sem bendir til þess að hafarnir haldi sig á fyrirhuguðu svæði vindorkugarðs eða að þeir sæki í svæði sem liggja þetta hátt uppi.

Ekki varð vart við nokkurt farflug fugla á vindorkugarðssvæðinu á meðan athuganir fóru þar fram. Að teknu tilliti til þess að umferð fugla um athugunarsvæðið er almennt lítil og að áflugstíðni er talin lítil sömuleiðis eru áhrif á fugla vegna árekstrarhættu við vindmyllur talin óveruleg.



Sýnileiki

Samanburður á sýnileikagreiningu 35 vindmyllum annarsveggar og 21 vindmyllu hinsveggar leiddi í ljós að með fækkun vindmylla og breyttri staðsetningu yrði sýnileiki frá færri stöðum og áhrif á ásynd landslags því minni, sbr. kortin fyrir neðan ásyndar. Uppdrættir semsýna einkenni landslags og landslagsheildir á svæðinu eru



Sýnileikagreining á 35 vindmyllum annarsveggar og 21 vindmyllu hinsveggar.

4.17.2 Tengsl við aðrar áætlanir

Landsskipulagsstefna

Í Landsskipulagsstefnu 2015–2026 sem samþykkt var á Alþingi 16. mars 2016 er m.a. stefna um skipulag í dreifbýli.

Í kafla 2.2 Umhverfis- og menningargæði segir í lið 2.2.2 Náttúra, menningararfur og heilnæmt umhverfi:

Við skipulagsgerð sveitarfélaga verði leitast við að varðveita náttúru- og menningargæði sem hafa staðbundið eða víðtækara gildi út frá sögu, náttúruferi eða menningu. Það getur m.a. falist í stefnu um vistheimt og verndun og eflingu gróðurs og jarðvegs. Jafnframt verði gætt að álagi á vatn og vatnsvernd. Landslagsgreining og vistgerðaflokkun ásamt áætlunum um uppgræðslu lands og vatnaáætlun verði lagðar til grundvallar skipulagsákvörðunum.

Í kafla 2.5 Orkumannvirki og örugg afhending raforku í sátt við náttúru og umhverfi segir:

Skipulag gefi kost á að nýta orkulindir í dreifbýli með sjálfbærni og umhverfisvernd að leiðarljósi. Jafnframt gefi skipulag kost á uppbyggingu flutningsmannvirkja raforku sem tryggja örugga afhendingu raforku. Mannvirki vegna orkuvinnslu og orkuflutnings falli sem best að landslagi og annarri landnotkun.

Um skipulagsgerð sveitarfélaga segir í kafla 2.5.1 Orkunýting og raforkuflutningur í skipulagsáætlunum, að við skipulagsgerð sveitarfélaga verði tekin afstaða til möguleika á orkuframleiðslu m.a. með vindorku í sátt við náttúru og samfélag. Þar segir einnig að skipulagsákvörðanir um raforkuflutningsmannvirki geri kleift að tryggja örugga afhendingu raforku. Við skipulagsákvörðanir um nýja orkuvinnslukosti og lagningu raflína verði lagt mat á umhverfisáhrif, þar á meðal sjónræn áhrif, og leitast við að velja þann kost sem valdi minnstum neikvæðum umhverfisáhrifum.

Í tillögu til þingsályktunar um endurskoðaða landsskipulagsstefnu 2015–2026, sem lögð var fram á Alþingi árið 2021, segir í gr. 6.01 um skipulag með tilliti til landslags: *Við skipulagsgerð sveitarfélaga taki ráðstöfun lands til uppbyggingar og ræktunar mið af þeim gæðum sem felast í landslagi. Leitast*

verði við að haga skipulagi byggðar og landnotkunar þannig að verðmætt landslag sé varðveitt og við hönnun byggðar og bæjarrýma verði stefnt að því að efla þau gæði sem felast í landslagi, náttúrulegu og manngerðu.

Í gr. 6.1.1. um skipulagsgerð með tilliti til landslags og staðareinkenna segir: *Við skipulagsgerð sveitarfélaga verði landslag og staðareinkenni greind á grundvelli flokkunar landslagsgerða á landsvísu. Niðurstöður greiningarinnar verði lagðar til grundvallar við mörkun stefnu um ráðstöfun lands til uppbyggingar og ræktunar með það að markmiði að byggja á, viðhalda og efla þau gæði sem felast í landslagi og sérkennum náttúru og byggðar.*

Ennfremur segir í gr. 6.1.2 um skipulagsgerð með tilliti til víðerna: *Við skipulagsgerð sveitarfélaga verði óbyggð víðerni greind staðbundið á grundvelli kortlagningar óbyggðra víðerna sem unnin er á landsvísu. Stefna um uppbyggingu og ræktun utan þéttbýlis taki mið af niðurstöðum þeirrar greiningar með það að markmiði að viðhalda óbyggðum víðernum.*

Þá segir í gr. 6.2.4 um hönnun mannvirkja í landslagi: *Við skipulagsgerð sveitarfélaga verði vandað til staðarvals og hönnunar mannvirkja, jafnt í þéttbýli og í opnu landi með tilliti til staðbundinna gæða sem felast í landslagi. Hönnun mannvirkja taki mið af landslagi, kennileitum, sjónlínunum, útsýni og þeirri byggð sem fyrir er. Sérstaklega verði vandað til hönnunar bygginga og annarra mannvirkja sem mynda ný kennileiti.*

Stefna um vindmyllugarð í Garpsdal var metin í samræmi við markmið í Landsskipulagsstefnu 2015-2026. Framkvæmdirnar voru ekki metnar hafa neikvæð áhrif á þá þætti sem falla undir sögu, náttúrufar eða menningu. Áformaðar framkvæmdir eru að mestum hluta á grýttum og lítt grónum melum í um 500 m y.s. Stefnan miðar að nýtingu þeirrar orkulindar sem svæðið býr yfir, í formi vindafars sem hentar til raforkuframleiðslu. Mannvirkin verða sýnileg, flutningur raforkunnar verður eftir jarðstreng. Meginhluti framkvæmdarinnar er afturkræfur að líftíma loknum. Með framkvæmdinni er raforkuöryggi í landsfjórðungum bætt.

Víðerni og landslagsflokkun

Gefin hefur verið út kortlagning víðerna á miðhálandi Íslands³⁵ í samræmi við nýja landsskipulagsstefnu og er ætlað til greiningar víðerna við gerð aðalskipulagsgerð sveitarfélaga. Ekki hafa verið gefnar út leiðbeiningar um skilgreiningu víðerna og var því ekki fjallað sérstaklega um áhrif á víðerni í staðfestri aðalskipulagsbreytingu að öðru leyti en að greint var frá að Garpsdalur væri utan víðerna miðhálandis.


Skipulagsstofnun hefur gefið út flokkun og kortlagningu landslagsgerða á landsvísu³⁶ og þar er Garpsdalur innan landslagsflokks sem skilgreindur er sem Firðir og fjarðarheiðar, 6.3 Breiðir firðir milli hárra fjalla. Þar er fjallað um Skarðsströnd og Gilsfjörð að Reykhólum: Strendur við Breiðafjörð á norðvestanverðu landinu, auk fjallendis ofan strandar. Opnir firðir sem ganga inn í landið og minni inndalir skera fjallendi. Land nær frá sjó upp í um 1.000 m hæð yfir sjávarmáli. Undirlendi er takmarkað en yfirborð þess er grasi gróið. Víða er birkikjarr í inndölum. Hærra land er mó- eða votlent. Byggð er strjál utan minni byggðakjarna. Landbúnaður er lítill og takmarkast við undirlendi í inndölum.

- Einkenni landslags: Landform og landhæð: Opnir firðir sem ganga inn af stærri fjörðum og flóum, Láglandi við strendur sem teygir sig aflíðandi upp á lágheiðar og flatt eða ávalt landform, mjúkar línur, og land í 0 til 400 m hæð yfir sjávarmáli.
- Yfirborð lands: Mó- og votlendi, að hluta til kjarrvaxið, mosavaxnir melar ofan heiða, minni vötn á heiðum og ár og lækir falla til sjávar.

³⁵ David C. Ostman og Þorvarður Árnason. [Kortlagning víðerna á miðhálandinu: Framhaldsverkefni um þróun aðferðafræði](#). Háskóli Íslands, Rannsóknasetur á Hornafirði og Rammaáætlun. Janúar 2020.

³⁶ EFLA, LUC. [Landslag á Íslandi. Flokkun og kortlagning landslagsgerða á landsvísu](#). 17.11.2020.

- Landnýting: Dreifð byggð meðfram ströndum og þéttbýlisstaðir/byggðakjarnar innan fjarða og landbúnaður stundaður á láglandi.
- Sjónrænir eiginleikar: Nokkuð víðsýnt og langar sjónlengdir út á haf, útsýni yfir firði og út á sjó og einsleitni í landformum og litbrigðum³⁷.



Svæðisskipulag

Engin umfjöllun er um nýtingu vindorku í svæðisskipulagi Dalabyggðar, Reykhólahrepps og Strandabyggðar. Við deiliskipulagsgerð og veitingu byggingar- og framkvæmdaleyfa verði þess gætt að vel sé vandað til mannvirkjagerðar og umhverfismótunar.

Rammaáætlun

Umsókn um virkjunarkostinn hefur verið send inn fyrir 4. áfanga rammaáætlunar.

Kerfisáætlun Landsnets 2019-2028

Í Kerfisáætlun Landsnets 2019-2028 – Langtímaáætlun um þróun meginflutningskerfis raforku er umfjöllun um vindorku og settar eru fram sviðsmyndir þar sem þróun flutningskerfisins með tilliti til vindorkuframléiðslu. Í kafla 3.5 Vestfirðir, 3.5.1 Núverandi staða, kemur fram að flutningsgeta Vesturlínu sé langt frá því að vera fullnýtt en flutningstakmarkanir séu þó á svæðinu vegna spennuvandamála. Einnig kemur fram að á Vestfjörðum hafi afhendingaröryggi í sögulegu samhengi verið heldur lakara en víðast annarsstaðar á landinu en ýmsar endurbætur hafa verið gerðar á undanförunum árum. Samkvæmt raforkulögum nr. 65/2003 skulu virkjanir sem eru 10 MW eða stærrí tengjast flutningskerfinu beint. Samningur við flutningsfyrirtækið á því dreifiveituvæði sem virkjunin er á skal liggja fyrir þegar sótt er um virkjunarleyfi.

³⁷ EFLA, LUC. [Landslag á Íslandi. Flokkun og kortlagning landslagsgerða á landsvísu](#). 17.11.2020.

Sóknaráætlun Vestfjarða 2020-2024

Í Sóknaráætlun Vestfjarða 2020-2024 sem er stefnumótandi sértæk byggðaáætlun fyrir Vestfirði sem felur í sér stöðumat, framtíðarsýn og markmið, út frá framtíðarsýn íbúa Vestfjarða. Þar er kemur fram að einn helsti veikleiki landshlutans séu veikir innviðir og er ótryggt rafmagn einn af þeim liðum. Undir atvinnu og nýsköpun kemur einnig fram að einn af helstu veikleikum sé raforkuskortur og ótryggt afhendingaröryggi rafmagns. Ein af þeim áherslum sem koma fram undir tengslum við forgangsmarkmið ríkisstjórnarinnar, í heimsmarkmiðunum, er að afhendingaröryggi rafmagns sé aukið og í umhverfi og skipulagi er einn helsti veikleikinn að rafmagn sé framleitt með jarðefnaeldsneyti. Vindorkugarðar er metin hafa jákvæð áhrif á þá þætti sem tilgreindir eru í sóknaráætluninni og snerta orku og afhendingu hennar auk jákvæðra áhrifa á atvinnuþróun og tækifæri í landsfjórðungnum.

Vernd Breiðafjarðar

Breiðafjörður er friðaður samkvæmt lögum um vernd Breiðafjarðar nr. 54/1995 og tilgangur laganna er að stuðla að verndun Breiðafjarðar, einkum landslags, jarðmyndanna, lífríkis og menningarminja. Verndaráætlun fyrir Breiðafjörð 2014-2019 var unnin á vegum Breiðafjarðarnefndar og samþykkt af umhverfis- og auðlindaráðherra 2015. Umrætt svæði vindmyllugarðs í Garpsdal er ekki innan skilgreindra marka friðunarinnar en getur haft áhrif á ásýnd af svæðinu. Einn meginþáttur friðunar Breiðafjarðar er lífríki og er fuglalíf stór liður þess en nánari umfjöllun er um áhrif framkvæmdanna á fuglalíf og rannsóknir á þeim umhverfisþætti í tengslum við áætlaða framkvæmd í kafla 4.9 og 4.17.14

Náttúruminjaskrá

Það svæði sem skilgreint er fyrir vindorkugarð er hvort innan svæðis á náttúruminjaskrá eða svæðis í tillögu Náttúrufræðistofnunar Íslands að B-hluti skrárinnar.


4.17.3 Framkvæmdasvæði fyrir vindorkugarð í Garpsdal

Staðhættir

Fyrirhugað iðnaðarsvæði fyrir vindorkugarð í landi Garpsdals við norðanverðan Gilsfjörð er um 4,37 ha að flatarmáli og liggur í um 200-500 m y.s. Yfirbragð svæðisins einkennist af stórgrýttum og lítt grónum mel. Engin byggð er á eða í nálægð við svæðið og dýralíf fábrotið. Aðkoma verður eftir núverandi slóða sem verður endurnýjaður og byggður upp að því marki sem nauðsynlegt er.


Landslag og ásýnd

Landslagið á svæðinu er fjölbreytt enda um stórt svæði að ræða sem liggur bæði á láglandi og hálendi. „Það er á köflum víðáttumikið og nokkuð einsleitt, sérstaklega á hálendi, sem gerir athugunarsvæði fyrir landslagsgreininguna nokkuð stórt. Framkvæmdarhlutar sem gert er ráð fyrir í greiningunni er aðkomuvegur um Garpsdal, vindmyllusvæði á Hrauni og jarðstrengur í Bakkadal/Geiradal. Það landsvæði sem framkvæmdarhlutar ná til var skipt niður í landslagsheildir og réðst skiptingin af náttúrulegum þáttum í landslaginu, svo sem jarðfræði, gróðurfari og landformum. Ásamt því að skoða náttúrufarsþætti við landslagsgreiningu voru landform greind, ásamt landnotkun og sjónrænum fjölbreytileika landslags til að öðlast dýpri skilning á gerð og formi landslags. Athugunarsvæðið einkennist af nokkuð breytilegu landslagi þar sem víða er mikið víðsýni. Fjöllin eru mjög afmarkandi þættir í landslaginu, þau eru flest nokkuð há og brött með háum klettabrúnum og skriðum þar fyrir neðan. Uppi á fjöllum ofan klettabrúna er oft víðáttumikið og hallalítið heiðarlandslag. Í dölunum er þó nokkurt undirlendi sem einkennist af framræstu landbúnaðarlandi og þar liðast um árfarvegir frá dalsbotnum og fram í sjó.“ (bls. 72, EM orka / Mannvit, september 2020).




Landform, línur, sjónrænar afmarkanir og kennileiti í landslagi. (EM orka/Mannvit,2020)

Athugunarsvæðið var flokkað í þrjár landslagsheildir út frá einkennandi þáttum og er skiptingin sýnd á mynd á næstu bls. Mörk landslagsheilda eru í fæstum tilfellum mjög skörp eða greinileg en eru engu að síður táknuð hér með línu á korti. Hverri landslagsheild er gefið nafn til aðgreiningar sem dregið er af örnefnum innan heildarinnar. Gerð verður grein fyrir hverri landslagsheild með stuttri lýsingu og yfirferð á helstu einkennum. Í lýsingu kemur fram hvaða þættir eru áberandi fyrir hverja heild og hvort einhverjir þættir gefa henni aukið vægi gagnvart öðrum landslagsheildum. Fyrir hverja heild er sjónrænn fjölbreytileiki metinn ásamt næmni og gildi hennar og þar með einnig viðkvæmni fyrir breytingum. Að lokum er umfang breytinga innan hverrar heildar greint og síðan lagt mat á einkenni og vægi áhrifa framkvæmdar (bls. 75, EM orka / Mannvit, september 2020).



Athugunarsvæði landslagsgreiningar flokkað í landslagsheildir. (EM orka/Mannvit, 2020)


Landslag svæðisins einkennist að grýttum og lítt grónum melum. Samkvæmt jarðfræðiskýrslu sem Mannvit vann vegna fyrirhugaðs vindorkugarðs eru ekki þekktar neinar jarðminjar sem njóta sérstakrar verndar samkvæmt lögum um náttúruvernd í landi Garpsdals. Einnig kemur fram að ekki séu neinar heimildir um snjóflóð, skriður eða aurflóð á svæðinu. Í niðurstöðum kemur fram að áhrif á jarðmyndanir innan fyrirhugaðs framkvæmdasvæðis verði óveruleg. Á svæðinu séu ekki jarðmyndanir sem eru sérstakar eða einstakar á lands- eða heimsvísu og þ.a.l. verður engum sérstæðum jarðmyndunum raskað. Vegna hæðar og staðsetningar er svæðið nokkuð sýnilegt frá byggð. Ásýnd að svæðinu frá byggð er nokkur og sýnileika myndir hafa verið unnar og kynntar íbúum. Áhrif á víðerni eru óljós þar sem einungis til gömul gögn sem unnin eru á grunni skilgreiningar eldri laga og því röng. Skipulagsstofnun hefur ekki gefið út nýja afmörkun víðerna samhliða landsskipulagsstefnu sem snýr að víðernum utan þeirra sem eru á miðhálandinu og Garpsdalur er utan þeirra afmarkana. Í frummatsskýrslu fyrir vindorkukugarðinn er fjallað nánar um landslag og ásýnd og þar er grunnástand, viðmið, einkenni og vægi á umhverfið, mótvægisáðgerðir og eftirlit.



Sýnileiki og ásýnd, samsettar myndir (EM-orka, 2019).

Fugla- og dýralíf

Svæðið fyrir vindorkugarðinn er í nálægð við Breiðafjörð sem er mikilvægt fuglasvæði einkum vegna sjófugls. Breiðafjörður er aðalvarpsvæði hafarnar sem er friðaður samkvæmt lögum nr. 61/1994 en amnarvarpstaður er í um 8 km fjarlægð frá áhrifasvæði framkvæmdarsvæðisins í Garpsdal. Nokkuð er af rjúpu á svæðinu, seint á haustin, en rjúpnaveiðar hafa verði takmarkaðar. Rannsókn á fuglalífi var unnin af Náttúrufestu Austurlands í tengslum við umhverfismat vegna framkvæmda vindorkugarðs í Garpsdal, „Fuglalíf á Hrauni á Garpsdalsfjalli og nærsvæðum, Rannsóknir vegna fyrirhugaðs vindmyllugarðs“, þar sem svæðið og 500 m jaðar út fyrir það var rannsakað auk þess sem farið var á aðliggjandi svæði og fjöldi fugla skráður, sjá mynd að neðan. Í rannsókninni var fylgst með öllum fuglum, flugi og fari samkvæmt aðferðafræði Scottish National Heritage á framkvæmdasvæði ásamt 500 m jaðri út fyrir það. Þau nærliggjandi svæði sem skoðuð voru eru: Gilsfjörður, Króksfjarðarnes, Neshyrna, Pröskuldur, Arnkötludalur og Garpsdalur.



Athugunarpunktur fuglarannsóknar NA við fyrirhugað iðnaðarsvæði. (NA, Minnisblað vegna rannsókna á fuglum á Garpsdal, 2019)

Í skýrslunni kemur fram að innan framkvæmdasvæðisins hafi sést alls 14 tegundir fugla í átta athugunum og sendlingur staðfestur varpflug en aðrir líklegir varpfluglar voru; heiðlóa, rjúpa, snjóttlingur og steindepill en þessar tegundir sáust oftast, eða í 7 athugunum af 8. Miðað við skráningar á fjölda einstaklinga var rjúpa lang algengust 1235 fuglar. Aðrar algengar fuglategundir

sem sáust eru heiðlóa 118 fuglar, snjótittlingur 108 fuglar, heiðargæs 73 fuglar og hrafn 38 fuglar. Fram kemur að hér sé þó ekki um beinar talningar að ræða heldur samanlagt margfeldi hópastærða og fjölda athugana allra athugunadaga. Því má ætla að hópar og einstaklingar sem héldu til á svæðinu hafi ítrekað verið taldir og endurtaldir en gildin eru samt sem áður talin endurspegla að einhverju leiti fjölda einstaklinga og tegunda innan svæðis þó ekki þannig að nota megi þau til útreikninga á þéttleika. Þéttleiki rjúpu var mestur í október og þá sáust einnig 3 fálkar en umferð þeirra kann að leiða til árekstra við vindmyllur.



Hluti framkvæmdarsvæðisins, jarðvegur og gróðurfar (Mannvit, 2019).

Nálægð framkvæmdasvæðisins við varpsvæði hafarnar er þáttur sem hafa ber í huga þó svo þeir hafi ekki sést á svæðinu á athugunartíma. Yfirstandandi er rannsókn á ferðum og svæðanotkun ungra arna hófst 2019, m.a. í því augnamiði að safna upplýsingum um mögulega umferð arna um framkvæmdasvæðið. Leiðarritar voru settir á tvo arnarunga í hreiðri við norðanverðan Breiðafjörð og þeir staðsettir daglega, árið um kring og samkvæmt þeim upplýsingum sem komnar eru þá hefur hvorugur unginn sést í grennd við framkvæmdasvæðið.



Að þeim forsendum sem Náttúrustofa Austurlands gefur sér þá metur stofan að áflugstíðni verði að öllum líkindum lág og áhrif á búsvæðatap sömuleiðis lítil. Framkvæmdasvæðið er frekar gróðursnautt, dýralíf fábrotið og var ekki talin ástæða til rannsókna á áhrifum á það. Í umhverfismati framkvæmdar verður frekari grein gerð fyrir áhrifum á fuglalíf og staðsetning vindmylla sýnd í deiliskipulagi.


Rannsókn á gróðri í Garpsdal og á Hrauni á Garpsdalsfjalli var unnin vegna fyrirhugaðs vindmyllugarðs og vegstæðis að svæðinu af Náttúrustofu Austurlands 2019. Í gróðurathugunni var framkvæmdarsvæðið 330 ha kannað og vegstæði, 100 m til beggja átta frá miðlínu vegar. Í skýrslunni kemur fram að segja megi að svæðið skiptist í tvo ólíka hluta og að rannsóknarsvæðið í heild sé mjög fjölbreytt þar sem fyrirhugað vegstæði liggja frá láglendi upp á hálendi, sé gróður fjölbreyttur. Fram kemur að á Hrauni uppi á Garpsdal þar sem vindmyllugarður er fyrirhugaður sé hálendisvistlendi ríkjandi og almennt nokkuð fábrotið og einsleitt svæði. Þar sem er fyrirhugað vegstæði eru vistgerðir með hátt eða mjög hátt verndargildi víða, m.a. starungsmýravist og finnungsvist. Á athugunarsvæðinu voru kortlögð tvö votlendissvæði sem njóta verndar skv. lögum um náttúruvernd vegna stærðar (20.000 m²). Djújavist 39.000 m² á Hrauni og starungsmýravist 40.000 m² á vegstæði en núverandi slóð liggur um hana miðja. Gert er ráð fyrir að hnika veginum frá mýrinni á þeim stað.

Fram kemur að tuttugu og sex vistgerðir í átta vistlendum hafi verði kortlagðar á heildarathugunarsvæðinu. Þar af voru þrjár vistgerðir með yfir 10% þekju og var eyðimelavist algengust en vistgerðir með mjög hátt eða hátt verndargildi þöktu um 9,3% af athugunarsvæðinu. Ekki fundust friðlýstar tegundir eða tegundir á valista í þessari rannsókn og hafa slíkar ekki heldur verið skrásettar áður á svæðinu skv. gagnagrunni NÍ.

Í skýrslunni kemur fram að áhrif framkvæmda á gróður eru einkum óafturkræf röskun á gróðurhulu þar sem vegslóðinn verður breikkaður og færður til, auk þess svæðis sem raskast uppi á fjallinu við uppsetningu vindmylla. Fram kemur að mikilvægt sé að hlífa votlendissvæðum og forgangsvistgerðum eins og hægt er. Við framkvæmdir þurfi að lágmarka rask í votlendi. Þær mótvægisáðgerðir sem settar eru fram sem hugsanlegar eru t.d. endurheimt votlendis á nálægum svæðum. Einnig kemur fram að þegar gróðri er raskað í bröttum hlíðum þarf að gæta varkárni þar sem jarðvegur er óstöðugur og ætti því jarðvegsvernd að vera í forgangi við framkvæmdir í hlíðum Stóragaltar. Mikilvægt er að taka mið af umhverfinu þegar uppgræðsluáðferðir eru valdar og halda raski á öllum gróðri í lágmarki.

Helstu vistgerðir og votlendi sem njóta verndar á framkvæmdar-svæðinu.


-  Vistgerðir með mjög hátt verndargildi.
-  Vistgerðir með hátt verndargildi.
-  Forgangsvistgerðir
-  Votlendi minna en 20.000m².
-  Votlendi stærra en 20.000m².



Helstu vistgerðir og votlendi á framkvæmdarsvæðinu (Náttúrustofa Austurlands, 2019).


Veðurfar og ísing

Svæðið stendur hátt og er mjög opið og athuganir gefa til kynna að austnorðaustan- og vestsuðvestanátt séu ríkjandi vindáttir á svæðinu. Austnorðaustanáttin er sú vindátt sem hefur mestan meðalvindhraða (m/s). Samkvæmt upplýsingum á vef Vegagerðarinnar og Veðurstofu Íslands eru reknar nokkrar sjálfvirkar veðurstöðvar nálægt fyrirhuguðu framkvæmdarsvæði. Þar er um að ræða stöðvar á Pröskuldum, Ennishálsi, Króksfirði og Gillastaðamelum. Meðalvindhraði er yfir 10 m/s og sá vindhraði er sögulega mjög stöðugur seinustu 16 ár. Meginvindáttir og þar með talið hvassviðrisáttir eru ANA og VSV.



Vindrós sem sýnir ríkjandi vindáttir (EM orka, 2021).

Þar sem svæðið stendur hátt yfir sjávarmáli er meðalhiti $-0,5^\circ$ gráður.



Tafla sem sýnir meðalhita á svæðinu (EM orka, 2021).

Úrkoma er ekki mæld í vind og veðurmælingum tengdum verkefninu, en hins vegar verður ísing mæld með sérstöku mælitæki. Jafnframt hefur framkvæmdaraðili í vinnslu að útbúa ísingarhermun fyrir allt framkvæmdarsvæðið. Niðurstöður ísingamælinga eru ekki gerðar opinberar þar sem þær eru teknar til greina í rekstrarlíkönum en sögulega er ísing yfir meðallagi á svæðinu.³⁸

³⁸ Almennt um veðurfar. Minnisblað 15.03.2021. EM Orka

Í umsögn sinni um tillögu að matsáætlun benti Veðurstofa Íslands á að rétt væri að huga að 10 mínútna meðalvindhraða og vindhviðum, en vindhviður geti náð tvöföldum meðalvindhraða. Einnig var bent á að tryggja þurfi að innviðir þoli þann vindhraða og hviðustyrk sem gera má ráð fyrir á svæðinu.

Ljóst er að vindhraði á svæðinu getur orðið mikill og þarf framkvæmdaraðili að fara að tilmælum Veðurstofunnar við nánari athugun og hönnun á vindorkugarðinum á seinni stigum.

Vindauðlindin er í skoðun á framkvæmdasvæðinu og hófust vindmælingar þar á vegum EM Orku haustið 2018 þar sem mældur er vindhraði, vindátt og órói. Vindmælingar munu standa yfir í a.m.k. 2 ár.

EM Orka hefur fengið vindorkuráðgjafa til þess að vinna mat á mögulegri orkunýtni í vindorkugarðinum í Garpsdal. Matið er byggt á bestu mögulegu þekkingu sem er fyrir hendi í þessum iðnaði við að spá fyrir um langtímanýtingu mismunandi vindmylla. Útkoma þessa mats felur í sér líkur sem geta sagt fyrir um mögulega orkuvinnslugetu á 10 ára tímabili. Þessar líkur eru almennt settar fram sem P50 og P90 sem þýðir 50% og 90% líkur á að ná þeirri orkunýtingu sem stefnt er að á 10 ára tímabili³⁹.

Umferð um vindorkugarðinn verður stýrt, sér í lagi að vetri til. Gert er ráð fyrir að umferð verði eingöngu leyfð starfsfólki að vetri til og því er hættu utanaðkomandi óveruleg. Til að vernda viðhaldsteymi vegna ískasts við ísingaraðstæður verða eftirlits- og verkferlar til staðar til að halda hættu í lágmarki.


Fornleifar og menningarminjar

Deiliskráning fornleifa var gerð á 330 ha reit í fjalllendi í landi Garpsdals í Gilsfirði og á áhrifasvæði vegslóða vegna vindmyllugarðs. Skráning fornleifa var unnin af Fornleifastofnun Íslands 2018. Fram kemur að engin fornleif hafi fundist innan svæðisins en þrjár innan áhrifasvæðis vegar og tvær fast við það.

- A – 003021: Reiðhvammur, heimild um leið.
- B – 003034: Varða, hlutverk óþekkt.
- C – 003033: Hleðsla, hlutverk óþekkt.
- D – 003032: Tóft, hlutverk óþekkt.
- E – 003035: Gata, hlutverk leið.

Fram kemur í skýrslu að vitneskja sé um þrjár fornleifar innan áhrifasvæðis vegar, illgreinileg hleðsla, líklega varða, götuslóðar í Fögrugrösum og gamli þjóðvegurinn sem engin ummerki sjást lengur um innan áhrifasvæðis en tvær fornleifar í næsta nágrenni þess. Einnig kemur fram að samanlagt megi segja að áhrif framkvæmda á fornleifar takmörkuð og með aðgát ætti að vera hægt að komast hjá raski á þessum fornminjum. Ef óhjákvæmilegt reynist að raska fornminjum vegna framkvæmda þá sé það hlutverk Minjastofnunar Íslands að skera úr um hvort og með hvaða skilmálum fornleifa mega víkja við slíkar aðstæður.

³⁹ Vindorkugarður í Garpsdal. Frummatsskýrsla. Mat á umhverfisáhrifum. September 2020. Mannvit, EM orka.



Yfirlitsmynd sem sýnir vegstæði og fornminjar (Deiliskráning fornminja á Garpsdalsfjalli og nágrenni. Fornleifastofnun Íslands, 2018) Loftmynd: Loftmyndir ehf.

Samfélag

Í tengslum við umhverfismat framkvæmdar vann RHA, Hjalti Jóhannesson skýrslu „Garpsdalur Vindorkugarður, mat á áhrifum á samfélag“ sem höfð er til hliðsjónar í umfjöllun um samfélagsleg áhrif framkvæmdarinnar.

Landnotkun

Iðnaðarsvæði fyrir vindorkugarð var í fyrra aðalskipulagi skilgreint sem óbyggt svæði. Þar sem svæðið ofan 200 m y.s. er það ekki talið nýtilegt til ræktunar. Ætla má að lítil beit sé á svæðinu þar sem það er frekar gróðurnautt.

Efnahagur - atvinna og byggð

Íbúápróun í Reykhólahreppi hefur verið neikvæð ef borin eru saman árin 1998 og 2019 þar sem íbúum hefur fækkað um 23%, úr 335 í 258. Nokkur sveifla hefur þó verið á íbúafjölda en íbúar voru flestir 1998 en fæstir árið 2006.

Megin atvinnugreinar í Reykhólahreppi eru landbúnaður, framleiðsla og iðnaður og ýmiss þjónustustörf. Lítið hefur verið um nýjungar eða aukin atvinnutækifæri, þó hefur verið aukning í ferðaþjónustu. Tiltölulega fáir hafa verið skráðir atvinnulausir í sveitarfélaginu eða um 1 á mánuði síðustu ár. Í helstu niðurstöðum í mati á áhrifum á samfélag sem unnin var af Rannsóknamiðstöð Háskólans á Akureyri kemur m.a. fram að ferðaþjónusta hefur verið minni í Reykhólahreppi en í nágretta sveitarfélögunum Dalabyggð og Strandabyggð. Einnig kemur fram að manngerðara umhverfi geti breytt samsetningu ferðamanna og áhuga þeirra á að heimsækja tiltekna staði. Ólafsdalur er sá ferðamannastaður sem sé hvað viðkvæmastur og framkvæmdin muni raska ásjúnd og því yfirbragði sem fyrirhugað er að skapa í Ólafsdal á næstu árum. Í skýrslunni er vitnað í rannsókn á áhrifum Búrfellslundar á ferðaþjónustu og íbúa sem unnin var af Rannveigu Ólafsdóttur o.fl. 2015 og þar kemur m.a. fram að vindorkugarðar eigi sér lengri sögu erlendis og hafi þeir ekki leitt til fækkunar ferðamanna á landsvísi en samsetningin geti breyst.

Mengun og hljóðvist

Vindmyllur gefa frá sér hvin og eru vel sýnilegar ef þær eru staðsettar hátt í landi. Það svæði sem áætlað er undir vindmyllur er í um 5 km fjarlægð frá næstu bústöðum og er í um 500 m y.s. Næsti íbúi, í beinni sjónlínu, er í 7,5 km fjarlægð og því ólíklegt að hljóðmengun hafi neikvæð áhrif á íbúa. Innan framkvæmdarinnar er bæði vegagerð og uppbygging mannvirkja og undirstaða fyrir vindmyllurnar. Veglöggin frá Garpsdalsvegi (602) að framkvæmdasvæðinu liggur í jaðri vatnsverndarsvæðis Króksfjarðarness, vatnsverndarsvæði III, fjarsvæði vatnsbóla en brunnsvæðið sjálf er staðsett um 1 km austan við kaupfélagshúsið í Króksfjarðarnesi. Vatnsverndarsvæðið eins og það er sett út gengur yfir það svæði sem skilgreint hefur verið sem vatnasvið Garpsdalsvatns og Múlaár og gegn rennissstefnu á svæðinu samkvæmt vatnamælingum sem Sigurjón Rist gerði 1951.

Flugöryggi

Í fyrirhuguðu verkefni er gert ráð fyrir að vindmyllur verða allt að 159,5 m háar með spaða í efstu stöðu og að auki staðsettar á nánast efsta punkti Bakkasnjófjalla, í um og yfir 500 m h.y.s. Ganga verður úr skugga um að flugöryggis sé gætt í sambandi við framkvæmd og uppsetningu vindmyllanna. Fyrirhugaður vindorkugarður þarf að samræmast lögum um loftferðir nr. 60/1998 og reglugerð um flugvelli nr. 464/2007 ásamt því þarf að vera samráð flugöryggismál með Samgöngustofu áður en lokahönnun fer fram. Í frummatsskýrslu um mat á umhverfisáhrifum frá september 2020 er fjallað nánar um þennan þátt í kafla 4.9.2. Eftir samráð framkvæmdaraðila og Samgöngustofu í ágúst 2020 voru settar fram kröfur um ljósamerkingar á vindmyllum í Garpsdal og lagði Samgöngustofa til að sett yrðu ljós á nyrstu og syðstu vindmyllu, fyrst í 1. áfanga. Í fullbyggðum vindorkugarði yrðu svo ljós við ytri mörk garðsins í allar fjórar höfuðáttir. Ljósinn verður staðsett á vélhúsi vindmylla, verður hvít blikkandi og virk 24 tíma á dag. Ljósinn verður af hástyrk, gerð B, með lágmarksstyrk 100.000 kandela yfir daginn, 20.000 kandela í rökkri og 2.000 kandela á nóttunni. Í mati á umhverfisáhrifum verður fjallað nánar um þennan þátt og í deiliskipulagi verður kveðið nánar á um kröfur og skilyrði. Mikilvægt að merkingar á vindmyllum verði í samræmi við loftferðalög nr.60/1998 og nýja ákvörðun Samgöngustofu um merkingu og lýsingu hindrana sem tók gildi 15.september 2019.

4.17.4 Umhverfismat

Forsendur við mat á umhverfisáhrifum eru byggðar á þremur meginþáttum:

- Viðmiðum í lögum og reglugerðum og stefnumótun stjórnvalda.
- Greiningu sérfræðinga á einkennum áhrifa á einstaka umhverfisþætti.
- Umsögnum og athugasemdum lögboðinna umsagnaraðila, hagsmunaaðila og almennings sem kunna að liggja fyrir.

Við mat á vægi áhrifa á einstaka umhverfisþætti var stuðst við tiltekin viðmið s.s. stefnumörkun stjórnvalda, lög og reglugerðir. Í töflunni að neðan eru tekin saman þau umhverfisviðmið sem lögð eru til grundvallar í umhverfismatinu. Umhverfisviðmið eru notuð sem mælikvarði eða vísir til að meta einkenni og vægi þeirra áhrifa sem framkvæmdirnar hafa í för með sér.

Lagt var mat á þau áhrif sem vindorkugarður hefur í för með sér út frá A-kosti, þ.e. Uppbyggingu vindmyllugarðs á Garpsdal og út frá B-kosti þ.e. óbreyttu ástandi. Metin voru áhrif á eftirfarandi þætti:

- Landslag og ásýnd.
- Fugla og dýralíf.
- Gróður og vistgerðir.
- Fornleifar og menningarminjar.
- Landnotkun.
- Efnahagur, atvinna og byggð.
- Mengun og hljóðvist.

Umhverfisviðmið	
NÁTTÚRA	<p>Lög nr. 60/2013 um náttúruvernd.</p> <p>→ 2. gr. Verndarmarkmið fyrir vistgerðir, vistkerfi og tegundir.</p> <p>→ 3. gr. Verndarmarkmið fyrir jarðminjar, vatnasvæði, landslag og víðerni.</p> <p>→ 61. gr. Sérstök vernd tiltekinni vistkerfa og jarðminja.</p> <p>→ 69. gr. Hönnun mannvirkja.</p> <p>Náttúruminjaskrá.</p> <p>→ Verndargildi skv. náttúruminjaskrá. Megineinkenni landslags, s.s. ósnortið/náttúrulegt yfirbragð landslags, form, litauðgi, fjölbreytni og heildstæði landslags.</p> <p>Válisti Náttúrufræðistofnunar Íslands fyrir plöntur.</p> <p>Listi yfir friðlýstar plöntur.</p> <p>Velferð til framtíðar, sjálfbær þróun í íslensku samfélagi, stefnumörkun til 2020.</p> <p>→ Kafli 11 um sjálfbæra gróðurnýtingu og endurheimt landgæða.</p> <p>Vatnalög nr. 20/2006.</p> <p>Lög nr. 64/1994 um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum.</p> <p>Válisti Náttúrufræðistofnunar Íslands yfir fugla 2018.</p> <p>Náttúruverndaráætlun.</p> <p>Lög um vernd Breiðafjarðar nr. 54/1995.</p> <p>→ Verndaráætlun fyrir Breiðafjörð 2014-2019.</p>
MINJAR	<p>Lög um menningarminjar nr. 80/2012.</p> <p>→ 1. gr. Staðir sem tengjast menningarsögu, teljast menningarminjar ummerki um sögu þjóðarinnar, svo sem fornminjar, menningar- og búsetulandslag, kirkjugripir og minningarmörk, hús og önnur mannvirki, skip og bátar, samgöngutæki, listmunir og nytjahlutir, svo og myndir og aðrar heimildir um menningarsögu þjóðarinnar.</p> <p>→ 3. gr. Fornminjar (forngrípír og fornminjar) Fornleifar teljast hvers kyns mannvistarleifar, á landi, í jörðu, í jökli, sjó eða vatni, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og eru 100 ára og eldri.</p>
SAMFÉLAG	<p>Skipulagslög nr. 123/2010 m.s.br.</p> <p>Aðalskipulag Reykhólahrepps 2006-2018.</p> <p>Landsskipulagsstefna 2015-2026.</p> <p>→ Kafli 2.5. Orkumannvirki og örugg afhending raforku í sátt við náttúru og umhverfi.</p>

	→ Kafli 3.4. Samkeppnishæf samfélög og atvinnulíf. Hagtölur yfir mannfjölda, Hagstofa Íslands. Velferð til framtíðar. Sjálfbær þróun í íslensku samfélagi til 2020.
HEILSA OG ÖRYGGI	Lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir. Reglugerð nr. 724/2008 um hávaða. Reglugerð um neysluvatn nr. 536/2001. Skipulagsreglugerð nr. 90/2013. Aðalskipulag Reykhólahrepps 2006-2018.

Við matið verður notast við eftirfarandi skilgreiningar á vægi:

Vægi áhrifa	Skýring
Jákvæð áhrif á umhverfisþátt +	Áhrif áætlunar á umhverfisþátt/-þætti bæta hag mikils fjölda fólks og/eða hafa jákvæð áhrif á umfangsmikið svæði. Sú breyting eða ávinningur sem hlýst af framkvæmdinni/áætluninni er oftast varanleg. Áhrifin eru oftast svæðis- eða landsbundin en geta einnig verið staðbundin.
Óveruleg/óljós áhrif á umhverfisþátt eða á ekki við 0/?	Áhrif áætlunar á umhverfisþátt/-þætti eru minniháttar, m.t.t. umfangs svæðis og viðkvæmni þess fyrir breytingum ásamt fjölda fólks sem verður fyrir áhrifum. Áhrifin eru í mörgum tilfellum tímabundin og að mestu afturkræf. Áhrifin eru oftast stað- eða svæðisbundin. Ekki er vitað um eðli eða umfang umhverfisáhrifa á tiltekna umhverfisþætti, m.a. vegna skorts á upplýsingum, tæknilegra annmarka eða skorts á þekkingu. Það getur verið unnt að afla upplýsinga um áhrifin með frekari rannsóknum eða markvissri vöktun.
Neikvæð áhrif á umhverfisþátt -	Áhrif áætlunar á umhverfisþátt/-þætti skerða umfangsmikið svæði og/eða svæði sem er viðkvæmt fyrir breytingum, m.a. vegna náttúrufars og fornminja, og/eða rýra hag mikils fólks. Sú breyting eða tjón sem hlýst af framkvæmdinni er oftast varanleg og yfirleitt óafturkræft. Áhrifin eru oftast á svæðis-, lands- og/eða heimsvísu en geta einnig verið staðbundin.

Við umhverfismatið var stuðst við leiðbeiningar Skipulagsstofnunar, annars vegar um umhverfismat áætlaða og hins vegar um flokkun umhverfisþátta, viðmið, einkenni og vægi umhverfisáhrifa. Fjölmargar rannsóknir hafa verið gerðar í tengslum við áætlaða framkvæmd sem nýttar voru við matið.

Uppbygging vindorkugarðs í Garpsdal Reykhólahreppi				
Umhverfisþættir				
Landslag og ásynd	<p>Pað svæði sem skilgreint er sem iðnaðarsvæði er um 4,37 km² að flatarmáli í um 500 m y.s. Yfirbragð svæðisins einkennist af stórgryttum og lítt grónum mel. Engin byggð er á eða í nálægð við svæðið en vegna hæðar og staðsetningar er svæðið nokkuð sýnilegt frá byggð. Innan svæðisins er áætlað að reisa um 21 vindmyllu sem tengdar verða safnstöð með jarðstreng. Vegstæði eru áætluð innan svæðisins.</p> <p>Ásynd: Þær vindmyllur sem rísa munu á svæðinu eru um 158 m á hæð og bera því við himinn í ásyndinni. Unnar hafa verið og kynntar íbúum sveitarfélagsins sýnileikamyndir sem eiga að gefa góðar upplýsingar um þau áhrif sem uppbyggingin hefur á ásynd svæðisins. Önnur áhrif sem uppbyggingin hefur í för með sér er aðkoma að svæðinu og tengingar við flutningsnetið.</p> <p>Vegagerð: Aðkoman er áætluð eftir núverandi vegslóða, um 6,5 km, sem verður byggður upp að því marki sem nauðsynlegt er vegna starfseminnar en vegurinn er ekki ætlaður til almennrar umferðar. Áætlað er að vegurinn verði um 4 m breiður auk vegfláa sem geta orðið mismiklir. Rannsóknir hafa verið unnar sem snúa að þeirri veglög til þess að lágmarka neikvæð áhrif hennar á umhverfið og verður veginum hnikað eitthvað til á einstaka stöðum ef þörf er á. Núverandi vegslóði liggur að hluta um starungsmýrarvist en áætlað er að hnika fyrirhuguðum vegi frá mýrinni.</p> <p>Tenging við spennistöð Landsnets í Geiradal sem er í um 6 km fjarlægð er áætluð með jarðstreng.</p>			
	Valkostur A	-	Valkostur B	0
	<p>Vegna staðsetningar og hæðar hafa vindmyllur á Garpsdal óhjákvæmilega neikvæð sjónræn áhrif en þessu áhrif eru afturkræf þar sem hægt er að fjarlægja myllurnar. Unnar hafa verið sýnileika myndir sem kynntar hafa verið þeim sem fyrir áhrifum verða. Helstu framkvæmdir sem fela í sér jarðrask á svæðinu er uppbygging undirstaða fyrir myllurnar, mannvirki því tengd og lagning jarðstrengs. Öll mannvirkjagerð í óbyggðu landi hefur neikvæð áhrif en að líftíma loknum munu áhrifin vera staðbundin innan svæðisins. Vegagerð er einnig innslag í land en þar sem uppbygging verður að mestu á núverandi vegslóða eru áhrif vegagerðarinnar á umhverfisþáttinn óveruleg frá núverandi ástandi. Við lagningu jarðstrengs er áætlað að um 12 m belti raskist en lögð verður áhersla á góðan frágang þannig að ummerki framkvæmdarinnar verði sem minnst. Áhrif á umhverfisþátt neikvæð.</p>		<p>Óveruleg áhrif á umhverfisþátt þar sem ekki er um neinar breytingar frá þeim áætlunum sem í gildi eru.</p>	
Fuglar og dýralíf	<p>Iðnaðarsvæðið er í nálægð við Breiðafjörð sem er mikilvægt fuglasvæði einkum vegna sjófugls og er Breiðafjörður eitt aðalvarpsvæði hafarnar á Íslandi. Arnarvarpstaður er í um 8 km fjarlægð frá svæðinu. Ef teknar eru saman niðurstöður kannana á nærsvæði og á framkvæmdasvæði þá sáust alls 43 af 75 varpfuglum á Íslandi. Rjúpur voru í miklum meirihluta þeirra fugla sem taldir voru og þá sérstaklega síðla hausts og drógu að sér ránfugl. Aðrir algengir fuglar sem sáust á eða í nágrenni við svæðið voru lóa, snjóttlingur, heiðagæs og hrafn. Svæðið er frekar gróðurnautt og dýralíf fábrotið og ekki talin ástæða til rannsókna á áhrifum á það.</p>			

	Valkostur A	0	Valkostur B	0
	<p>Á rannsóknarsvæðinu sáu 14 tegundir fugla í öllum könnunum og af þeim eru þrjár tegundir sem metnar eru í hættu (EN) og þrjár sem metnar eru í nokkurri hættu (VU). Skráðar voru 43 fuglategundir sem sáu í öllum könnunum á framkvæmdasvæðinu og á nærsvæðum. Síðla hausts safnaðist rjúpa fyrir þar sem hún leitaði í fannir og dró hún að sér ránfugl. Ekki kom fram að farleið fugla lægi yfir svæðið og hætta á áflugi því lítil. Gera má ráð fyrir að fuglar fælist frá svæðinu sérstaklega á framkvæmdatíma en einnig á rekstrartíma vegna umferðar og athafna og leiti á önnur svæði. Landið liggur hátt og lítið er um gróður á svæðinu þetta gerir það að verkum að dýra og fuglalíf er frekar fábrotið. Helst er það rjúpan sem safnast þarna saman seint á haustin en gera má ráð fyrir að hún leiti annað þegar til framkvæmda kemur. Áhrif á umhverfisþátt er metin óveruleg.</p>		<p>Óveruleg áhrif á umhverfisþátt þar sem ekki er um neinar breytingar frá þeim áætlunum sem í gildi eru.</p>	
Gróður og vistgerðir	<p>Svæðið sem rannsakað var tekur yfir framkvæmdasvæðið og vegstæði, 100 m út frá miðlínu vegar en áætlað er að heildarbelti sem gæti raskast muni nema um 7-12 m. Vegurinn liggur frá láglandi upp á hálandi og gróður því fjölbreyttur. Á framkvæmdasvæðinu er hálendisvistlendi ríkjandi og almennt nokkuð fábrotið og einsleitt svæði. Þar sem er fyrirhugað vegstæði eru vistgerðir með hátt eða mjög hátt verndargildi víða, m.a. starungsmýrarvist og finnugsvist en veglagn er áætluð ofan á núverandi slóða að svæðinu. Á athugunarsvæðinu voru kortlögð tvö votlendissvæði sem njóta verndar. Ekki hafa fundist friðlýstar tegundir eða tegundir á valista á því svæði sem verður fyrir áhrifum af framkvæmdinni. Í skýrslunni kemur fram að áhrif framkvæmda á gróður eru einkum óafturkræf röskun á gróðurhulu þar sem vegslóði verður breikkaður og færður til, auk þess svæðis sem raskast uppi á fjallinu við uppsetningu vindmylla. Fram kemur að mikilvægt sé að hlífa votlendissvæðum og forgangsvistgerðum eins og hægt er og huga þurfi vel að raski í votlendi. Fram kemur að veglínu verði hnikað til og hún færð frá mýrinni. Einnig kemur fram að þegar gróðri er raskað í bröttum hlíðum þurfi að gæta varkárni þar sem jarðvegur er óstöðugur. Mikilvægt er að taka mið af umhverfinu þegar uppgræðslu aðferðir eru valdar og halda raski á gróðri í lágmarki.</p>			
	Valkostur A	0	Valkostur B	0
	<p>Við allar framkvæmdir á að halda raski í lágmarki en framkvæmdir og uppbygging á öröskuðu landi eru ávallt neikvæðar. Á framkvæmdasvæðinu sjálfu verður tekið tillit til votlendis en eitt votlendissvæði var kortlagt innan þess. Votlendi er ekki góður grunnur fyrir þær framkvæmdir sem áætlaðar eru á svæðinu en gera má þó ráð fyrir einhver breyting verði á flæði vatns innan svæðisins. Fyrirhugað er að byggja upp núverandi vegslóða og vegurinn færður frá mýrinni en núverandi vegslóði liggur í dag yfir votlendi sem var kortlagt í rannsókn á gróðri. Þar sem leitast er við að nýta núverandi veg og byggja hann upp er rask vegna vegagerðar lágmarkað eins og mögulegt er. Innan framkvæmdasvæðis og vegstæðis fundust engar friðlýstar tegundir eða tegundir á valista. Að því gefnu að raski verði haldið í lágmarki og</p>		<p>Óveruleg áhrif á umhverfisþátt þar sem ekki er um neinar breytingar frá þeim áætlunum sem í gildi eru.</p>	

	vindmillur verði ekki staðsettar innan votlendis og settar verði fram mótvægisáðgerðir ef einhver skerðing verður á votlendi við framkvæmdina, er áhrif á umhverfisþátt metin óveruleg.			
Fornleifar og menningarm injar	Deiliskráning fornleifa var gerð á 330 ha reit í fjalllendi í landi Garpsdals í Gilsfirði og á áhrifasvæði vegslóða vegna vindmyllugarðs var unnin Fornleifastofnun Íslands, 2018. Fram kemur að engar fornleifar hafi fundist innan svæðisins en þrjár innan áhrifasvæðis vegar og tvær fast við það. Einnig kemur fram að samanlagt megi segja að áhrif framkvæmda á fornleifar sé takmörkuð og með aðgát ætti að vera hægt að komast fram hjá riski á þeim.			
	Valkostur A	0	Valkostur B	0
	Fullt tillit verður tekið til fornleifa og áhrif framkvæmdarinnar á umhverfisþátt því óveruleg.		Óveruleg áhrif á umhverfisþátt þar sem ekki er um neinar breytingar frá þeim áætlunum sem í gildi eru.	
Landnotkun	Í Aðalskipulagi Reykhólahrepps 2006-2018 var svæðið skilgreint sem óbyggt svæði sem breytist í iðnaðarsvæði. Skilgreiningin fyrir landbúnaðarland nær yfir allt land lögbýla sem nýtt er til landbúnaðar neðan 200 m y.s. Svæðið fyrir vindorkuver er í um 500 m y.s., grýtt og frekar gróðursnautt. Það hefur ekki verið nýtt til landbúnaðar, hvorki til ræktunar né beitar.			
	Valkostur A	0	Valkostur B	0
	Með uppbyggingu á vindorkugarði er ekki verið að skerða landbúnaðarland eða aðra nýtingu. Áhrif á umhverfisþátt er óveruleg.		Óveruleg áhrif á umhverfisþátt þar sem ekki er um neinar breytingar frá þeim áætlunum sem í gildi eru.	
Efnahagur, atvinna og byggð	Áhrif á samfélag eru þó nokkrar en helst hefur framkvæmdin áhrif á atvinnuframboð bæði við rekstur vindmyllugarðsins og möguleika til reksturs fyrirtækja sem eykst með öruggri afhendingu rafmagns. Aukið atvinnuframboð hefur þá bein áhrif á íbúabróun innan sveitarfélagsins og í aðliggjandi sveitarfélögum. Raforkuframleiðsla stuðlar að öruggri afhendingu rafmagns sem gerir svæðið fýsilegra með tilliti til staðsetningu fyrirtækja sem byggja rekstur á rafmagni. Einnig gerir traust afhending á rafmagni tækifæri til framþróunar í landbúnaði sem hefur, undan farin ár byggst meira og meira á rafdrifnum tækniþúnaði. Staðsetning og útfærsla hefur áhrif ásýnd og er áhrifasvæðið nokkuð stórt og getur haft neikvæð áhrif á ferðaþjónustu.			
	Valkostur A	+	Valkostur B	-
	Samfélagsleg áhrif uppbyggingar og reksturs vindmyllugarðsins á atvinnuframboð er verulega jákvæð. Þau störf sem skapast eru fjölbreytt og henta breiðum hópi fólks. Þó svo að ekki hafi verið mikið um atvinnuleysi í sveitarfélaginu þá hefur íbúum fækkað síðustu ár. Ein af meginstöðum við rekstur á fyrirtækjum er gott rekstarumhverfi og öryggi í afhendingu á rafmagni oft grundvallarþáttur. Með uppbyggingunni styrkist sá liður sem hefur verið einn sá veikasti í sveitarfélaginu og í nágretta sveitarfélögum. Afhendingaröryggi rafmagns hefur einnig mjög jákvæð áhrif á þann rekstur sem nú þegar er til staðar s.s. landbúnaði þar sem tækniþróunin hefur verið ör og tölvubúnaðar nýttur meira og meira við framleiðsluna. Í Reykhólahreppi eins og víðar á landinu hefur ferðaþjónusta vaxið nokkuð og því hafa spurningar vaknað um áhrif		Íbúum í sveitarfélaginu hefur fækkað síðustu ár og ef ekki verður gripið til aðgerða má gera ráð fyrir áframhaldandi fækkun. Áhrif á umhverfisþátt er neikvæð.	

	<p>uppbyggingarinnar á greinina enda engin reynsla, hérlendis komin á áhrif vindmylla á ferðaþjónustu. Í rannsókn á samfélagslegum áhrifum kemur fram að einn ferðamannastaður er sérstaklega viðkvæmur. Í skýrslunni er einnig vitnað í rannsókn Rannveigar Ólafsdóttur o.fl. 2015 á áhrifum Búrfellslundar á ferðaþjónustu og íbúa þar sem fram kemur að erlendis þar sem vindorkugarðar eiga lengri sögu, hafi ekki leitt til fækkunar ferðamanna á landsvísi. Einnig kemur fram að samsetning og áhugi ferðamanna geti breyst. Áhrif á umhverfispátt er mjög jákvæð.</p>			
<p>Mengun og hljóðvist</p>	<p>Sú mengun sem fylgir vindmyllugarði er helst á framkvæmdatíma þar sem fram fer vegagerð, uppbygging mannvirkja og undirstaða fyrir vindmyllur og flutningur þeirra á svæðið. Vindmyllur gefa frá sér hvin en samkvæmt reglugerð nr. 724/2008 um hávaða skal hljóðstig á kyrrlátu svæði í dreifbýli ekki fara yfir Lden 40 dB(A). Ráðgerður vegur mun liggja í jaðri vatnsverndarsvæðis III, fjarsvæðis vatnsbóla. Samkvæmt rannsóknum sem Sigurjón Rist gerði 1951 gengur vatnsverndarsvæðið yfir það svæði sem Sigurjón skilgreindi sem vatnasvið Garpsdalsvatns og Múlaár.</p>			
	<p>Valkostur A</p>	<p>0</p>	<p>Valkostur B</p>	<p>0</p>
	<p>Á framkvæmdatíma má gera ráð fyrir mengun vegna uppbyggingar innan svæðisins, vegna vegagerðar og flutnings á vindmyllum, efnis og tækjum á svæðið. Sú framleiðsla á rafmagni sem fram fer eftir að uppbyggingu er lokið er þó ein umhverfisvænasta sem möguleg er í dag og að stærstum hluta afturkræf. Vindmyllur gefa frá sér hvin sem getur haft neikvæð áhrif á aðliggjandi svæði. Fjarlægð frá vindmyllugarðinum að næsta bæ er um 5 km og ólíklegt að hljóð berist þangað í þeim styrk sem tiltekinn er í reglugerð um hávaða. Rannsókn mun vera gerð á hljóðvist. Skilgreining á vatnsverndarsvæði III, fjarsvæði virðist nokkuð rúm og gengur þvert á þær rannsóknir sem gerðar voru á vatnasvið Garpsdalsvatns og Múlaár af Sigurjóni Rist. Að þessu gefnu er ólíklegt að framkvæmdin hafi áhrif á neysluvatnsbrunn við Króksfjarðarnes. Áhrif á umhverfispátt er óveruleg.</p>		<p>Óveruleg áhrif á umhverfispátt þar sem ekki er um neinar breytingar frá þeim áætlunum sem í gildi eru.</p>	

4.17.5 Niðurstaða umhverfismats

Í umhverfismatinu voru 7 umhverfispættir metnir og voru áhrif metin óveruleg í flestum liðum í báðum kostum. Kostur – A var neikvæður á landslag og ásýnd enda uppbyggingin í öröskuðu landi sem liggur hátt. Áhrif vindmyllugarðs á efnahag, atvinnu og byggð er mjög jákvæð en Reykhólahreppur eitt er þeirra fjölmörgu sveitarfélaga á landinu sem glímt hefur við fólksfækkun. Ný atvinnustarfsemi hleypir nýju blóði í samfélagið og tækifæri skapast fyrir rekstur fyrirtækja á svæðinu með traustri afhendingu á rafmagni. Rafmagnsöryggi hefur einnig jákvæð áhrif á landbúnað. Áhrif vindorkugarðs á ferðaþjónustu er neikvæð. Til þess að lágmarka neikvæð áhrif framkvæmdarinnar á landslag og ásýnd þarf að huga vel að litavali og lágmarka alla lýsingu á svæðinu en taka þarf tilliti til

flugumferðar. Raski skal haldið í lágmarki og sérstök aðgát skal höfð við framkvæmdir nærri votlendi og staðsetja vindmyllur ekki inn á vistfræðilega mikilvægu landi. Landslag skal fært aftur til fyrra horfs eins og mögulegt er og vegskeringar aðlagðar landslagi og græddar upp með hliðsjón af gróðurfari svæðisins. Raforkuframléiðsla með vindmyllum er umhverfisvæn orka sem hefur minni umhverfisáhrif til framtíðar en margar aðrar orkuvinnsluaðferðir sem flokkast undir umhverfisvæna orku. Stór hluti vindmyllugarða eru afturkræfir en þeir hafa aftur á móti sjónræn áhrif þegar vindorkuver er í rekstri, það er möstur geta verið sýnileg við sjóndeildarhringinn.

4.17.6 Heimildaskrá aðalskipulagsbreytingar vegna vindorkugarðs í Garpsdal

- Aðalskipulag Reykhólahrepps 2006-2018.
- EFLA, LUC. Landslag á Íslandi. Flokkun og kortlagning landslagsgerða á landsvísu. 17.11.2020. https://www.skipulag.is/media/landsskipulagsstefna-vidbaetur/Skyrslan_Lokaeintak-2-.pdf
- Landsskipulagsstefna 2015-2026.
- Skipulagslög nr. 123/2010.
- Lög nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum.
- Lög nr. 105/2006 um umhverfismat áætlana.
- Lög nr. 80/2012 um menningarminjar.
- Lög nr. 60/2013 um náttúruvernd.
- Lög nr. 54/1995 um vernd Breiðafjarðar.
- Lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.
- Vatnalög nr. 20/2006.
- Verndaráætlun Breiðafjarðar 2014-2019.
- Náttúruminjasrá.
- Náttúrufræðistofnun Íslands 2019. Vistgerðarkort.
- Náttúrufræðistofnun Íslands 1996. Válisti 1. Plöntur. Náttúrufræðistofnun Íslands. Reykjavík.
- Náttúrufræðistofnun Íslands 1996. Válisti 2. Fuglar. Náttúrufræðistofnun Íslands. Reykjavík.
- Náttúruverndarráð 1996. Náttúruminjasrá 7. útgáfa. Náttúruverndarráð. Reykjavík.
- Náttúrufræðistofa Austurlands. Höfundar: Elín Guðmundsdóttir, Guðrún Óskarsdóttir og Kristín Ágústsdóttir. Gróður í Garpsdal og á Hrauni við Gilsfjörð. Rannsóknir vegna fyrirhugaðs vindmyllugarðs. Desember 2019.
- Reglugerð nr. 772/2012 um framkvæmdaleyfi.
- Reglugerð nr. 724/2008 um hávaða.
- Skipulagsreglugerð nr. 90/2013.
- Skipulagsstofnun (2007). Leiðbeiningar um umhverfismat áætlana.
- Velferð til framtíðar, sjálfbær þróun í íslensku samfélagi, stefnumörkun til 2020.
- Fornleifastofnun Íslands, 2018. Deiliskráning fornleifa í landi Garpsdals í Gilsfirði vegna vindmyllugarðs og vegalagnar.
- Mannvit (2019). Allt að 130 MW vindorkugarður í Garpsdal.
- Mannvit (2020). Jarðfræðiskýrsla – Garpsdalur.
- Náttúrustofa Austurlands, 2019. Fuglalíf á Hrauni á Garpsdal og nærliggjandi svæðum – Rannsóknir vegna fyrirhugaðs vindmyllugarðs.
- RHA 2019. Garpsdalur – Vindorkugarður, mat á áhrifum á samfélag. Höfundur: Hjalti Jóhannesson.
- Sigurjón Rist, (1951). Múlaá, Barðastrandasýslu. Virkjunaraðstaða. Vatnamælingar. Reykjavík.

4.18 Heildaráhrif aðalskipulagstillögu

Yfirlit yfir áhrif aðalskipulagstillögunnar á einstaka umhverfisþætti er sett fram í töflunni að neðan, að frátöldum áhrifum vindorkugarðs í Garpsdal en gerð er sérstök grein fyrir þeim í kafla 4.17 í samræmi við áður samþykktu aðalskipulagsbreytingu. Yfirlitið að neðan sýnir að aðalskipulagstillagan í heild sinn er metin samræmi við skilgreind umhverfisviðmið og því telst hún hafa jákvæð áhrif á umhverfi, efnahag og samfélag. Ekkert ósamræmi við umhverfisviðmið var greint en óvissa er um áhrif á yfirborðsvatn þar sem vatn hefur ekki verið flokkað skv. reglugerð nr. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns.

Tákn	Merking
+	Samræmi – stefnan styður við viðkomandi umhverfisviðmið (jákvæð áhrif)
Ó	Óverulegt – stefnan styður viðkomandi umhverfisviðmið að óverulegu leyti eða að hluta til
-	Ósamræmi – stefnan styður ekki eða gengur gegn viðkomandi umhverfisviðmiði (neikvæð áhrif)
áev	Á ekki við – stefnan tengist ekki umhverfisviðmiðinu með beinum hætti

Umhverfisþáttur	Mat á samræmi við umhverfisviðmið
Berggrunnur	+
Jarðvegur	+
Yfirborðsvatn	Ó
Grunnvatn	+
Jarðhiti	+
Sjór	+
Loft og veðurfar	+
Gróður	+
Lífriki	+
Landslag	+
Menningarminjar	+
Sögur og sagnir	+
Mannauður og búseta, þ.m.t. Íbúðar- og frístundabyggð	+
Samfélagsþjónusta	+
Atvinnulíf	+
Stofnkerfi	+

Í töflunni hér fyrir neðan er tekið saman hvaða Heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna meginmarkmið aðalskipulagstillögunnar tengjast helst⁴⁰.

Meginmarkmið aðalskipulags	Heimsmarkmið									
	3	6	7	8	9	11	12	13	14	15
Búseta og byggðarmynstur Að skipulag styðji við búsetu í þéttbýli og dreifbýli og stuðli að því að byggðarmynstur í sveitarfélaginu og bæjarmynd Reykhóla og Flateyjar taki mið af sögu og sérkennum lífríkis og landslags.										
Vistkerfi og auðlindir Að skipulag stuðli að sjálfbærri nýtingu auðlinda og góðri umgengni um þær til að tryggja heilbrigði vistkerfa og hagsæld samfélagsins til langs tíma litið.										
Atvinnustarfsemi Að skipulag skapi góðar aðstæður fyrir atvinnulíf sem byggist á sjálfbærri nýtingu menningar- og náttúruauðlinda til lands og sjávar.										
Samfélagsþjónusta og menningarlíf Að skipulag skapi góða umgjörð fyrir samfélagsþjónustu og menningarlíf.										
Landslag, minjar og lífríki Að skipulag og staðarmótun taki mið af sérkennum landslags, lífríkis og minja.										
Útivist og afþreying Að skipulag stuðli að heilsueflandi umhverfi með góðum aðstæðum til útivistar og íþróttaiðkunar.										
Samgöngur Að skipulag í dreifbýli tryggi öruggt og greiðfært vegakerfi sem styður við byggðapróun í sveitarfélaginu. Að skipulag í þéttbýli tryggi öruggar götur og göngu- og hjólavænt umhverfi.										
Veitukerfi Að skipulag stuðli að öruggum veitukerfum styðja sem best við þróun og nýsköpun í samfélaginu, í sátt við náttúru og samfélag.										
Náttúruvá Að skipulag taki mið af öryggi íbúa og mannvirkja.										

⁴⁰ Sjá nánar um Heimsmarkmið sameinuðu þjóðanna [hér](#).